HELGIN 26



Nóam Óli braut blað

LÍFIÐ 38



Páll Óskar minnist þess besta

Sparaðu tíma og gerðu einfaldari innkaup á netto.is

netto

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR 2023

Búið að vera brjálæðis hark

Leikkonan Vivian Didriksen Ólafsdóttir fór ekki hefðbundna leið að draumnum um að verða kvikmyndaleikkona enda einstæð fjögurra barna móðir sem átti stutt í fertugt þegar stóra tækifærið kom, aðalhlutverkið í Napóleonsskjölunum. ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HELGIN 22

Alltaf stutt í grínið

ÍÞRÓTTIR 14

Ofurskálin á sunnudaginn

Ríkissáttasemjari fari ekki að lögum

bth@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður og fyrrverandi hæstaréttardómari, telur að ríkissáttasemjara sé ekki lagalega stætt á að semja við Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar, um að ekki verði borið undir dómstóla ef Landsréttur synjar sáttasemjara um aðgang að félagaskrá.

„Þessi embættismaður íslenska ríkisins hefur enga heimild til að afsala sér dómstólavernd. Íslensk lög veita honum heimildir til að gæta réttar almennings og honum ber að nýta þær," segir Jón Steinar um Aðalstein Leifsson ríkissáttasemjara.

> Sátti hefur ekki heimild til að semja svona við einhverja svona konu úti í bæ.

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari

Jón Steinar segir að Aðalsteini beri að reyna að semja við „kröfugerðarkonuna í verkalýðshreyfingunni", eins og hann kallar Sólveigu Önnu. En ef Landsréttur synji honum um aðgang að félagaskrá verði að bera þá niðurstöðu undir dómstóla.

„Sátti hefur ekki heimild til að semja svona við einhverja svona konu úti í bæ," segir Jón Steinar.

Jón Steinar segist engin dæmi vita um að embættismaður hafi áður samið við „þann sem óróanum veldur" um að sá verði ekki fyrir frekari truflun.

„Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem svona kemur upp," segir hann. Fólkið í landinu verði að geta treyst að mál séu borin undir dómstóla ef lög kunna að vera brotin.

„Ég ráðlegg ríkissáttasemjara að lýsa því yfir að hann geti ekki staðið við svona samkomulag."

Jón Steinar segist þó vona að Landsréttur staðfesti héraðsdóm, því að þar með yrði málinu lokið. ■

Saga Matthildur vann

Saga Matthildur Árnadóttir var í gærkvöld krýnd sigurvegari Idol stjörnuleitar Stöðvar 2. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Saga áður keppt í söng, en 2015 keppti hún í Söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Saga er 24 ára og stundar nám við Háskóla Íslands í tómstunda- og félagsfræði og starfar í félagsmiðstöð. Í samtali við Fréttablaðið fyrir úrslitakvöldið sagðist hún ekki hafa búist við að komast í úrslitin. MYND/VILHELM

Skjálftar hafnir á ný við Reykjanes

gar@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Tveir skjálftar yfir þremur að stærð urðu undan Reykjanesi á áttunda tímanum í gærkvöldi. Urðu fimmtán skjálftar yfir tveimur á stuttum tíma.

Samkvæmt fyrstu mælingum var stærsti skjálftinn 3,7 að styrkleika og varð hann klukkan 19.45.

„Er þetta stærsti skjálfti sem orðið hefur á þessu svæði frá því eldgosið í Meradölum hófst í byrjun ágúst á síðasta ári," sagði um þann skjálfta á Facebook-síðu Eldfjalla- og náttúruvárhóps Suðurlands rétt eftir að hrinan hófst. Ekki höfðu orðið aðrir skjálftar yfir þremur að stærð áður en Fréttablaðið fór í prentun. ■

GLEYM MÉR EI
RÁÐSTEFNA
19. APRÍL 2023 Á HILTON NORDICA OG Í STREYMI
Í tilefni af 10 ára afmæli Gleym mér ei styrktarfélags verður efnt til ráðstefnu um missi í barneignarferlinu. Ráðstefnan er ætluð heilbrigðisstarfsfólki og er í samstarfi við Háskóla Íslands, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Landspítala og Ljósmæðrafélag Íslands.
Kaupa miða:
https://gmeradstefna.is/

Kennir nýbúum íslenskuna með ukulele sem leynivopn

Þráinn Árni Baldvinsson, kennari og tónlistarmaður, hefur verið að kenna erlendum börnum íslensku í gegnum tónlist. Þekkingarnet Þingeyinga vildi prófa sömu aðferð fyrir fullorðna og hófst kennsla í vikunni með ukuleleleik og söng.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Maður lærir betur að syngja um hlutina frekar en að tala um þá. Maður kann til dæmis að syngja með Rammstein en það er erfiðara að setjast niður með bók og lesa þýsku," segir Þráinn Árni Baldvinsson, kennari og tónlistarmaður.

Þráinn hefur þróað kennsluaðferð þar sem hann kennir nýbúum íslensku í gegnum tónlist.

Tilraunaverkefni tónlistarskóla Þráins, Tónabrúar, og Þekkingarnets Þingeyinga, hófst á mánudag á Húsavík. Þráinn verður með tvo hópa, annars vegar í staðnámi og hins vegar í fjarnámi.

„Þetta er fólk sem kann enga íslensku og ætlar að læra íslensku mestmegnis í gegnum tónlistina. Ég er núna búinn að hitta hóp á hverju kvöldi í heila viku og kenna honum á ukulele og svo erum við að spila og syngja. Allt frá barnalögum og upp í nánast hvað sem er.

Í næstu viku byrjar fjarkennslan og þá kemur fólk frá Þórshöfn, Mývatnssveit og annars staðar að norðan, sem fær sent ukulele til sín og hittir mig á Zoom. Allir fá tíu klukkutíma," segir Þráinn.

Verkefnið fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu sem er fræðslusjóður atvinnulífsins en hugmyndin kviknaði hjá Þráni með Erlu Guðrúnu Gísladóttur þegar þau kenndu saman í Norðlingaskóla. Erla stýrir íslenskukennslu fyrir erlend börn í Breiðholtsskóla og er Dóra Ármannsdóttir með honum í þessu verkefni.

Þráinn ásamt nemendum sínum sem koma frá Brasilíu, Kanada, Tékklandi, Spáni og Englandi. MYND/AÐSEND

> Þau spila lög sem þau fíla.
>
> Þráinn Árni Baldvinsson, tónlistarmaður og kennari

„Þetta er sama aðferðafræði sem við Erla notuðum og gerðum með krakkana og er eitthvað sem maður þekkir sjálfur. Flest allt sem maður kann í öðrum tungumálum er í gegnum tónlist. Maður kann til dæmis Meistari Jakob á frönsku.

Dóra tekur svo við hópnum og kafar betur ofan í textana sem við erum að syngja. Við vorum til dæmis að syngja Upp á fjall í viku og fólk tengir við það."

Að sögn Þráins er hópurinn sem hann er með ákaflega móttækilegur fyrir íslenskunni.

„Þau spila lög sem þau fíla. Ein stelpa frá Kanada sem er hjá mér hlustar til dæmis á Kaleo þannig að hún ákvað að hlusta á Vor í Vaglaskógi með þeim," segir Þráinn.

Til að læra tungumál segir Þráinn að bara eigi að gera það sem viðkomandi hafi áhuga á.

„Hvort sem það er tónlist eða myndmennt eða eitthvað álíka. Svo er hægt að kenna viðtengingarhátt," segir Þráinn. ■

Meistari Jakob á frönsku

Frère Jacques, frère Jacques
Dormez vous, dormez vous
Sonnez les matines, sonnez les matines,
Ding ding dong, ding ding dong.

SAMSÖLU BAKARÍ

Bestar ristaðar

Komnar aftur
6 stk. í poka

Veldu íslenskt

Farðu í búðina þína

Spurðu um íslensku Beyglurnar

Vinsælustu Beyglur þjóðarinnar loksins komnar aftur

Beyglurnar eru komnar aftur
eftir nokkra vikna hlé - aldrei betri.
Farðu í búðina þína í dag.

Beyglur
- fínar

Beyglur
- kanil og rúsínur

Beyglur
- jalapeno og
cheddar ostur

Beyglur
- hörfræ, sesam
og birki

Fáðu þér íslenskar Beyglur, strax í dag

MYLLAN

Alltaf nýbakað síðan 1959

myllan.is

TÖLUR VIKUNNAR

7,8
reyndist styrkur jarðskjálftans í Tyrklandi síðastliðinn sunnudag.

500
manns eru nú í Evrópuhreyfingunni sem vill þjóðaratkvæði um Evrópusambandsaðild.

20
milljörðum króna var varið í auglýsingar á Íslandi í fyrra.

5.000
manns munu starfa fyrir Icelandair í sumar samkvæmt áætlun félagsins.

50
prósent þeirra sem taka ökupróf standast það í fyrstu tilraun.

ÞRJÚ Í FRÉTTUM

Sélim Sariibrahimoglu
kjörræðismaður Íslands í Ankara

sagði jarðskjálftann í Tyrklandi á sunnudag hafa komið á mjög erfiðum tíma. Veturinn var harður og efnahagsaðstæður erfiðar. „Þó svo að þetta sé hörmulegur atburður þá held ég að samstaðan sem ríkir milli fólksins á svæðinu og fólksins úti um allt Tyrkland sé það sterk að Tyrkir muni sigrast á þessum hörmungum," sagði Sélim.

Sigfús Sigurðsson
fisksali í Fiskbúð Fúsa

hefur gaman af því að finna upp ný nöfn á fiskinn sem hann hefur á boðstólum. Langa í gyros er „Gríska harmleikur" og nýjar gellur eru „Fresh babes" upp á ensku. „Hákarlinn er kallaður „Jaws". En ekki hvað?" sagði Sigfús. „Maður er náttúrlega enn þá bara tíu ára þannig að það kemur ýmislegt upp í þennan haus."

Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

gagnrýndi ummæli næringarfræðingsins Vilborgar Kolbrúnar Vilmundardóttur um að vísindaleg rök styddu hvorki skilgreiningu á offitu sem sjúkdómi né notkun megrunarlyfja. „Offitu fylgir gífurlega aukin hætta á hjartabilun, lifrarskemmdum, sykursýki fullorðinna, kæfisvefni, slitgigt hjá ungu fólki og alls konar krabbameinum," sagði Kári og kvað Vilborgu „alveg gjörsamlega úti í mýri". ■

Neita að afhenda svarbréf frá ESB og krefjast að Ísland fái EES-sérmeðferð

Forsætisráðuneytið óttast að traust erlendra stjórnvalda til þeirra íslensku skaðist ef almenningur fær að lesa um viðbrögð ESB við ósk um afslátt á losunargjöldum vegna flugs. Ísland sagt hóta neitunarvaldi ef ESB veitir ekki undanþágu.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Forsætisráðuneytið hefur hafnað beiðni Fréttablaðsins um að fá aðgang að gögnum sem tengjast bréfi sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sendi Evrópusambandinu um kostnað við losun frá millilandaflugi.

Fréttablaðið fékk upplýsingar um að Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, hefði svarað bréfi forsætisráðherra. Með vísan til upplýsingalaga falaðist Fréttablaðið eftir svarbréfi Ursulu frá ráðuneytinu en mat ráðuneytisins er að ekki sé unnt að verða við beiðninni.

Forsætisráðuneytið vísar til ákvæðis í upplýsingalögum þar sem segir að hægt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum sem geymi upplýsingar um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir „þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast".

Bréfið frá Ursulu feli í sér upplýsingar um yfirstandandi samskipti íslenska ríkisins við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir.

„Er það mat ráðuneytisins að verði það afhent sé hætta á að traust erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana til íslenskra stjórnvalda skaðist og að afhending bréfsins muni því torvelda téð samskipti."

Málið virðist funheitt nú um stundir. Fréttablaðið sendi utanríkisráðuneytinu fyrirspurn um hvort

Harka virðist hlaupin í samskipti íslenskra stjórnvalda við ESB vegna losunarskatta sem íslenska ríkið vill sleppa við. Deilan varðar einkum millilandaflugið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er skýr afstaða íslenskra stjórnvalda að gerðin verður ekki tekin upp í EES-samninginn án þess að tekið sé tillit til íslenskra aðstæðna.**
>
> Úr svari utanríkisráðuneytisins

rétt væri sem fram kom í norska blaðinu Dagsavisen að íslensk stjórnvöld hefðu hótað að beita neitunarvaldi í sameiginlegri EES-nefnd fengi Ísland ekki undanþágu frá gjöldum vegna losunar frá flugi.

Í svari ráðuneytisins segir að aldrei hafi komið til þess að EFTA-ríkin innan EES hafi þurft að hafna upptöku ESB-löggjafar sem falli undir gildissvið hans innan samnings.

„Á hinn bóginn hafa oft verið gerð skilyrði fyrir upptöku slíkrar löggjafar sem síðan leiða til samningaviðræðna við ESB. Þegar aðilar eru ásáttir um með hverjum hætti viðkomandi löggjöf skal gilda í EFTA-ríkjunum er svo tekin ákvörðun um að taka gerðina upp í samninginn á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar, en samþykki Íslands er skilyrði fyrir slíkri ákvörðun," segir í svari ráðuneytisins.

Í svarinu segir enn fremur að ESB-ríkin og Evrópuþingið hafi náð samkomulagi um niðurstöðu „sem tekur ekki nægjanlegt tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem eru á Íslandi" þar sem flug er eina leiðin til og frá landinu en hvorki lest né strætó.

„Íslensk stjórnvöld munu halda áfram að vinna að lausnum nú þegar ESB hefur afgreitt gerðina sín megin og til álita kemur með hvaða

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

hætti hún verður tekin upp í EES-samninginn. Það er skýr afstaða íslenskra stjórnvalda að gerðin verður ekki tekin upp í EES-samninginn án þess að tekið sé tillit til íslenskra aðstæðna."

Utanríkisráðherra hefur skipað starfshóp sérfræðinga sem mun skoða leiðir og aðlaganir við upptökuna sem hafi sem minnsta röskun á samkeppnisskilyrðum í för með sér. Stjórnvöld eru sögð hafa mestar áhyggjur af áhrifum fyrirhugaðrar losunargjaldtöku á framtíð Keflavíkurflugvallar og Ameríkuflugsins. ■

Dale Carnegie fyrir ungt fólk

Það sem þátttakendur uppskera:
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Námskeið hefjast:
10 til 12 ára 12. júní 9.00 -13.00 átta virka daga í röð
13 til 15 ára 20. febrúar 17.00 - 20.30 einu sinni í viku, 9 skipti
16 til 19 ára 9. ágúst 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 15. febrúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

*Hægt er að nota fristundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_121322

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

110 REYKJAVÍK

NÝTT!

BÆJARHÁLS 98

NÝJAR ÍBÚÐIR OG RAÐHÚS

OPIÐ HÚS

Laugardaginn 11. febrúar kl. 14 - 16

Afhending hefst í apríl 2023

LIND FASTEIGNASALA KYNNIR MEÐ STOLTI:
BÆJARHÁLS 98, 110 REYKJAVÍK.
Tuttugu og þrjár nýjar íbúðir sem afhendast í apríl 2023.
Tólf tveggja herbergja, átta þriggja herbergja og þrjár fjögurra herbergja.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum og innréttingum ásamt uppþvottavél. Innréttingar og skápar frá HTH. Á gólfum er harðparket frá Ebson. Blöndunartæki frá Tengi. Lyfta í húsinu. ál/tré gluggar, hlaðnir innveggir, vélrænt loftræstikerfi með útsogi og ferskloftsventlum. Grunnkerfi fyrir rafbílahleðslu. Lýsing er við gönguleiðir á lóð og bílastæði.

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

Hannes
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

Elías
Löggiltur fasteignasali
777 5454
elias@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Ljóðskáld aðstoðar með ástarbréfin

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Valentínusardagurinn er næsta þriðjudag og um helgina býðst gestum og gangandi í Kringlunni að fá aðstoð ljóðskálds við að skrifa ástarbréf til sinna heittelskuðu. Að því loknu munu þau geta sent bréfið ókeypis í sérstökum póstkassa sem staðsettur er í Kringlunni alla helgina og fram að Valentínusardeginum.

Vilborg Ásta Árnadóttir, markaðssérfræðingur hjá Póstinum, segir að hjartapóstkassinn hafi vakið mikla athygli í Kringlunni í fyrra og að margir hafi nýtt tækifærið og sent bréf í tilefni af Valentínusardeginum. Tveir gamlir póstkassar fengu nýtt líf og með hjálp góðra manna voru þeir skeyttir saman og þeim breytt í hjarta.

„Fólk staldraði við, tók sér penna í hönd og skrifaði ástarkveðju á póstkort. Í ár ætlum við að ganga enn lengra því nú getur fólk fengið aðstoð hjá ljóðskáldi ef ritstífla skyldi gera vart við sig," segir hún

Gamlir póstkassar fá nýtt líf í Kringlunni um helgina. MYND/AÐSEND

en skáldið verður til taks á milli 13 og 16 í dag.

„Við útvegum kortin og sendum frítt um allt land. Þar að auki munu öllum hjartaknúsurum landsins, sem komast ekki í Kringluna, bjóðast að póstleggja ástarbréf frítt á öllum pósthúsum, aðeins á Valentínusardaginn sjálfan," segir Vilborg sem hvetur alla til að senda ástvinum sínum hjartnæma kveðju. ■

Vinnustundum fækkaði um fjórðung

ser@frettabladid.is

ATVINNULÍF Vinnustundum á Íslandi hefur að meðaltali fækkað um 26,6 prósent á hvern vinnandi mann frá árinu 1970, en almennt gætir sömu þróunar víða um lönd.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Félags atvinnulífsins um þróunina á vinnumarkaði hérlendis, en hún var kynnt á ráðstefnu félagsins í vikunni.

Þar segir að samkvæmt samanburðartölum Framfara- og efnahagsstofnunarinnar, OECD, sé árlegt vinnuframlag hvers vinnandi einstaklings á Íslandi um 1.433 vinnustundir á ári. Svíar og Norðmenn vinni álíka margar vinnustundir á ári og Íslendingar, en Danir nokkuð minna.

Pólverjar vinna 400 stundum lengur en Íslendingar.

Til samanburðar megi nefna að Kóreubúar vinni um 1.915 vinnustundir á ári og Pólverjar um 1.850 stundir á ári. „Þetta þýðir að Pólverjar í Póllandi vinna að öðru óbreyttu ríflega 400 stundum lengur á hverju ári en Íslendingar," segir í samantektinni. ■

GRÆNLANDSSJÓÐUR

Grænlandssjóður auglýsir eftir styrkumsóknum í sjóðinn.

Nánari upplýsingar er að finna á vef stjórnarráðsins, www.mvf.is/gronlandsfonden.

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2023.

9. febrúar 2023
Stjórn Grænlandssjóðs

Frá 2015 til 2021 hefur opinberum starfsmönnum fjölgað um 11.400. Hefur fjöldi opinberra starfsmanna aukist um ríflega 21,4 prósent á þessum sex árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjölgun ríkisstarfsmanna sögð fullkomlega ósjálfbær

Þingmenn gjalda varhug við stórfjölgun ríkisstarfsmanna, óralangt frá því sem gerst hefur á almennum vinnumarkaði. Forréttindi ríkisstarfsmanna beri að afnema.

ser@frettabladid.s

STJÓRNSÝSLA Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir löngu tímabært fyrir ríkisvaldið að stíga á bremsurnar í mannaráðningum.

„Fjölgun ríkisstarfsmanna er með öllu ósjálfbær," segir Ólafur Stephensen, en félagið sem hann veitir forstöðu efndi til ráðstefnu fyrr í vikunni undir heitinu Er ekki bara best að vinna hjá ríkinu? Þar var ný skýrsla kynnt sem sýnir að hvergi í atvinnulífinu fjölgar starfsfólki jafn gríðarlega og hjá ríkinu.

Þar segir að á árabilinu 2015 til 2021 hafi opinberum starfsmönnum fjölgað um 11.400. Samkvæmt þeim tölum hefur fjöldi opinberrra starfsmanna aukist um ríflega 21,4 prósent á þessum sex árum.

Á sama tíma fjölgaði starfsfólki á almenna markaðnum um 4.200 sem er um þriggja prósenta aukning. Fjölgunin er mest í opinberri stjórnsýslu en þar hefur starfsmönnum fjölgað um 4.600 frá árinu 2015. Það er um 60 prósenta aukning á sex árum.

„Hér þarf að staldra við," segir Ólafur enn fremur. „Samkeppni ríkisins um mannauðinn er orðin hörð og óvægin, og þar fyrir utan ójöfn," bendir Ólafur á. „Launin hjá ríkinu og einkafyrirtækjum eru nú svipuð, en vinnutíminn betri hjá ríkinu, svo og lífeyrisréttindin."

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokks

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar

Ólafur spyr í ljósi þessa hver rökin séu fyrir því að viðhalda uppsagnarvernd ríkisstarfsmanna. „Það þarf enn þá stjórnvaldsákvarðanir til að ráða og reka ríkisstarfsmenn sem gerir allt mannahald þungt í vöfum," bætir hann við.

Undir það síðastnefnda tekur Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Rökin fyrir forréttindum ríkisstarfsmanna halda ekki lengur. Það á að afnema þau," segir Óli Björn. „Það eiga sömu réttindi að gilda á almennum og opinberum vinnumarkaði," bætir hann við og kveðst deila áhyggjum með þeim sem segja ríkisstarfsmönnum fjölga um of.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar, segist heyra æ fleiri kvartanir úr einkageiranum vegna þessarar fjölgunar ríkisstarfsmanna. „Einkafyrirtækin geta ekki lengur keppt við ríkið."

En stóra myndin sé hvað stjórnvöld geri sjálf. „Ríkisstjórnin fjölgar ráðuneytum sem kostar þjóðarbúið að minnsta kosti tvo milljarða króna á sama tíma og fjárlög eru rekin með 119 milljarða króna halla. Þetta tvennt verður ekki skilið í sundur. Það eru engin merki um skynsemi í hagstjórninni," segir hún.

Þá efast hún um að fjölgun ríkisstarfsmanna rati á rétta staði. „Mér er algerlega til efs að spítalar og löggæsla njóti þessa stóraukna mannauðs," segir Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir og hvetur þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að gera hér betur en að skrifa bara greinar í Morgunblaðið um nauðsyn þess að minnka báknið. ■

Óánægja skotveiðimanna eftir mikla hækkun hreindýraveiðileyfa

kristinnhaukur@frettabladid.is

VEIÐI Hreindýraveiðileyfi hækka um 20 prósent í verði milli ára og veiðileyfum er fækkað um 10 prósent. Samdrátturinn skýrir verðhækkunina að sumu leyti, en einnig uppsöfnuð þörf og halli hreindýrasjóðs á síðasta ári.

Leyfi til að skjóta tarf hækkar úr 150 í 180 þúsund krónur og úr 86 í 103 þúsund krónur fyrir kú. Þetta er 20 prósenta hækkun en verðlag hefur hækkað um tæp 10 prósent á árinu. 901 veiðileyfi verður gefið út samanborið við 2022.

Nokkur kergja er meðal skotveiðimanna yfir hækkuninni ef marka má umræðuna á samfélagsmiðlum. Til dæmis er það nefnt að veiðar grisji hreindýrastofninn.

„Okkur ber lagaleg skylda til að leggja fram gjald sem dekkar kostnað við stjórnsýslu, rannsóknir og vöktun," segir Bjarni Jónasson, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun

Það mun kosta 180 þúsund að fella tarf og 103 að fella kú í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem kemur með tillögur að verði og kvóta fyrir ráðuneytið á hverju ári. „Þegar kvótinn minnkar minnka peningarnir en umfangið er áfram það sama," segir hann.

Hefur kostnaður við umsýslu á kerfinu öllu hækkað en veiðileyfagjaldið hafi verið óbreytt frá árinu 2018. Það ár voru gefin út 1.450 veiðileyfi. Bjarni segir að þörfin á hækkun sé uppsöfnuð og hafi komið niður á hreindýrasjóðnum í fyrra, en þá var tap á honum. Þennan halla þurfi að leiðrétta.

„Kvótinn er reiknaður út frá talningum. Það eru færri dýr en hafa verið," segir Bjarni spurður hvers vegna leyfunum fækki. Munar þar mestu um hreindýr á svæði númer 2 af 9, sem er Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, næststærsta svæðið. Í fyrra mátti veiða 170 hreindýr á svæði 2 en nú er kvótinn aðeins 30. ■

EXTRA

ÓDÝRT HJÁ OKKUR

EXTRA ÓDÝRT!

Kíktu í EXTRA ÓDÝRA heimsókn. Þú finnur þetta merki við extra ódýrar vörur í verslunum okkar.

EXTRA ÓDÝRT!

599 kr.stk.

Myllan heimilisbrauð 770g

EXTRA ÓDÝRT!

2.699 kr.kg.

Kjörfugl bringur

EXTRA ÓDÝRT!

699 kr.stk.

Stjörnuegg stór 816g

EXTRA ÓDÝRT!

229 kr.stk.

MS Léttmjólk D-vítamínbætt 1L

EXTRA ÓDÝRT!

599 kr.stk.

GF 4 mini pizza pepperoni 372g

EXTRA ÓDÝRT!

599 kr.stk.

GF 4 mini pizza four cheese 372g

EXTRA ÓDÝRT!

899 kr.stk.

Ben & Jerry's ís 465ml

EXTRA ÓDÝRT!

199 kr.stk.

Monster 500ml

EXTRA ÓDÝRT!

1.199 kr.stk.

Pepsi/Pepsi Max/ Pepsi Max Lime/Applesín/ Appelsín án sykurs 12x330ml

EXTRA ÓDÝRT!

999 kr.stk.

Pepsi/Pepsi Max 4x2L

EXTRA ÓDÝRT!

219 kr.stk.

Homeblest 300g

EXTRA

Akureyri
Mýrarvegi
24/7

Reykjanesbæ
Hafnargötu 51
24/7

Reykjavík
Barónsstíg 4
8-24

Íslenski björgunarhópurinn dvelur í þessum búðum í Tyrklandi. MYND/AÐSEND

Björgunarfólkið er að renna út á tíma

benediktarnar@frettabladid.is

BJÖRGUN Enn er verið að bjarga fólki úr rústum í Tyrklandi og Sýrlandi eftir jarðskjálfta sem reið yfir á sunnudag. Tala látinna er nú komin í yfir 22 þúsund manns, flestir í Tyrklandi. Erfiðlega gengur að koma björgunarstarfi í gang í Sýrlandi enda innviðir í rústum eftir borgarastyrjöld.

Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri alþjóðasviðs hjá Rauða krossinum, segir að Rauði hálfmáninn í Tyrklandi og Sýrlandi hafi brugðist hratt við með skipulögðu neti sjálfboðaliða og starfsmanna sem fóru strax og veittu lífsbjargandi aðstoð.

„Aðstæður í Sýrlandi til björgunar- og uppbyggingarstarfs eru án efa erfiðari heldur en í Tyrklandi vegna þeirra vopnuðu átaka sem landsmenn í Sýrlandi hafa búið við í meira en áratug og hafa að miklu leyti lagt innviði landsins í rúst," segir Atli.

> Við þurfum að hafa meira fyrir hverri björgun.
>
> Friðfinnur F. Guðmundsson, aðgerðastjórnandi íslenska björgunarhópsins

Friðfinnur F. Guðmundsson, aðgerðastjórnandi íslenska björgunarhópsins, segir að það séu enn lífsbjarganir í gangi, en þeim hefur fækkað töluvert síðustu daga.

„Við þurfum að hafa meira fyrir hverri björgun, en þær eru færri. Það þarf að fara meira fyrir leitarfasa þar sem er verið að nota myndavélar, hljóðnema og hunda til að leita í rústunum. Þannig við erum að sjá fasabreytingu," segir Friðfinnur. ■

Styrkir úr Barnamenningarsjóði

Umsóknarfrestur er til **3. apríl 2023**

Auglýst er eftir umsóknum um árlega styrki úr Barnamenningarsjóði Íslands.

Hlutverk sjóðsins er að styðja fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Verkefni sem stuðla að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taka mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa sérstakt vægi.

Áhersla er lögð á samstarf tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka og er hvatt til þess að samstarfsverkefni séu unnin í samstarfi ólíkra aðila, t.d. að stofnanir leiti samstarfs við skapandi fólk fremur en við aðrar stofnanir.

Ef umsækjandi hefur þegar hlotið styrk úr sjóðnum kemur ný umsókn ekki til álita nema að loka- eða áfangaskýrslu sé skilað fyrir umsóknarfrest.

Umsóknarfrestur rennur út 3. apríl 2023 kl. 15.00.

Sjóðurinn var stofnaður í tilefni aldarafmælis fullveldisins á hátíðarfundi Alþingis 18. júlí 2018.

Reglur sjóðsins, umsóknargögn og skýrsluform er að finna á **barnamenningarsjodur.is**.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 515 5800, barnamenningarsjodur@rannis.is

Barnamenningarsjóður Íslands

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Hlutfallsleg þróun heimilisofbeldis sem hluti af ofbeldisbrotum



Tilkynnt heimilisofbeldi þrefaldast á tæpum áratug

Heimilisofbeldi var innan við fjórðungur skráðra ofbeldisbrota í bókum lögreglunnar 2014, en sjö árum seinna upp undir helmingur af þeim. Vitundarvakning hefur orðið hvað málaflokkinn varðar, segir talskona Stígamóta.

ser@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Fjöldi ofbeldisbrota hefur aukist verulega hér á landi á síðustu árum, að því er fram kemur í samantekt ríkislögreglustjóra sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Sérstaka athygli vekur hvað hlutur heimilisofbeldis í þessum brotaflokki hefur aukist hlutfallslega mikið, en frá 2014 til ársins 2021, þegar nýjustu staðfestu tölur eru teknar saman, hefur orðið meira en þreföldun í skráðum brotum af því tagi.

„Það hefur orðið vitundarvakning hvað heimilisofbeldið varðar," segir Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, miðstöðvar fyrir þolendur kynferðisofbeldis, „en æ fleiri brotaþolar átta sig á því að það sem er að gerast heima hjá þeim er ekkert annað en heimilisofbeldi," bætir hún við.

„Eftir því sem fleiri hafa stigið fram og tjáð sig um heimilisofbeldi eiga fleiri auðveldara með að taka til máls og segja sína sögu," segir Steinunn og bætir því við að opin umræða geri það að verkum að fleiri geta speglað sig í vandanum. „Þá segir fólk: Þetta er ekki í lagi."

Eins og meðfylgjandi tafla sýnir var hlutur heimilisofbeldis í tilkynntum ofbeldisbrotum vel innan við fjórðungur þeirra árið 2014, en var kominn upp undir helming þeirra sjö árum seinna, árið 2021.



Hlutur heimilisofbeldis í tilkynntum ofbeldisbrotum var minni en fjórðungur 2014, en var kominn upp undir helming sjö árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Meiri streita og erfiðleikar auka á valdníðsluna heima fyrir.
>
> Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta,

Fjölgun tilkynntra heimilisofbeldisbrota var veruleg í byrjun þessa árabils, meira en tvöfaldaðist á milli áranna 2014 og 2015, en athygli vekur svo hvað skráðum ofbeldisbrotum á heimilum landsmanna fjölgaði að miklum mun eftir að heimsfaraldurinn Covid-19 tók að skekja samfélagið árin 2020 og 2021.

„Það liggur í hlutarins eðli að ef allir eru fastir heima hjá sér þá eykst heimilisofbeldi," segir Steinunn. „Það er vel þekkt mynstur að ofbeldi eykst þegar kreppir að. Það er nú einu sinni svo að meiri streita og erfiðleikar auka á valdníðsluna heima fyrir," segir Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir. ■

Forsetar heiðraðir með hringtorgum

kristinnhaukur@frettabladid.is

GARÐABÆR Menningar- og safnanefnd Garðabæjar leggur til að hringtorg bæjarins verði nefnd eftir fyrrverandi forsetum lýðveldisins. Bæjarstjórn fól nefndinni að að fjalla um tillögu sína um að hringtorgin verði nefnd og þau fegruð. Samkvæmt þessu verða torgin nefnd Sveinstorg, Ásgeirstorg, Kristjánstorg, Vigdísartorg og Ólafstorg. Verði merkingarnar áberandi og útilistaverk sett upp með innblæstri frá tíðaranda þess tíma sem hver forseti gegndi embætti. Guðni Th. Jóhannesson forseti verður hins vegar að bíða eftir sínu torgi.

Í minnisblaði nefndarinnar segir að horft sé til sögu Bessastaða sem sé samofin sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar. „Að hafa aðsetur forseta lýðveldisins í bænum er nokkuð sem nefndin telur bæjarsóma og full ástæða til að minna á sögu forsetaembættisins í bæjarlandinu og merkilega áfanga í sjálfstæðisbaráttunni," segir enn fremur.

Óvíst er hvað þetta torg á Vífilsstaðavegi mun heita.

En torgin eru fleiri en forsetarnir. Því leggur nefndin til að önnur torg fái nöfn tengd merkum áföngum í sjálfstæðisbaráttunni. Muni þau heita Fullveldistorg, Heimastjórnartorg, Sjálfstæðistorg, Lýðveldistorg og Forsetatorg. Hvað fegrun og skreytingar varðar verði sóttur innblástur í náttúru Íslands og þjóðlegar áherslur. 80 ára afmæli lýðveldisins sé á næsta ári og best væri að vígja Lýðveldistorg þá um sumarið. ■

11.2

EINN EINN TVEIR *dagurinn*

HVAÐ GET ÉG GERT?

LAUGARDAGINN 11. FEBRÚAR

HARPA • 10:00-16:00

"Hvað get ég gert?" er þemað í ár þegar Neyðarlínan fagnar 112-deginum í Hörpu ásamt viðbragðsaðilum. Almenningi gefst kostur á að hitta neyðarverði og skoða tækjabúnað, hitta viðbragðsaðila og taka þátt í spurningaleik svo fátt eitt sé nefnt.
Allir eru hjartanlega velkomnir

Ríkislögreglustjóri · Slysavarnafélagið Landsbjörg · Landhelgisgæsla Íslands Icelandic Coast Guard · HMS · Embætti landlæknis

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins · Barna- og fjölskyldustofa · Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna · Landspítali · Vegagerðin · Rauði krossinn · Æskulýðsvettvangurinn

Virkjanir orðnar vinsælir ferðamannastaðir

Erlendir ferðamenn, einkum Bandaríkjamenn, eru hrifnir af íslenskum virkjunum. Jarðvarmavirkjanir njóta sérstakra vinsælda.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Nærri helmingur gesta Hellisheiðarvirkjunar eru Bandaríkjamenn. MYND/GUNNAR SVANBERG

FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn sem hingað koma hafa ekki aðeins áhuga á að sjá óbeislaða náttúru eða upplifa menningarviðburði á borð við íslenska djammið. Þeir vilja líka sjá hvað það er sem knýr heimilistækin og heldur á okkur hita. Virkjanir eru orðnar vinsælir ferðamannastaðir og þá einkum jarðhitavirkjanir.

„Ferðamenn hafa áhuga á hvernig við nýtum jarðvarmann í orkuvinnslu. Bæði til að framleiða heitt vatn og rafmagn. Þeim finnst þetta ótrúlega magnað," segir Laufey Guðmundsdóttir, sýningarstjóri Jarðhitasýningarinnar hjá Orku náttúrunnar við Hellisheiðarvirkjun. Sýningin er opin alla daga, allt árið um kring.

Samkvæmt Laufeyju koma um 100 þúsund manns á sýninguna í meðalári. Langflestir, um 95 prósent, eru erlendir gestir og Bandaríkjamenn í miklum meirihluta, eða nærri helmingur allra gesta.

Laufey segir að jarðvarmavirkjanir séu til annars staðar í heiminum, til dæmis í Bandaríkjunum. En á Íslandi er aðgengið gott. „Ég er ekki viss um að fólk komist svona nálægt orkuvinnslunni í Bandaríkjunum," segir hún.

Sumir ferðamenn koma á eigin vegum og geta þá farið í gegnum sýninguna með leiðsögn í hljóðappi. Einnig koma ferðaþjónustu- og rútufyrirtæki með hópa og fá leiðsögn hjá starfsfólki. Rukkað er inn á sýninguna.

Hellisheiðarvirkjun nýtur þess einnig að vera í Jarðhitagarðinum ásamt öðrum fyrirtækjum. Þar reka Climeworks og Carbfix loftsugur sem fanga kolefni og brennistein úr virkjuninni og dæla niður í bergið. Einnig VAXA Technologies sem framleiðir smáþörunga fyrir bætiefni. „Hérna eru fyrirtæki sem tengjast auðlindastraumi virkjunarinnar," segir Laufey.

Fleiri orkufyrirtæki bjóða ferðamönnum að koma til sín, samkvæmt Samorku. Til dæmis Svartsengi og Reykjanesvirkjun hjá HS Orku á Reykjanesi, Tungudalsvirkjun í Ísafirði hjá Orkubúi Vestfjarða og Fjarðarselsvirkjun í Seyðisfirði hjá RARIK sem er elsta starfandi virkjun landsins. Samkvæmt könnun frá árinu 2016 hafði helmingur erlendra ferðamanna áhuga á að sjá virkjanir.

Landsvirkjun býður líka gesti velkomna. Tvær gestastofur eru reknar Í Ljósafossstöð í Soginu og við Kröflu. Samkvæmt Ragnhildi Sverrisdóttur, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, komu 10 þúsund gestir í Ljósafoss í fyrra og 57 prósent þeirra voru erlendir ferðamenn. Af 11 þúsund gestum Kröflu var hins vegar yfirgnæfandi meirihluti erlendir ferðamenn, eða 97 prósent.

„Af öryggisástæðum eru aflstöðvarnar okkar ekki opnar almenningi, en margir ferðamenn nýta sér hins vegar vegi sem lagðir hafa verið vegna framkvæmda okkar, án þess að við séum sérstaklega að skrásetja þau ferðalög sem gestakomur til okkar," segir Ragnhildur.

Nefnir hún að mjög margir keyra að Kárahnjúkum og Hálslóni á hverju ári. „Þar höfum við átt samstarf við landverði Vatnajökulsþjóðgarðs sem sinna fræðslu fyrir gesti, en boðið er upp á þá leiðsögn tvisvar sinnum í viku," segir hún. Sumarið 2021 hafi 90 bílar farið þangað að meðaltali á degi hverjum. Einnig hafa verið gerðar vegabætur í Mývatnssveit í tengslum við Þeistareykjavirkjun og líklegt sé að sá góði vegur auki umferðina töluvert um svæðið, þótt ekki fari allir til að sjá virkjunina. ■

> Þeim finnst þetta ótrúlega magnað.

Laufey Guðmundsdóttir, sýningarstjóri Jarðhitasýningarinnar

List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum menningar - og viðskiptaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 17. mars 2023.**

MAT Á UMSÓKNUM

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **19. maí 2023.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

List fyrir alla

Landinn aldrei ferðast meira í janúar

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli voru 41.500 í síðastliðnum janúar og hafa aldrei áður mælst svo margar í þeim mánuði samkvæmt talningu Ferðamálastofu.

Brottfarir erlendra farþega frá landinu voru um 121 þúsund í sama mánuði. Það eru álíka margar brottfarir og í janúar árið 2020 og um 82 prósent af því sem þær voru í janúar 2018 þegar mest var.

„Við erum á réttri leið í eftirspurninni, það er engin spurning," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Það stefnir í gott ferðaþjónustuár," bætir hann við, „því lágönnin núna um háveturinn lofar góðu, enda virðist hún vera svipuð og 2018, og svo er útlit fyrir mjög gott sumar," segir Jóhannes.

> Það stefnir í gott ferðaþjónustuár.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

Tæplega helmingur brottfara var tilkominn vegna Breta og Bandaríkjamanna, en þessar þjóðir hafa langoftast verið fjölmennustu þjóðernin í janúar síðustu tvo áratugi, eða frá því mælingar Ferðamálastofu hófust. ■

Guðrún Erla ásamt matvælaráðherra og forkólfum iðnaðarins. MYND/BIG

Bakarinn Guðrún Erla á köku ársins

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðrún Erla Guðjónsdóttir í Mosfellsbakaríi reyndist hlutskörpust í árlegri keppni Landssambands bakarameistara um köku ársins.

Það kom í hlut matvælaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, að taka á móti kræsingunum í ár sem eru með Doré karamellumús með ástaraldinkremi og heslihnetumarengsbotni.

„Þetta er nú smá saga," segir Guðrún Erla. „Ég var með aðra köku í huga, mánuði fyrir keppni, sem raunar lenti svo í þriðja sæti, en viku fyrir skilafrest langaði mig að gera aðra köku, meira frískandi en hina, og datt í huga að prófa ástaraldin með karamellumúsinni – og viti menn, hún vann."

Sala á kökunni hófst í gær í bakaríum félagsmanna bakara um allt land í tilefni af Valentínusardeginum. ■

Óljóst með ákæru í Blönduósmálinu

Maðurinn sem réðst inn á heimili hjóna á Blönduósi var með haglabyssu skráða á gjaldþrota fyrirtæki. Nær hálftími leið uns lögregla kom á staðinn eftir að heimilisfólkið hringdi eftir aðstoð.

benediktarnar@frettabladid.is



Lögreglan greindi frá því í gær að rannsókn á skotárásinni á Blönduósi væri lokið. Málið er komið á borð héraðssaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

LÖGREGLA Í gær tilkynnti lögreglan á Norðurlandi eystra um lok rannsóknar á skotárásinni á Blönduósi í ágúst í fyrra. Þar létust karl og kona og einn særðist alvarlega.

Málið er nú komið á borð embættis héraðssaksóknara sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Í ítarlegri færslu á Facebook greindi lögreglan frá því að rannsókn hafi leitt í ljós að árásarmaðurinn, sem hét Brynjar Þór Guðmundsson, hafi farið inn um ólæstar dyr heimili á Blönduósi og gengið um með afsagaða haglabyssu og sjö haglaskot meðferðis.

Árásarmaðurinn sá að gestir voru á heimilinu, fór út úr húsinu og hélt húsráðandi á eftir honum.

Utandyra kom til orðaskipta og átaka sem endaði með því að Brynjar skaut karl, húsráðanda á heimilinu, í kvið og særði alvarlega.

Fór Brynjar þá aftur inn í húsið og skaut eiginkonu karlsins í höfuðið þar sem hún stóð í stofu og lést hún samstundis.

Náði karlinn sem særðist þá tökum á árásarmanninum þar sem hann var að hlaða vopnið inni í húsinu. Sonur húsráðenda kom til aðstoðar og náði byssunni af Brynjari og kom til mikilla átaka þeirra á milli, en Brynjar var með veiðihníf.

Átökin enduðu með því að Brynjar lést. Réttarkrufning leiddi í ljós að dánarorsök var köfnun vegna þrýstings á háls og brjóst.

Sonur húsráðenda hringdi í neyðarlínuna og var lögreglan komin á vettvang um 26 mínútum síðar.

Þá kom einnig fram að rannsóknin hafi ekki leitt í ljós að eitt ákveðið atvik hafi orðið til þess að Brynjar mætti vopnaður á heimili fólksins.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra

Að sögn lögreglu var Brynjar allsgáður og átti vinsamleg samskipti við fórnarlömbin fyrir árásina.

Lögreglu hafði áður verið tilkynnt um ferðir Brynjars við heimili hjónanna rúmum mánuði áður. Þar hafði hann verið vopnaður haglabyssu og afhent lögreglu skotvopn sem voru skráð á hann. Hann hafi leitað lækninga en verið kominn aftur á Blönduós um miðjan ágúst.

Brynjar hafði tvisvar verið í garði við hús fólksins í júlí og tekið upp myndbönd inn um glugga á húsinu.

Byssa Brynjars var skráð í eigu fyrirtækis sem seldi skotvopn en varð gjaldþrota árið 2008. Á fyrirtækið voru enn skráðar þrjár byssur, ein sem hann notaði, önnur sem var í fórum óviðkomandi einstaklings og þriðja sem er enn ófundinn.

Málið er nú komið á borð héraðssaksóknara, sem tekur ákvörðun um næstu skref í málinu. ■

Um þúsund fleiri konur starfa í vísindum en karlar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Konur í vísindum fleiri en karlar

kristinnhaukur@frettabladid.is

ATVINNULÍF Alls 9.800 konur á Íslandi starfa í vísindum og verkfræði en 8.800 karlar Þetta kemur fram í gögnum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins.

Alls starfa 7 prósent Íslendinga í vísindum og verkfræði, sem er tíunda hæsta hlutfallið í Evrópu. Ísland er meðal fárra landa þar sem konur eru í meirihluta. Hin eru Noregur, Danmörk og Litáen.

Svíar eiga hlutfallslega mest af vísindafólki, 9,6 prósent, og þar á eftir koma Svisslendingar og Norðmenn. Ítalir eru á botninum með aðeins 2,6 prósent og aðeins 1,7 prósent kvenna. ■

Embætti **dómara** við **Landsrétt** laust til setningar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til setningar embætti dómara við Landsrétt. Um er að ræða setningu til sex ára vegna leyfis dómara. Stefnt er að því að setja í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum, til og með 28. febrúar 2029. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 27. febrúar nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
10. febrúar 2023.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Íslensk spilling

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Íslendingum hefur ekki tekist að nýta náttúruauðlindir sínar í þágu samfélagsins. Það hefur þeim mistekist hrapallega.

Ástæðuna má rekja til einbeitts pólitísks hroka af hálfu stjórnmálaflokka sem hafa um langt árabil séð hag sínum best borgið með því að afhenda sameiginleg verðmæti þjóðarinnar til útvalinna landsmanna – og það á silfurfati, stíffægðu.

Greiðinn hefur svo verið endurgoldinn með dúsu í kosningasjóði.

Svona er ástatt fyrir Íslandi. Það er spillt þjóðríki. Og það hefur ekkert breyst í áranna rás af því að stórum hluta þjóðarinnar er sama um þennan ráðahag og heldur sömu arðræningjunum að völdum frá einni kosningu til annarrar.

Engu breytir þótt flokkur, sem einhverra hluta vegna kallar sig Vinstri grænan, taki að sér að framlengja pólitískt líf þessara afla. Í hálfan áratug hefur hann ekki hreyft mótbárum. Hann lætur sér spillinguna í léttu rúmi liggja.

Í besta falli er búin til svo fjölmennur starfshópur um málið að niðurstaðan getur aldrei orðið annað en óbreytt ástand. Og til þess er leikurinn líklega gerður.

Þess vegna heldur spillingin áfram. Hún er og verður ofviða íslenskri pólitík.

Svört skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlitsleysið og yfirganginn í uppbyggingu sjókvíaeldis á Íslandi er enn ein áminningin um að íslenskt stjórnkerfi hirðir ekki um verkefni sín. Kerfið kann ekki að stjórna. Eða öllu heldur, því er sama. Þetta má bara reka á reiðanum.

Það er og verður íslenska leiðin.

Kappið skal alltaf vera meira en forsjáin.

Þess vegna hefur sjókvíaeldið farið fram úr regluverkinu og skilið meðvitundarlaust stjórnkerfið eftir með jakkann á stólbakinu. Og eftir að firðirnir hafa fyllst af hverri kvínni af annarri, án þess að náttúran hafi nokkurn tíma mátt njóta vafans, kemur í ljós að eftirlitið með öllu saman er rekið með tapi. Hafrannsóknastofnun þarf að sækja um styrki til að gæta að göslaraganginum.

Og það er auðvitað vegna þess að það gleymdist að gera ráð fyrir gjaldtökunni. Enn einu sinni eru náttúruauðlindir landsins á útsölu. Í boði stjórnvalda. Það er pólitísk stefna ráðandi afla.

Niðurstaðan er þar af leiðandi gamalkunnug. Það er með öllu óvíst hvort sjókvíaeldið, hvers arður rennur í fárra manna vasa, og líklega röngum megin við lögsöguna, er á endanum þjóðhagslega hagkvæmt.

Á Íslandi er nefnilega allt reiknað eftir á. Og niðurstaðan kemur alltaf ofboðslega á óvart. Og birtist landsmönnum í enn einni svörtu skýrslunni.

Hvað ætli þær séu orðnar margar?

Vanræksla af hálfu valdhafa er viðvarandi pólitík á Íslandi. ■

> Enn einu sinni eru náttúruauðlindir landsins á útsölu. Í boði stjórnvalda.

GUNNAR



MÍN SKOÐUN

Hræsnari á einkaþotu

Sigmarsdóttir

Þegar rafvirkinn minn hringdi dyrabjöllunni í vikunni fylltist ég kvíða. Síðast þegar við hittumst skildum við í illu. Þá hafði hann komið til að laga ofninn minn. Hann hafði hvesst á mig augun þegar ég opnaði útidyrnar. „Það tók mig hálftíma að komast hingað," sagði hann eins og tími og rúm væru hindrun sem ég hafði lagt í veg hans. „Má bjóða þér kaffi?" tuldraði ég afsakandi. „Andskotans borgarráðið," svaraði hann.

Rafvirkinn minn býr í næstu götu við mig í Islington-hverfi Lundúnaborgar. Í hverfinu fer nú fram tilraun. Völdum svæðum hefur verið breytt í „lágumferðarsvæði". Götum er lokað fyrir gegnumkeyrslu bíla og gangandi vegfarendum, hjólafólki og börnum að leik tryggður forgangur. Er aðgerðinni ætlað að bæta loftgæði og lífsgæði. En málefnið hefur klofið samfélagið harkalega í með-og-á-móti.

„Ég hefði verið fljótari að labba hingað," sagði rafvirkinn og skellti verkfæratöskunni á stofugólfið.

„Til þess er leikurinn gerður," svaraði ég. Honum var ekki skemmt. Á meðan hann reif í sundur bilaða ofninn minn brýndi hann fyrir mér efnahagslegt mikilvægi einkabílsins. Ég brýndi fyrir honum mikilvægi þess að geta dregið andann. Hann spurði: „Hvað með gamla fólkið?" Ég spurði: „Hvað með börnin?" Hann talaði um frelsið til að fara um. Ég talaði um frelsið til að vera kyrr. Hann sakaði mig um skort á raunsæi. Ég sakaði hann um að skorta framtíðarsýn.

Síðan er liðið eitt og hálft ár. Nú var það ljósarofinn í stofunni sem var bilaður. Taugaóstyrk opnaði ég dyrnar. Rafvirkinn hvessti á mig augun. „Það tók mig hálftíma að komast hingað." Ég bauð honum kaffi. „Ég myndi keyra yfir borgarstjóra Lundúna ef ég sæi hann." Ég spurði hvað borgarstjórinn hefði gert honum. Jú, hann hugðist láta ökumenn greiða daggjald, sem óku um á gömlum og mengandi bílum innan borgarinnar. Vissi ég hvað daggjaldið væri hátt? Vissi ég hvað nýr bíll væri dýr? Vissi ég hvað hann yrði að rukka viðskiptavini sína mikið aukalega?

Vandræðaleg VG

Sagt er að í stríði standi enginn uppi sem sigurvegari. Stríðið í Úkraínu virðist hrekja þá kenningu. Olíufyrirtæki um heim allan skila nú methagnaði vegna innrásar Rússa. En sigur fer mönnum ekki alltaf vel.

Í vikunni tilkynnti breska olíufyrirtækið BP að það hygðist hætta við sett markmið sín í umhverfismálum þrátt fyrir tvöfalt meiri hagnað 2022 en árið á undan.

Á sama tíma bárust fréttir af því að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefði sent Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, bréf og farið þess á leit að Ísland fengi undanþágu frá aukinni skattlagningu ESB vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í flugi.

Katrín er ekki ein um að vilja vera stikkfrí í háloftunum. Bill Gates, stofnandi tölvurisans Microsoft og fjórði ríkasti maður veraldar, ræddi nýverið störf sín í þágu loftslagsmála í Breska ríkisútvarpinu. Blaðamaður spurði Gates, sem á fjórar einkaþotur, hvort umhverfisverndarsinni á einkaþotu væri ekki „hræsnari". Gates þvertók fyrir það. „Ég er ekki hluti af vandamálinu."

Samkvæmt Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna gæti skaði af völdum loftslagsbreytinga verið orðinn óafturkræfur árið 2030. Blaðamaður Fréttablaðsins spurði Katrínu Jakobsdóttur hvort ekki væri vandræðalegt fyrir formann umhverfisverndarflokks að falast eftir undanþágu frá aðgerðum sem ætlað væri að hamla gegn hlýnun loftslags. Katrín þvertók fyrir það. „Nei, það tel ég ekki vera."

Olíurisinn. Rafvirkinn. Ríkasti maður heims. Leiðtogi Vinstri grænna. Við getum öll fundið ástæðu til að réttlæta undanþágur. En ekkert okkar fær undanþágu frá afleiðingum gjörða okkar. ■

> Olíurisinn. Rafvirkinn. Ríkasti maður heims. Leiðtogi Vinstri grænna. Við getum öll fundið ástæðu til að réttlæta undanþágur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

SAVE YOUR FAMILY OR SAVE HUMANITY.
MAKE THE CHOICE.
Í LEIKSTJÓRN
M. NIGHT SHYAMALAN
KNOCK AT THE CABIN
KOMIN Í BÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRABÍÓ

Höfðingjar taka á háfleygum Örnum

Þrátt fyrir að hafa misst sitt helsta vopn fyrir tímabilið er Patrick Mahomes búinn að leiða Kansas City Chiefs í sinn þriðja Super Bowl-leik á fjórum árum. Að þessu sinni mæta þeir hálfleygum Örnum sem virðast ekki vera með neina veikleika.

Spá Fréttablaðsins: Eagles 35–28 Chiefs.

kristinnpall@frettabladid.is

NFL Hinn árlegi leikur um Ofurskálina (e. Super Bowl 57) fer fram í Arizona aðfaranótt mánudags en um er að ræða eitt stærsta íþróttakvöld ársins vestanhafs. Kansas City Chiefs er mætt í úrslitaleikinn í þriðja sinn á fjórum árum með töframanninn og tengdason Mosfellsbæjar Patrick Mahomes í aðalhlutverki en hinum megin bíða ólátabelgirnir í Philadelphia Eagles. Það er stutt síðan Eagles vann fyrsta Ofurskálartitilinn í sögu félagsins og Ernirnir hafa flogið hátt það sem af er tímabili.

Það hafa ýmis áföll dunið á Mahomes og sóknarleik Chiefs síðastliðna mánuði. Mahomes missti sitt öflugasta vopn í Tyreek Hill fyrir tímabilið og mennirnir sem áttu að leysa hann af hólmi hafa átt erfitt með að halda heilsu. Til viðbótar var Mahomes draghaltur í síðustu leikjum Chiefs eftir að hafa meiðst á ökkla í úrslitakeppninni en líkt og oft áður tókst honum að draga ása upp úr hattinum og leiða lið Chiefs í úrslitaleikinn sjálfan. Þá hefur vörn liðsins með öflugum nýliðum í sérflokki stigið upp síðustu vikurnar og gefið ástæðu til bjartsýni um að Chiefs eigi eftir að leika margoft til úrslita næstu árin.

Á sama tíma virtist Eagles um tíma ætla að eiga hið fullkomna tímabil. Ernirnir flugu hátt og unnu fyrstu níu leikina og fjórtán af fyrstu fimmtán leikjunum. Meiðsli Jalen Hurts kostuðu Eagles næstu tvo leiki en sigur í lokaumferðinni tryggði Eagles fyrsta sætið í Þjóðardeildinni. Leikirnir tveir í úrslitakeppninni hafa svo verið tiltölulega þægilegir fyrir Eagles. Giants átti engin svör við leik Eagles og í úrslitum Þjóðardeildarinnar meiddust báðir leikstjórnendur San Fransisco 49ers snemma leiks sem gerði leið Eagles í úrslitin sjálf enn auðveldari.

Lið Eagles er frábært á báðum endum vallarins og ætti að mæta ferskt til leiks. ■

Patrick Mahomes

Jalen Hurts

Sendingatölfræði

Kasttilraunir: 648
Heppnaðar sendingar: 435
Sendingahlutfall: 67,1%
Jardar: 5.250
Snertimörk: 41
Kastað frá sér: 12

Kansas City Chiefs

Þjálfari: Andy Reid
Tímabilið: 14–3
(1. sæti í Ameríkudeild)
Leið í úrslitaleikinn:
27-20 sigur á Jacksonv. Jaguars
23-20 sigur á Cinc. Bengals

INNBYRÐIS VIÐUREIGNIR



HEIMILD: NFL/GRAPHIC NEWS

Sendingatölfræði

Kasttilraunir: 460
Heppnaðar sendingar: 306
Sendingahlutfall: 66,5%
Jardar: 3.701
Snertimörk: 22
Kastað frá sér: 6

Philadelphia Eagles

Þjálfari: Nick Sirianni
Tímabilið: 14–3
(1. sæti í Þjóðardeild)
Leið í úrslitaleikinn:
38-7 sigur á New York Giants
31-7 sigur á San Franisco 49ers

Aldrei tapað í sjö viðureignum sem þjálfari

Andy Reid, þjálfari Kansas City Chiefs, hefur fagnað sigrum og grátið eftir tapleiki með báðum liðum í þessari viðureign. Hann tók við liði Kansas City Chiefs árið 2013 eftir þrettán ár í herbúðum Philadelphia Eagles og er afar vinsæll hjá stuðningsmönnum liðanna.

Það sem er magnað er að þetta verður í sjöunda sinn sem hann stýrir liði í viðureign Chiefs og Eagles og til þessa hefur Reid aldrei þurft að lúta í gras. Undir stjórn Reid vann Eagles fjóra leiki liðanna frá 1999 til 2012 en síðan Reid tók við sem þjálfari Chiefs hafa Höfðingjarnir unnið Ernina þrjú skipti í röð.

546

Liðin hafa skorað jafn mörg stig það sem af er tímabili og unnið jafn marga leiki (16).

3

Chiefs hefur unnið síðustu þrjár viðureignir liðanna.

6

Bæði lið eru með sex leikmenn sem voru valdir í úrvalsliðið (e. All-Pro) í ár.

7

Þrjátíu sekúndna auglýsing í Ofurskálinni þetta árið kostar um sjö milljónir dala, um einn milljarð króna.

Bræður berjast um montréttinn

Þetta er í fyrsta sinn sem bræður mætast í leiknum um Ofurskálina. Jason Kelce, miðherji í sóknarlínu Eagles, mætir yngri bróður sínum Travis sem leikur í stöðu útherja hjá Chiefs. Báðir hafa þeir unnið einn meistaratitil á ferlinum en sigurvegarinn um helgina fær montréttinn við matarborðið í næsta fjölskylduboði.

Með því feta þeir í fótspor Jim og John Harbaugh sem urðu fyrstu bræðurnir til að mætast sem þjálfarar í Ofurskálinni og Jason og Devin McCourty sem urðu fyrstu tvíburarnir til að leika í Ofurskálinni sem liðsfélagar í liði New England Patriots.

Jóhann Berg ber stjóranum sínum Kompany vel söguna

benediktboas@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenski landsliðsmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður enska B-deildarliðsins Burnley, var til viðtals í Íþróttavikunni með Benna Bó þar sem þeir félagar fóru yfir stöðuna hjá Jóhanni sjálfum sem og Burnley sem hefur verið á miklu flugi.

Fyrir yfirstandandi tímabil tók belgíska Manchester City-goðsögnin Vincent Kompany við stjórnartaumunum hjá Burnley sem hafði fallið niður úr ensku úrvalsdeildinni.

Segja má að Burnley hafi gengið í gegnum endurnýjun lífdaga undir stjórn Kompany, liðið spilar meira aðlagandi fótbolta nú en undir stjórn hins íhaldssama Sean Dyche, og situr á toppi ensku B-deildarinnar um þessar mundir.

Jóhann Berg segir mikið hafa breyst hjá Burnley eftir komu Kompany.

„Já, þetta er náttúrulega svakaleg breyting á stuttum tíma frá því sem var, líka á leikmannahópnum. Það hafa margir nýir leikmenn komið inn í þetta. Það sem Vincent Kompany hefur gert á þessum stutta tíma er náttúrulega ákveðið afrek út af fyrir sig. Það vissu ekki margir hvað myndi gerast með svona miklum breytingum.“

Það stefnir allt í það að íslenski landsliðsmaðurinn verði í ensku úrvalsdeildinni í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kompany hefur hrósað Jóhanni Berg í hástert eftir að hann tók við Burnley fyrir yfirstandandi tímabil.

„Okkar samband er mjög gott. Þegar hann kom inn held ég að hann hafi tengt mikið við mig vegna þess að á hans leikmannsferli, hjá Manchester City, átti hann í erfiðleikum með meiðsli. Svipuð meiðsli og ég var að ganga í gegnum,“ segir Jóhann. Kompany glímdi sjálfur við þrálát meiðsli á sínum leikmannaferli hjá Manchester City og skilur því hvað Jóhann Berg hefur gengið í gegnum.

Þá hafi Kompany auðvitað einnig séð knattspyrnulegu gæðin sem Jóhann býr yfir.

„Það var fullt af leikmönnum sem hann losaði sig við síðasta sumar og maður þurfti náttúrulega líka að sýna sig og sanna, maður gerði það. Hann hefur verið frábær við mig frá fyrsta degi og ég þakka honum mikið fyrir það.“

Kompany stýrir líka álaginu á Jóhanni. „Það er stóra breytingin í þessu, álagið sem hann hefur stýrt á mér í leikjum sem og æfingum. Í sumum tilfellum er ég ekki með á allri æfingunni, ég get verið úti í 40 mínútur á meðan aðrir eru að djöflast í klukkustund eða eina og hálfa klukkustund. Þetta skiptir máli því það sem skiptir höfuðmáli í þessu er að vera heill heilsu og klár í slaginn í leikjum.“ ■

Jóhann Berg í ár

Leikir	21
Mörk	2
Stoðsendingar	4
Gul spjöld	2

182

Jóhann Berg er á sínu sjöunda tímabili hjá Burnley. Í heildina hefur hann spilað 182 leiki og gæti því farið yfir 200 leiki fyrir félagið á þessu tímabili.

Klopp þarf að leysa krísu Liverpool.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Grannaslagur í Bítlaborginni

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það verður líf og fjör í enska boltanum um helgina en toppliðið Arsenal tekur á móti Brentford á heimavelli. Fróðlegt verður að sjá hvernig lærisveinar Mikel Arteta svara fyrir sig eftir verulega óvænt tap gegn Everton um síðustu helgi. Manchester City sem tapaði á sama tíma fær Aston Villa í heimsókn en Pep Guardiola reynir að koma sínum mönnum í takt.

Helgin hefst á grannaslag West Ham og Chelsea en blálíðar hafa verið í tómu tjóni þrátt fyrir botnlausa eyðslu á þessu tímabili.

Manchester United gerði jafntefli við Leeds á heimavelli í miðri viku en á sunnudag fer liðið í heimsókn á Elland Road, mikið fjör er iðulega í leikjum liðanna.

Krísa hefur verið á Anfield undanfarnar vikur en Jurgen Klopp og hans menn fara í áhugaverðan grannaslag gegn Everton á mánudag. Everton vann frækinn sigur á Arsenal um síðustu helgi sem var fyrsti leikur liðsins undir stjórn Sean Dyche. ■

Dagskrá helgarinnar

Laugardagur
12.30 West Ham – Chelsea
15.00 Arsenal – Brentford
15.00 Crystal Palace – Brighton
15.00 Fulham – Nottingham Forest
15.00 Leicester – Tottenham
15.00 Southampton – Wolves
17.30 Bournemouth – Newcastle

Sunnudagur
14.00 Leeds – Manchester United
16.30 Manchester City – Aston Villa

Mánudagur
20.00 Liverpool – Everton

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins auglýsir:

Styrkir til krabbameins-rannsókna

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins

71
styrkur

384
milljónir

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins
Markmið Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. 41 rannsóknarverkefni af fjölbreyttum toga hefur fengið styrk úr sjóðnum frá árinu 2017.

Á þessu ári er stefnt að því að a.m.k. 30% úthlutunar fari til klínískra rannsókna. Sérstaklega er hvatt til umsókna vegna rannsókna á krabbameinum hjá börnum þar sem sjóður Kristínar Björnsdóttur, sem ætlaður er slíkum rannsóknum, var hluti af stofnfé Vísindasjóðsins.

Rynkebysjóður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna
Á árunum 2017 - 2021 styrkti Team Rynkeby Ísland Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna um 80 milljónir króna sem skyldu renna til rannsókna á krabbameinum hjá börnum. Í ár verður í fyrsta sinn úthlutað rannsóknarstyrkjum úr sjóðnum samhliða úthlutun úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins.

Farið verður með umsóknir í Rynkebysjóðinn á sama hátt og umsóknir í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins, eftir því sem við á, þannig að faglegar kröfur Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins gilda. Úr sjóðnum er einungis hægt að sækja um styrki til rannsókna sem tengjast krabbameinum hjá börnum.

Frekari upplýsingar um umsóknir í báða sjóði
- Hámarksupphæð styrks úr hvorum sjóði er 10.000.000 kr.
- Sama verkefni getur fengið styrk að hámarki í þrjú ár
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti **sunnudaginn 12. mars**
- Umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á *www.krabb.is/visindasjodur/*

Dæmi um rannsóknir sem fengu styrk úr Vísindasjóði á síðasta ári:

Erna Magnúsdóttir hlaut 4.793.400 kr. styrk til verkefnisins **BLIMP1 miðluð stjórnun á frumuhring í Waldenströmsæxlum**.

Tómas Guðbjartsson hlaut 1.920.000 kr. styrk til verkefnisins **Nýjungar í skurðmeðferð lungnakrabbameins á Íslandi.**

Valtýr Stefánsson Thors hlaut 5.647.397 kr. styrk til verkefnisins **Ónæmissvar barna eftir krabbameinsmeðferð - hvernig og hvenær er rétt að bólusetja?**

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins er fjármagnaður með styrkjum frá almenningi og fyrirtækjum í landinu. Með þeim styrkjum hefur með sameinuðu átaki tekist að bylta stöðu krabbameinsrannsókna hér á landi.

Krabbameinsfélagið
Vísindasjóður

BJORK@FRETTABLADID.IS

Einstæðar ofurhetjur

Það hefur mögulega komið einhverjum áhorfenda Napóleonsskjalanna sem nú eru sýnd í kvikmyndahúsum á óvart að aðalleikkonan, Vivian Ólafsdóttir, er fjögurra barna móðir. Persónulega varð ég hissa, enda vissi ég ekkert um þessa glæsilegu leikkonu sem nú hefur vakið mikla athygli, en viðurkenni alveg að sú staðreynd gerði hana enn meira spennandi í huga mér. Þegar ég svo komst að því að hún væri einstæð fjögurra barna móðir varð ég að vita enn meira.

Í viðtali hér í blaðinu segist Vivian hafa fundið fyrir því í leit sinni að hlutverkum sem leikkona, að einhverjum finnist það fyrirstaða að hún eigi fjögur börn. Hún hafi aftur á móti tekið þann pól í hæðina að nýta aðstæðurnar sér til framdráttar.

Amen, segi ég! Enda sýnir það að hún sé komin á þann stað sem hún nú er, þrátt fyrir aðstæður, magnaða þrautseigju. Það vitum við öll sem berjumst við að halda lífi í starfsframanum og metnaðinum samhliða heimilishaldi og uppeldi næstu kynslóðar.

Einstæðir foreldrar ættu að leggja áherslu á þann stimpil þegar þeir sækja um starf eða stöðuhækkun og atvinnurekendur einmitt að gefa þeim stig fyrir þá staðreynd. Það þarf nefnilega sterkan einstakling til að standa í því einn, sem hannað er sem verkefni fyrir tvo. ■

> Það þarf nefnilega sterkan einstakling til að standa í því einn, sem hannað er sem verkefni fyrir tvo.

VIÐ MÆLUM MEÐ

Kjúklingavængjum
Ofurskálin er á sunnudaginn og hinn fullkomna Super Bowl-mat segja margir vera kjúklingavængi. Á Just Wingin'it í Litlatúni í Garðabæ og á Snorrabraut eru í boði fjölmargar tegundir. Við mælum sérstaklega með Sticky Icky, Wing Tan Clan og Buffalo Cajun Ranch. Fyrir þau sem ekki vilja kjöt eru blómkálsvængirnir sérlega ljúffengir.

Heitu súkkulaði
Í veðri eins og því sem hefur verið undanfarið er kjörið að hafa það huggulegt heima. Í hugguleghheitunum er svo kjörið að fá sér heitt súkkulaði sem bæði er auðvelt að útbúa og ódýrt. Þú bræðir bara 200 grömm af súkkulaði í bolla af vatni og bætir svo við lítra af hvers kyns mjólk og örlitlu salti. Svo er frábært að setja rjóma út á. ■

Epískt ævintýri á Íslandi

Tónlistarmanninum Romain Collin fannst hann fastur í sköpuninni þegar hann bókaði fjögurra vikna dvöl í sumarhúsi á Íslandi. Hann er kominn aftur og heldur ferna tónleika í Hannesarholti, þrenna með íslenskum gestum.

bjork@frettabladid.is

Romain Collin elskar kuldann og myrkrið á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Romain sem er upphaflega frá Frakklandi, er búsettur í New York þangað sem hann fór til að mennta sig í tónlist fyrir 15 árum, hann segir borgina sem aldrei sefur óendanlega uppsprettu í tónlistar- og menningarlegum innblæstri.

„Við undirbúning nýrrar plötu árið 2019 fannst mér einhvern veginn að mér þrengt í djasstónlistarsenunni sem ég var orðinn hluti af. Listsköpun krefst opins huga gagnvart hinu óþekkta og ókannaða. Það lærði ég með því að spila með hinum mögnuðu Herbie Hancock og Wayne Shorter, sem eru sannir brautryðjendur í tónlist."

Romain upplifði sig fastan á tónlistarsviðinu og fannst hann þurfa að yfirgefa New York til að nálgast sköpunina frá nýju sjónarhorni.

„Ég stóð jafnframt í sambandsslitum og í flugvél á leið til Los Angeles þar sem ég var að fara að halda píanótónleika, pantaði ég, í algjörri hvatvísi, fjögurra vikna dvöl í bústað rétt fyrir utan Selfoss," segir Romain sem vissi ekkert um Ísland en grunaði að það væri góður staður til að týna sjálfum sér um stund.

„Þetta varð svo upphafið að epísku ævintýri, en án ævintýra verða engar sögur og án sagna verður engin tónlist."

Romain kom til landsins í febrúar 2020 í miðjum snjóbyl. „Það var brjálæðislega spennandi. Veturnir á Íslandi eru ótrúlega fallegir. Ég elska kuldann, myrkrið og allt þetta hráa."

Romain hafði tekið með sér töluvert af búnaði til tónlistarsköpunar en hafði af ásettu ráði ekki aðgang að píanói, sínu aðalhljóðfæri.

„Fyrsta kvöldið í bústaðnum var ég við tónsmíðar þegar ég fann fyrir löngun til að ganga út fyrir þar sem við mér blöstu rosaleg norðurljós sem lýstu upp himininn," segir Romain en upplifunin varð innblástur að laginu Tell the Northern Lights.

Hætti við að fara
Ævintýrið hélt áfram þegar Covid skall á heimsbyggðina af fullum þunga.

> Ég var búinn að pakka og kominn út í bíl þegar ég dró andann djúpt og fann að ég varð að vera áfram.

„Tveimur vikum eftir að ég kom hingað setti Trump á bann við ferðalögum til og frá Evrópusambandinu og gegn eigin vilja keypti ég mér miða til baka. Ég var búinn að pakka og kominn út í bíl þegar ég dró andann djúpt og fann að ég varð að vera áfram. Ég sneri við í bústaðinn og kom græjunum aftur fyrir.

Ég tók áhættu enda vissi enginn hvað yrði eða hversu löng dvöl mín yrði hér," segir Romain sem var einn í bústaðnum fyrstu sex vikurnar og segir einangrunina hafa verið vissa áskorun. „Einn daginn keyrði ég svo til Víkur þar sem ég gekk inn á Black Sand Beach Suites og eigandinn bauð mér glæsilega svítu á tómu hótelinu."

Romain dvaldi þar næstu fjórar vikur en segir eigandann aðeins hafa rukkað sig um nokkrar nætur. „Ég verð ævinlega þakklátur honum fyrir örlætið og vinskapinn. Veran í Vík var dulúðleg reynsla."

Hefðin í Hannesarholti
Eftir veturinn hélt Romain aftur til New York og fór með verkin sem hann samdi hér á landi, í stúdíó.

„Þegar því var lokið flaug ég aftur til Reykjavíkur. Í New York var enn mikið um Covid-lokanir en á Íslandi gekk allt nokkuð eðlilega og mig langaði að tengjast betur íslenskri menningu. Vinur minn tengdi mig við trompetleikarann Ara Kárason sem kynnti mig fyrir frábæru tónlistarfólki auk Ragnheiðar Jónsdóttur í Hannesarholti þar sem ég hélt nokkra tónleika með Ara, GDRN og Bergi Þórissyni. Tónleikasalurinn þar býr yfir djúpum og hreinum hljómi og Steinway-píanóið þeirra er glæsilegt.

Það er alltaf gaman að spila í Hannesarholti og við höfum haldið þeirri hefð í hvert sinn sem ég kem til landsins," segir Romain sem nú dvelur í listamannaíbúð á vegum Hannesarholts og heldur þar eins og fyrr segir ferna tónleika í febrúar. Nú í kvöld eru það einleikstónleikar en þann 18. febrúar verður söngkonan GDRN með honum og Viktor Árnason þann 25. ■

UM HELGINA

Spennandi sýning í Ofurskálinni

birnadrofn@frettabladid.is

Philadelphia Eagles og Kansas City Chiefs keppa um Ofurskálina eða Super Bowl í Arizona á sunnudaginn. Um er að ræða einn stærsta íþróttaviðburð ársins sem sjónvarpað er um allan heim.

Margir eru spenntir fyrir leiknum sjálfum en þau sem ekki hafa mikinn áhuga á ameríska fótbolta bíða mörg spennt eftir tónlistaratriðinu sem fer fram í hálfleik. Margt tónlistarfólk hefur sett á svið svakalegar sýningar í hálfleik Ofurskálarinnar og muna líklega margir eftir því þegar Justin Timberlake sýndi heiminum brjóstið á Janet Jackson eða þegar Prince söng Purple Rain í grenjandi rigningu.

Í ár kemur Rihanna fram í hálfleik Ofurskálarinnar og bíða margir spenntir eftir því að sjá hvaða sýningu ofurstjarnan býður upp á. Ýmsar getgátur eru á lofti og telja margir líklegt að Jay-Z muni koma fram með Rihönnu en hann hefur verið kallaður lærifaðir hennar. Fari svo væri ekki ólíklegt að þau myndu taka lagið Umbrella.

Sögkonan Rihanna kemur fram í hálfleik Ofurskálarinnar. Margir velta nú fyrir hverjir muni koma fram með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kanye West þykir einnig líklegur til að koma fram með Rihönnu og að þau tækju lagið Run This Town eða jafnvel lagið FourFiveSeconds. Fari svo að þau tækju hið síðarnefnda gæti jafnvel Paul McCartney bæst í hópinn. Enn fleira listafólk hefur verið nefnt líklegt til að koma fram með Rihönnu og má þar til dæmis nefna Eminem, Shakiru, Kendrick Lamar og Coldplay.

Segja má með vissu að Rihanna töfri fram geggjaða sýningu á sunnudaginn og verður gaman að sjá hverjir munu koma fram með henni. Ofurskálin er sýnd á Stöð 2 Sport2 og hefst upphitun klukkan 22 og leikurinn sjálfur klukkan 23.30. ■

> Margir telja líklegt að Jay-Z komi fram með Rihönnu. Einnig þykir Kanye West líklegur.

EHF EUROPEAN LEAGUE

VALUR VS CLUB BALONMANO BENIDORM

ORIGO HÖLLIN HLÍÐARENDA
ÞRIÐJUDAG KL. 19:45

KJÖTSÚPA & PYLSUR FYRIR LEIK
KALDUR Á KRANA Í FJÓSINU

HANDBOLTAUNNENDUR SNÚM BÖKUM SAMAN
MÆTUM & STYÐJUM VALSARA TIL SIGURS!

COLAS
Snickers WORKWEAR
BÍLASALA ÍSLANDS
Gift to wallet by Leikbreytir
FRÉTTABLAÐIÐ
UNBROKEN
MÚRKOMPANÍIÐ
KPMG
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
SIXT
mila
BLUE LAGOON ICELAND
novis
Arion banki
Sólar Gluggatjöld

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Það þýðir ekkert að standa og væla

Vivian Didriksen Ólafsdóttir fer mikinn á hvíta tjaldinu þessa dagana í aðalhlutverki í Napóleonsskjölunum sem byggð eru á samnefndri bók Arnaldar Indriðasonar. Vivian fór ekki hefðbundna leið að markmiðinu enda einstæð fjögurra barna móðir sem á stutt í fertugt þegar stóra tækifærið kemur.

Harða gellan í kvikmyndinni Leynilöggan, sem sló í gegn á síðasta ári, vakti töluverða athygli enda andlit sem fáir þá þekktu, í nýfrumsýndum Napóleonsskjölunum ber hún svo uppi myndina og raðar í kringum sig þekktum leikurunum eins og Iaian Glen úr Game of Thrones, Ólafi Darra Ólafssyni, Þresti Leó Gunnarssyni og fleirum.

Það lá því beinast við að komast að fleiru um konuna á bak við hina grjóthörðu karaktera sem hún túlkar í fyrrnefndum myndum og byrja á alþjóðlegu nafninu, hvaðan kemur nafnið Vivian?

„Ég er hálffæreysk, Vivian er borið fram sem Vívian og Didriksen er færeyska ættarnafnið mitt. Móðir mín er færeysk og ég er fædd í Þórshöfn þar sem við bjuggum ásamt föður mínum fyrstu þrjú ár lífs míns.“

Móðuramma og -afi Vivian höfðu flutt hingað til lands ung að árum og er móðir hennar fædd og uppalin á Íslandi. „Mamma og pabbi ákváðu svo að prófa að hoppa þarna yfir og búa í nokkur ár.“

Alltaf á leiðinni til Færeyja

Vivian segir tengslin við Færeyjar sterk hjá fjölskyldunni en sjálf hafi hún ekki ræktað þau nægilega. „Ég hef ekki komið til Færeyja síðan ég var níu ára. Ég var alltaf á leiðinni og var komin með miða þegar Covid skall á svo það frestaðist enn og aftur.“

Aðspurð segir Vivian færeyskuna blunda í sér. „Svo þegar það eru ættarmót og annað slíkt þá bara kemur hún. Ég skil meira og minna allt en það fer auðvitað eftir því hvaðan Færeyingarnir koma. En mig hefur langað mikið að fara aftur, ná tungumálinu alveg og mynda mín eigin tengsl við landið og fólkið. Ég mun gera það.“

Eftir upphafið hjá frændum vorum Færeyingum segist Vivian hafa alist upp hér og þar. Í dag býr hún ásamt börnum sínum í Mosfellsbænum, þaðan sem faðir hennar var ættaður. „Við vorum eitthvað hér, á Sauðárkróki, mörgum stöðum í bænum og í Þýskalandi. Foreldrar mínir skildu þegar ég var sjö ára og voru að fóta sig sitt í hvoru lagi.“

Vivian á fjögur systkini. „Systir mín, Anní Ólafsdóttir, er líka í kvikmyndagerð. Við erum mjög nánar og það er eiginlega út af henni sem ég leiddist út í þennan geira. Þegar ég var yngri ætlaði ég að verða svona milljón hlutir en man að ég hugsaði: Kannski verð ég bara leikari!“

Hrökklaðist frá Hollywood

Tuttugu og eins árs gömul ákvað Vivian aldeilis að láta á það reyna og réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur, heldur stefndi lóðbeint á Hollywood. Vivian var að heimsækja Bandaríkin í fyrsta sinn og leist engan veginn á menninguna. „Ég var bara í skítugu Hollywood, nýkomin frá Sauðárkróki. Ég fór á tveggja mánaða námskeið hjá virtum leiklistarskóla í Santa Monica og skoðaði þetta aðeins en var fljót að segja: Nei, takk!“ segir hún með áherslu. „Mér fannst þetta fólk klikkað. Allir ógeðslega örvæntingarfullir, mikið eldri en ég og í volæði að reyna að meika það. Ég hugsaði með mér: Ég ætla ekki að vera hluti af þessu!“

Vivian segir að þegar heim var komið hafi henni verið bent á að þetta væri ekki rétta leiðin, frekar hefði hún átt að fara til Evrópu þar sem ekki væri sami sirkusinn.

„Ég kom heim í hruninu og fór í framhaldi til Þýskalands. Ég var þar í tvö og hálft ár og eftir að hafa búið í Þýskalandi sem barn náði ég þarna aftur tengingu við landið og fullum tökum á tungumálinu.“

> Mér fannst þetta fólk klikkað. Allir ógeðslega örvæntingarfullir, mikið eldri en ég og í volæði að reyna að meika það. Ég hugsaði með mér: Ég ætla ekki að vera hluti af þessu!

Frá grasalækningum í leiklist

Þegar Vivian flutti aftur heim var hún ákveðin í að fara í nám.

„Ég ætlaði í nám í grasalækningum en það er enn stórt áhugamál hjá mér, næring og meltingarvegurinn. Ég fann virtan grasalæknaskóla í Skotlandi, og þá bara verð ég ólétt,“ segir Vivian og skellir upp úr.

Þarna var hún 24 ára, ekki í sambandi og átti óvænt von á sínu fyrsta barni og frestaði grasalæknisnáminu. „Þegar dóttirin var komin í heiminn var systir mín byrjuð í námi í Kvikmyndaskólanum og hvatti mig til að tékka aftur á leikaradrauminum og fara í Kvikmyndaskólann,“ segir Vivian og viðurkennir að upplifunin frá Hollywood-tímanum hafi enn setið í henni.

„Ég hafði sett þetta til hliðar og ætlaði að gera eitthvað allt annað. Í Þýskalandi fór ég meira að segja í trúarbragðafræði og heimspeki. Ég var rosa mikið að reyna að finna út hver ég væri og hvað ég vildi gera.“

Í inntökuprófi illa undirbúin

Vivian þakkar systur sinni alfarið að hún hafi farið í nám í Kvikmyndaskólanum.

„Hún lætur mig hafa pistil sem ég átti að læra. Ég lærði hann ekki einu sinni almennilega en hún skutlaði mér og sendi mig inn. Ég var illa undirbúin en komst inn mér algjörlega að óvörum. En stundum er þetta svona í lífinu, þegar maður er alveg opinn og slakur og hugsar að manni sé sama.

Ég er ofboðslega þakklát fyrir þennan skóla sem var eini skólinn sem bauð upp á kvikmyndatengt nám en ég hafði aldrei áhuga á að starfa í leikhúsi.“

Þrjú börn bættust við

Vivian útskrifaðist árið 2012 og er þá aftur barnshafandi. »

Vivian hefur undanfarinn áratug unnið að því að koma sér á framfæri sem kvikmyndaleikkona, á sama tíma og hún eignaðist fjögur börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

VIVIAN ÓLAFSDÓTTIR JACK FOX ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON IAIN GLEN

NAPÓLEONSSKJÖLIN

KVIKMYND EFTIR ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

KOMIN Í BÍÓ

BYGGÐ Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRIÐASON

STJÓRN KVIKMYNDATÖKU ÁRNI FILIPPUSSON LEIKMYNDAHÖNNUN HEIMIR SVERRISSON TÓNLIST FRANK HALL BÚNINGAHÖNNUN SYLVÍA DÖGG HALLDÓRSDÓTTIR
GERVAHÖNNUN CARMEN BOTERMANN MARCUS MICHAEL KLIPPING GUNNAR B. GUÐBJÖRNSSON & KRISTJÁN LOÐMFJÖRÐ HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING &
SINDRI ÞÓR KÁRASON MEÐFRAMLEIÐENDUR JENS WOLF NESHE DEMIR DAGSKRÁRSTJÓRI ZDF DORIS SCHRENNER AÐSTOÐARFRAMLEIÐANDI FRANK SEYBERTH
FRAMLEIÐSLUSTJÓRI ERLINGUR JACK GUÐMUNDSSON YFIRFRAMLEIÐENDUR KJARTAN THOR THORDARSSON RALPH CHRISTIANS AÐALSTEINN JÓHANNSSON
BYGGT Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRIÐASON HANDRIT MARTEINN ÞÓRISSON FRAMLEIÐENDUR TINNA PROPPÉ HILMAR SIGURÐSSON ANITA ELSANI DIRK SCHWEITZER
LEIKSTJÓRN ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

» „Ég kynntist fyrrverandi eiginmanni mínum og barnsföður í Kvikmyndaskólanum. Við gerðum tvær bíómyndir saman, önnur kom aldrei út en hina tók okkur sjö ár að vinna, eiginlega allt hjónabandið okkar.“

Um var að ræða It hatched, hryllingsmynd með gamansömum undirtón sem var sýnd í Laugarásbíó. „Þetta var svona indí-mynd sem enginn tók eftir en ég mæli svo innilega með henni en hún er aðgengileg á netinu í dag.“

Vivian eignaðist tvö börn með fyrrverandi eiginmanni sínum en fljótlega eftir skilnaðinn varð hún barnshafandi í fjórða sinn.

„Það kom bara einn lítill karl í viðbót,“ segir hún og hlær en yngsti sonurinn er í dag tæplega fjögurra ára. Vivian var ekki í sambandi við barnsföðurinn en gat ekki hugsað sér annað en að eiga barnið þó að aðstæður væru vissulega flóknar.

Ekki mælt með barneignum

„Frá því ég steig inn í Kvikmyndaskólann í fyrsta sinn hef ég verið ákveðin í að ég er leikari, punktur. Þetta er búið að vera brjálæðis hark en ég er líka búin að njóta þess. Það hafa komið upp alls konar verkefni á leiðinni, lífið,“ segir Vivian sem viðurkennir alveg að það hafi bitnað á fjárhagnum að elta drauminn.

> Ég sagði: „Ef það að vera ein með fjögur börn er ekki full vinna, þá veit ég ekki hvað! Og ég er útbrennd og þarf hjálp.“

Ég fékk alveg að heyra að ekki væri mælt með því að eignast börn í þessum geira og eftir annað barnið var mér bent á að vera ekki að bæta fleirum við. En svo fór þetta samt svona hjá mér og ég er svo þakklát að núna, tíu árum eftir útskrift, að hingað sé ég komin. Ég horfi til baka og hugsa að þetta hafi verið þess virði.“

Vivian viðurkennir að það hafi þurft blöndu af kæruleysi og ákveðni til að halda áfram eins lengi og hún hefur gert. „Það þarf gott flæði, ákveðið kæruleysi og mikla ákveðni.“

Ætla að snúa þessu við

Aðstæður Vivian eru vissulega aðrar en flestra leikkvenna sem eru að koma sér á framfæri og þá sérlega þar sem hugurinn stendur út fyrir landsteinana.

„Ég hef alveg fundið fyrir því að einhverjum finnist það fyrirstaða að ég eigi fjögur börn. En ég ætla bara að snúa þessu við og nota það mér til framdráttar. Enda er ég búin að koma mér hingað í öllu harkinu. Auðvitað komu þó upp tímabil þar sem ég hugsaði með mér hvort ég gæti þetta eða hvort það væri eigingjarnt af mér gagnvart börnunum að vera listamaður. Ég hef ekki getað veitt þeim endilega það sama og vinir þeirra fá.“

Vivian segist í dag sannfærð um að staða hennar nýtist henni til góðs. „Maður þarf að standa með sjálfum sér. Ég er stolt af því sem ég hef áorkað og drifkrafturinn sem börnin gefa manni vinnur gegn erfiðinu. Þau eru mitt stolt og mér finnst til fyrirmyndar að hafa komist hingað og held að það geti gefið öðrum í svipaðri stöðu von.“

Við erum í Doddabæ

Eins og fyrr segir leikur Vivian aðalhlutverkið í kvikmyndinni Napóleónsskjölunum en hvernig ætli hafi gengið að koma tökunum fyrir meðfram hinum daglegu verkefnum?

„Ég nýt þess að leika og elska það, það er aldrei erfitt en það erfitt að púsla heimilislífinu. Þetta hefur stundum verið geðveiki en ég á gott bakland fjölskyldu og vina. Börnin fara vanalega til feðra sinna langar helgar og á meðan á tökum stóð í þrjá mánuði breyttum við fyrirkomulagi þannig að þau voru meira hjá þeim og komu til mín langar helgar.“

Vivian hefur undanfarin ár leikið aukahlutverk í ýmsum þáttum en stærsta innkoman hefur komið úr erlendum auglýsingum.

„Það sem hélt mér uppi allan þennan tíma sem ég hef verið að reyna að meika það sem leikkona, voru þessar erlendu auglýsingar.“

Vivian hefur gengið vel að koma sér á framfæri hér á landi enda segist hún þakklát fyrir að koma úr svo litlu samfélagi.

„Við erum bara í Doddabæ þar sem allir hafa möguleika. Ég veit hvernig það er að reyna að koma sér á framfæri úti í hinum stóra heimi þar sem þú ert bara einhver kennitala og milljón manns jafn hæfileikaríkir og þú – ef ekki bara hæfileikaríkari – og ekki með fjögur börn,“ segir hún með áherslu. „Ég er sjúklega heppin.“

Leitaði sér aðstoðar

Fyrir tveimur árum fékk Vivian staðfestingu á því sem hana hafði grunað, að hún væri með ADHD.

„Ég var í raun útbrennd eftir skilnaðinn og að hafa svo eignast barn ein, beint í kjölfarið. En það þýðir ekkert að standa og væla og maður verður bara að keyra þetta áfram. Áfram gakk! En svo fór að ég leitaði mér aðstoðar í Virk.“

Í fyrsta viðtali hjá Virk lýsti Vivian því að þó að það væri ekki föst vinna sem væri að sliga hana þá væri hún einstæð móðir sem hreinlega væri búin með orkuna.

„Ég sagði: „Ef það að vera ein með fjögur börn er ekki full vinna, þá veit ég ekki hvað! Og ég er útbrennd og þarf hjálp.“ Þau sögðust ekki geta sagt nei við þessu og ég fékk aðstoð. Því miður kom svo Covid svo ég gat nýtt mér það minna en planið var. En þetta hjálpaði mér að rétta mig aðeins af. Þarna fór ég þó að sjá að ég funkera ekki eðlilega, ég á erfitt með að fara í málin og klára þau. Ég flutti að heiman sextán ára svo þetta er löng saga af mér einni að díla við fullorðins dót án þess að kunna það.“

Af hverju er ég svona?

Vivian fór í ADHD-greiningu og segir það hafa verið gott að vita hvað amaði að sér og geta þannig tekið á því. „Ég hef svo oft hugsað: Af hverju er ég svona?“

Vivian hefur ekki tekið lyf við ADHD þó að hún útiloki það ekki en hefur skoðað mataræðið vel og segist þannig halda niðri einkennum.

„Ég er hrædd við lyf því ég er með psoriasis, tourette og ADHD, svo ef ég fer að dæla í mig einhverjum lyfjum við einu, getur það haft áhrif á annað. En ég passa rosalega hvað ég borða – ef ég geri það ekki krassar kerfið mitt.“

Vivian segir áhugann á áhrifum mataræðis á heilsuna lengi hafa fylgt sér en eftir greininguna hafi hann aukist enn frekar.

Vivian hér ásamt börnum sínum fjórum. Unu, 14 ára, Esju, 11 ára, Óla, 6 ára og Funa, 4 ára.
MYND/ AÐSEND

Kvikmyndin Napóleonsskjölin er byggð á samnefndri bók Arnaldar Indriðasonar sem kom út árið 2007.
MYND/JULIETTE ROWLAND

Vivian segir stórleikarann Iain Glen sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt úr Game of Thrones, hafa gefið mikið af sér við tökurnar og hún hafi getað sótt í reynslubrunn hans eins og aðrir leikarar. MYND/JULIETTE ROWLAND

Vivian hér ásamt leikurunum Jack Fox, Iain Glen og Adesuwa Oni. MYND/JULIETTE ROWLAND

> Frá því ég steig inn í Kvikmyndaskólann í fyrsta sinn hef ég verið ákveðin í að ég er leikari, punktur. Þetta er búið að vera brjálæðis hark en ég er líka búin að njóta þess.

Vivian hér við tökur ásamt leikstjóra myndarinnar, Óskari Þór Axelssyni. MYND/JULIETTE ROWLAND

„Þá fór ég að skoða þetta í kjölinn og læra mikið inn á sjálfa mig," segir Vivian sem lærði mikið á námi í Heilsumeistaraskólanum. „Það kviknaði á risastórri ljósaperu hjá mér og ég skildi svo margt. Ég er ekki á móti lyfjum og útiloka ekki að prófa þau, en fyrir mig fyndist mér ekki rétt að taka lyf að staðaldri. Ég borða allt og er algjör nautnaseggur og er ekkert heilög þegar að því kemur. En dagsdaglega neyti ég engra mjólkurvara eða hveitis og legg mikla áherslu á grænmeti, ávexti, olíur, ensím og gerla og reyni að hafa mataræðið basískt."

Vivian segist ekki hafa fengið formlega greiningu á tourette. „Ég veit það bara, ég þarf ekki að fara í greiningu. Þetta var mikið meira þegar ég var yngri, ég var með rosalega mikið af kækjum og réð stundum ekkert við mig. Á þessum tíma var ég líka algjör kálfur og drakk helst lítra af mjólk á dag og sem unglingur var ég öll afmynduð af hormónarugli," segir Vivian.

„Þetta er þó eitthvað sem ég er búin að mastera, ég lærði sem krakki að fela þetta því mamma skammaði mig mikið fyrir kækina. Hún vissi ekki hvernig hún átti að taka á þessu, það vissi enginn hvað þetta var."

Mataræðið veitt kontról

Vivian segir mikið hafa breyst þegar hún tók út mjólkurvörur. „Ég varð allt önnur líkamstýpa. Mataræðið veitti mér kontról."

Aðspurð hvernig gangi að læra texta, hvort ADHD hái henni þar svarar Vivian:

„Ég læri texta í gegnum líkamann og geri alls konar æfingar til þess. Ég kveiki á grát með ákveðinni hreyfingu, ég þarf ekki einu sinni að hugsa. Í skóla lærir maður alls konar tækni en svo tínir maður út það sem hentar og býr til eigin verkfærakistu. Ég man engin nöfn en er brilljant í tilfinningu," segir hún í léttum tón.

Vivian segist hafa notið þess í botn að taka þátt í Napóleónsskjölunum. „Ég hugsaði aðeins um það hvernig maður kæmi út sem nóboddí innan um þessa geggjuðu leikara. Ég spurði mig hvort ég yrði sambærileg þessu fólki. En svo gekk þetta alveg rosalega vel enda Óskar æðislegur. Ég var líka dugleg að taka smá pláss og nýta mér reynslu hinna leikaranna. Stórstjarnan Iain var duglegur að gefa af sér til okkar allra og koma með punkta. Það er svo gaman að vinna með svona kláru og reynslumiklu fólki."

Aðspurð hvernig hafi verið að sjá sig á hvíta tjaldinu með fullum sal af áhorfendum segir Vivian: „Í öllu því sem ég hef gert hef ég alltaf átt erfitt með að horfa á sjálfa mig. Ég er ekki alveg komin þangað. Ég er dugleg að fá að sjá mónitorinn í tökum og það dugir mér. Mér fannst myndin geggjuð en ég ætla ekkert að horfa á hana aftur," segir hún og hlær enda ekki mikið fyrir það að horfa á sjálfa sig eins og fram hefur komið.

Það er ýmislegt fram undan hjá Vivian en stærsta verkefnið er þættir eftir bókum Yrsu Sigurðardóttur.

„Ég er að lesa fyrstu bókina, DNA," segir hún og bendir á bókina á stofuborðinu. „Þetta er allt að púslast saman og ég er spennt fyrir þessu verkefni."

Viljum heyra um eldri konur

Aðspurð hvort hún sé nú komin á þann stað sem hún ætlaði sér svarar hún ákveðin:

„Nú er þetta að fara að byrja. Hefði ég verið fljótari hefði ég ekki átt þessi börn? Ég veit það ekki. Ég er svo þakklát fyrir að vera kona á þessum tímum. Ef ég hefði verið uppi 40 árum fyrr væri ég búin að missa bitastæðu hlutverkin og væri sett í hlutverk mömmunnar og svo ömmunnar vegna aldurs. Þetta er búið að breytast svo mikið, nú viljum við heyra sögur um konur sem eru fimmtugar og eldri. Þær eru aðalkarakterarnir, við erum ekki lengur að kaupa það að einhver 25 ára skvís sé búin að mastera allt í lífinu, það eru bara krakkar."

Vivian er handviss um að æskudýrkunin sem tröllriðið hefur þessum geira lengi vel sé á undanhaldi.

„Ég er mjög ánægð með það og það væri gaman að vera til fyrirmyndar í þeim efnum, að vera leikkona sem var fyrst að meika það um fertugt. Mér var bent á það af umboðsmanni að klukkan væri farin að tikka hjá mér og benti honum á móti á að hann vissi greinilega ekki hvað klukkan væri að tikka yfirhöfuð. Þetta er framtíðin!" segir hún ákveðin að lokum. ■

Mikilvægt að staldra við

Unnar Gísli Sigurmundsson er betur þekktur undir listamannsnafninu Júníus Meyvant. Hann er alinn upp í Vestmannaeyjum þar sem hann býr nú með konu sinni og börnum. Unnar hefur vakið athygli um allan heim fyrir tónlist sína en í mars heldur hann stórtónleika í Eldborg.

Unnar Gísli, betur þekktur sem Júníus Meyvant, hefur verið í tónlist frá því hann var tvítugur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu," segir tónlistarmaðurinn Unnar Gísli Sigurmundsson, sem betur er þekktur sem Júníus Meyvant, um stórtónleika sem hann heldur í Hörpu þann 10. mars næstkomandi.

Unnar Gísli er fæddur í Vestmannaeyjum og þar ólst hann upp ásamt foreldrum sínum og systkinum. Hann segir uppeldið í Vestmannaeyjum hafa verið gott og þar býr hann nú með sinni fjölskyldu.

„Það var fínt að alast upp þarna og ég þekki ekkert annað," segir Unnar. „Ég byrjaði ungur á hjólabretti og þá var ég ekkert voðalega hrifinn af Vestmannaeyjum. Þar er lítið af stöðum til að vera á hjólabretti og eiginlega alltaf vont veður, svo ég var alveg grautfúll út í Eyjar þá," segir hann.

„Pabbi minn á kindur og þegar ég var yngri keyrði hann um bæinn að leita að mér til að fara að smala kindum. Ég vildi bara vera úti á bretti og nennti alls ekki smalalífinu. Ef ég heyrði hljóð í trukk skutlaði ég mér inn í runna til að fela mig," segir Unnar og hlær.

Gott að vera í smábæ

Unnar flutti frá Vestmannaeyjum um tíma en býr nú þar ásamt eiginkonu sinni Sigríði Unni Lúðvíksdóttur og þremur börnum þeirra. „Ég sá bara einbýlishús til sölu þarna og á þeim tíma fékk maður hús þar á sama verði og herbergi í Reykjavík," segir Unnar.

Hann segir fjölskylduna una sér vel í Eyjum. Þar sé rólegur bragur á öllu og mikil náttúra. „Þegar þú flytur úr stórborg til Vestmannaeyja þá verður gríðarlega mikið úr deginum. Þú ert enn þá í hraða borgarinnar til að byrja með en svo líður tíminn og þá ferðu inn á aðeins hægari damp. Þú hefur meiri tíma þannig að þú verður aðeins slakari, það gerist í smábæjum," segir hann.

„Það er voðalega gott að vera í svona smábæjum með börn, þau eru oft frjálsari en auðvitað eru kostir og gallar alls staðar," segir Unnar en hann þarf til að mynda oft að fara upp á land til að sinna vinnu sinni.

„Ég elska að búa þarna og ef þú átt lítinn gúmmíbát eða eitthvað slíkt þá er það enn betra. Þá getur maður siglt í kringum Heimaey og farið á hinar eyjarnar og náttúran er ótrúleg, þarna eru hvalir á sumrin og ótal tegundir af fuglum," segir Unnar.

Sköpun mikilvæg

Frá því að Unnar var lítill hefur hann haft þörf fyrir að skapa, hann málar og teiknar og þegar hann var um tvítugt hóf hann að spila á gítar. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Unnar hefur nú gefið út þrjár breiðskífur og tvær stuttskífur. Hann hefur fangað hjörtu um allan heim með lögum á borð við Signals, Gold Laces og Ain't Gonna Let You Drown.

Lagið sem flestir þekkja er þó líklega lagið Color Decay sem sló í gegn víða og var jafnframt fyrsta lagið sem Júníus Meyvant gaf út. „Það er mjög fyndið en ég tók það lag upp sem demó alveg sjálfur og var bara með það í tölvunni minni. Trommarinn sem var með mér þá og er enn þá með með mér, Kristófer Rodriguez, sendi Halla þetta lag og hann varð mjög spenntur að vinna með mér," segir Unnar og á þar við umboðsmann sinn, Harald Leví Gunnarsson.

„Ég var þarna um þrítugt og var búinn að vera að ströggla í tónlist í nokkur ár og þá fannst mér ég bara vera orðinn gamall. Ég hugsaði: Þetta er búið, ég er að fara að deyja á morgun," segir Unnar glettinn.

„En þetta gerðist einhvern veginn rétt og á réttum tíma og ég er mjög þakklátur fyrir það. Maður á að vera þakklátur en það er enginn botn á græðginni, þegar maður er kominn hátt setur maður sér bara hærra markmið en maður verður aðeins að staldra við, tíminn er svo fljótur að líða og þetta er bara búið á morgun," segir Unnar.

Hann segir velgengni lagsins hafa breytt miklu fyrir sig. Nú geti hann starfað eingöngu sem tónlistarmaður og hafi ferðast um heiminn með tónlist sína en Unnar hefur bæði farið á túra þar sem hann treður upp á hverju einasta kvöld og nýlega fór hann í tvo túra með hljómsveitinni Kaleo þar sem hann hitaði upp fyrir hljómsveitina.

„Það var mjög gaman og skemmtilegt, við fórum um alla Evrópu og á staði sem ég hef ekki farið á áður, alla leið til Tyrklands og Grikklands," segir hann.

„Í þessum túr spiluðum við sirka annan hvorn dag.," segir Unnar. Þegar ég hef túrað er það oftast „show" á hverju kvöldi af því að það er dýrt að taka frídaga en maður þarf samt að gera það til að ná jafnvægi," bætir hann við.

> Þetta gerðist einhvern veginn rétt og á réttum tíma og ég er mjög þakklátur.

> Ég hef smakkað áfengi en ég drekk það ekki svo ég er mjög hreinn og beinn á túrum.

Fékk betri endann

Unnar ferðast mikið vegna vinnunnar og segist hann í raun hafa fengið betri enda spýtunnar þegar kemur að hjónabandinu. Hann sé afar heppinn með konu sem styðji hann og hugsi um börnin þeirra þegar hann er á ferðalögum.

„Hún er bara alveg einstaklega góð. Alveg ótrúleg manneskja og sterk," segir hann en þau Unnar og Sigríður hafa verið gift í 18 ár.

„Við giftum okkur ung og lifum frekar ólíku lífi, en það er svo oft þannig í samböndum að fólk er ólíkt og þetta virkar hjá okkur," segir Unnar.

„Hún hefur svo komið til mín þegar ég er á túr, kom til dæmis og var með mér í tíu daga einu sinni og það er mjög dýrmætt að geta verið í svona aðstæðum með maka sínum þó að það sé kannski ekkert svo gaman fyrir makann," segir hann.

„Maður nær ekki að skoða mikið og þetta er mikið hangs."

Ekki mikið djamm

Aðspurður segir Unnar ekki mikið um djamm og drykkju á túrunum hjá honum. „Það er alveg hægt að gera þetta þannig en þá ertu kannski ekki að skila mjög góðu show-i. Ég hef smakkað áfengi en ég drekk það ekki þannig að ég er mjög hreinn og beinn á túrum, ég er meira að segja á hollustufæði," segir Unnar sem segist þó ekki alltaf vera á slíku fæði, bara á túr. „Ég er nammisjúkur."

Þá segist Unnar ekki vera strangur þegar hann er á túr og að alltaf sé stutt í grínið. „Ég er bara alltaf í djókinu," segir hann. „Ég byrja oft tónleika á því að segjast vera í annarri borg en ég er í, bara í djóki. Einu sinni var ég í Manchester og sagði: „It's good to be in Liverpool." Fólki fannst það ekki fyndið og ég fékk mjög „hostile" móttökur," segir Unnar.

„Ég sagði þeim að stoppa og sagði svo: „Sorry, I know I'm in Everton." Þá trylltust þau enn meira," bætir hann við skellihlæjandi .

Hann segist nú farinn að undirbúa það sem hann muni segja á milli laga á tónleikunum í Hörpu í mars. „Maður þarf að passa sig að grínast ekki of mikið. Fara einhvern milliveg."

En af hverju nafnið Júníus Meyvant?

„Ég vildi nota eitthvert listamannsnafn, Unnar Gísli greip mig ekki alveg sem alþjóðlegt nafn og ég vildi nafn sem passaði hérna heima og fyrir utan landsteinana," segir Unnar.

„Ég var mikið að semja brass og alls konar fyrir lúðra á þessum tíma og ég hugsa alltaf um Júníus sem svona langan kall, svona lúðrakall, og Meyvant er svona snöggur, aðeins minni, fljótur inn og út af fundum og svona. Þegar ég blandaði þessu saman þá varð einhver galdur og þetta sterka nafn," bætir Unnar við. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 11. febrúar 2023

Hornsteinn
60 ára afmælissýning
11/02 – 20/08 2023
LISTASAFN ÁRNESINGA
Austurmörk 21 • 810 Hveragerði

Þátttakendur koma með staka sokka. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sokkabrúðugerð á bókasafninu

sandragudrun@frettabladid.is

Momo Hayashi, listakona og kennari frá Kobe í Japan, verður með sokkabrúðugerð í Kakó Lingua á morgun á milli 13.30 og 15.00 á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Þátttakendur koma með staka sokka en annað sem þarf til föndursins verður á staðnum. Svo er aldrei að vita nema þátttakendur læri smá japönsku í leiðinni! Momo er menntuð í kennslufræðum og íslensku og er meðeigandi í hönnunarbúðinni svartbysvart. Hún talar japönsku, ensku og íslensku en á öllum viðburðum Kakó Lingua leika þátttakendur sér saman að því að brjóta tungumálamúrinn.

Læra orð á annan hátt

Kakó Lingua eru viðburðir á Borgarbókasafninu í Kringlunni þar sem fólk kynnir hvert annað fyrir nýjum tungumálum í gegnum einföld og skemmtileg verkefni í hvetjandi og notalegu umhverfi. Viðburðirnir eru fyrir börn á öllum aldri sem langar að læra ný orð á skemmtilegan hátt. Yngstu börnin gætu þó þurft að fá hjálp frá foreldri. Viðburðirnir eru allir ókeypis. Næstu viðburðir á eftir sokkabrúðugerðinni eru Arabískir tónar og skrautskrift með Amel Barich og Skordýr segja frá: sögustund með Sverri og Cerise. ■

Ívar ákvað snemma að hann vildi eiga heima á Spáni og þar hefur hann verið búsettur í tæp 30 ár. MYND/AÐSEND

Þetta er draumur í dós

Golfkennarinn Ívar Hauksson hefur verið búsettur á Spáni í tæp 30 ár þar sem hann unir hag sínum afar vel ásamt sambýliskonu sinni og tveimur dætrum þeirra. 2

Ívar er PGA-golfkennari en þúsundir íslenskra kylfinga hafa notið leiðsagnar hans í gegnum árin. Hann tók við yfirkennarastöðu á hinu glæsilega Mar Menor golfsvæði fyrir átta árum en það er staðsett um 100 kílómetrum frá Alicante. Áður var hann við kennslu á Campoamor þar sem hann starfaði í þrettán ár og þaðan fór hann til Marbella þar sem hann setti upp golfakademíu. Frá árinu 2014 hefur hann verið á Mar Menor.

„Það má segja að gamall draumur hafi ræst þegar ég ákvað að setjast að hér á Spáni. Þegar ég var ellefu ára gamall sagði ég við mömmu þegar við stóðum úti á svölum á Benidorm: „Ég ætla að búa á Spáni þegar ég verð stór.“ Ég fór alltaf til Spánar á vorin og á haustin til að spila golf þegar ég var í landsliðinu og líkaði það ákaflega vel. Svo var það eitt árið þegar ég var mættur á flugstöðina á leið heim til Íslands. Ég var á klósettinu og hugsaði með sjálfum mér: Mig langar ekki að fara heim. Úr varð að ég eyðilagði flugmiðann, keyrði aftur til baka og fann mér húsnæði til að búa í. Ég er búinn að vera hér síðan þá,“ segir Ívar, sem keypti sér húsnæði nærri golfsvæðinu árið 1995 og býr þar ásamt sambýliskonu sinni, Önu Moltó, og tveimur dætrum þeirra.

Guðmundur Hilmarsson
gummih
@frettabladid.is

Ívar ásamt Önu sambýliskonu sinni og dætrunum Raquel og Melanie. MYNDIR/AÐSENDAR

Gaman og gefandi að kenna

Ívar segir að það hafi legið nokkuð ljóst fyrir að hann myndi snúa sér að golfkennslu á einhverjum tímapunkti.

„Ég hef alltaf haft rosalega gaman af því að kenna og finnst það gefandi. Ég kenndi karate, ég var með einkatíma í vaxtarrækt, ég var að kenna hundum og svo hellti ég mér út í golfkennsluna. Ég hef alltaf jafn gaman af því að fara út á æfingasvæði og kenna fólki golf þótt ég sé búinn að gera það í 30 ár. Þú getur verið góður spilari en það þarf ekki endilega að vera að þú sért góður kennari. Ef þú getur ekki komið réttu hlutunum til skila fyrir viðkomandi aðila á einfaldan og réttan hátt þá er betra að láta það eiga sig. Tiger Woods sagði til að mynda einu sinni í viðtali: Ef einhver vill læra golf, ekki tala þá við mig því ég er lélegasti kennari sem til er.“

Ívar hefur í gegnum árin tekið á móti fjölda Íslendinga í golfkennslu en aðstaðan á Mar Menor er glæsileg og nú getur hann útvegað kylfingum gistingu á La Torre Hilton hótelinu þar sem boðið er upp á fjóra velli, sem allir eru hannaðir af goðsögninni Jack Nicklaus.

„Það hefur komið fólk í kennslu þrettán ár í röð en það má segja að í fyrra og í ár hafi verið að koma til mín margt fólk sem hefur ekki komið áður. Ég hef alltaf lagt mikinn metnað í kennsluna og að gera hlutina vel og það spyrst út til fólks,“ segir Ívar, sem hefur frá unga aldri stundað íþróttir og það með góðum árangri. Hann varð Íslandsmeistari unglinga í golfi, vaxtarrækt og keilu.

Veðrið gott eða mjög gott

Það er ekki bara golfið sem Ívar einblínir á. Hann stundar hestamennsku ásamt tveimur dætrum sínum, Raquel, sem er 19 ára, og Melanie, sem er 14 ára. „Síðustu ár hef ég verið mikið í hestamennsku og stelpurnar okkar tvær eru að keppa á landsmótum og hafa unnið til verðlauna. Ég hef mjög gaman af þessu sporti,“ segir Ívar.

Spurður hvernig sé að búa á Spáni segir Ívar: „Þetta er alveg draumur í dós. Hér er veðrið annað hvort gott eða mjög gott. Það auðveldar mjög lífið að ég tala tungumálið hundrað prósent og þar af leiðandi skil ég hlutina og er kominn inn í kerfið.“

Ívar segir að í desember og fram í janúar sé minna um að vera hjá sér í golfkennslunni sem og yfir heitustu mánuðina, júlí og ágúst. „Það eru svona þrír mánuðir á ári sem kennslan er minni. Hefðbundinn dagur hjá mér er þannig að ég byrja að kenna á morgnana. Þegar kennslunni lýkur sný ég mér að hestunum og svo á kvöldin á milli 21–23 þá tekur líkamsræktin við hjá mér þar sem ég æfi sex daga vikunnar,“ segir Ívar. Hann segist spila golf sjálfur samhliða kennslunni.

„Ég spila með fólki úti á velli og kenni því í leiðinni. Það er alveg rosalega vinsælt og það hefur aukist ár frá ári að fólk kemur til mín í spilakennslu. Þá spila ég með því og útskýri hluti úti á vellinum þegar fólk er í „action“. Yfirleitt er ég með einn eða tvo í einu og stundum læt ég þá spila níu holur og ég er þá á kantinum og keyri á eftir þeim. Eftir níu holurnar er ég búinn að taka út spilamennsku þeirra og bendi þeim á hvar veikleikarnir eru, hverjar er sterku hliðarnar og hvað þarf að leggja áherslu á. Þetta finnst mér nýtast mörgum vel.“

Mar Menor golfsvæðið er glæsilegt og hér má sjá La Torre Hilton hótelið sem nemendur Ívars geta dvalið á.

Ísland hálfgert bananalýðveldi

Ívar á tvær aðrar dætur frá fyrra sambandi, Írisi Tönju, sem býr á Íslandi, og Ornellu, sem er búsett í Bandaríkjunum. Hann segist halda góðu sambandi við þær. Ívar segist koma til Íslands á hverju ári yfir sumartímann.

„Tíunda árið í röð kom ég heim síðastliðið sumar til að kenna í Básum í Grafarholtinu. Ég kenni þar frá 1. júní og er í fimm vikur. Þetta er mikil törn og það eru ansi margir sem fara á biðlista. Ég kenni í Básum í tíu klukkutíma alla daga vikunnar. Maður er búinn að kynnast mörgu fólki í gegnum ferðirnar til Spánar og það er gaman að geta haldið áfram að leiðbeina því og hitta gamla vini og kunningja í leiðinni,“ segir Ívar.

Hann segir að það sé ekki á stefnuskránni að flytja aftur til Íslands. „Það er ekkert fyrir mig að sækjast eftir á Íslandi miðað við lífsgæðin sem við höfum hér á Spáni. Með fullri virðingu þá er Ísland hálfgert bananalýðveldi á mörgum sviðum. Til dæmis er matvaran á Íslandi hrikalega dýr og ég varð svo sannarlega var við það þegar ég kom heim síðastliðið sumar. Við höfum það virkilega ljúft hér og njótum lífsins í botn í afslöppuðu umhverfi.“ ■

Ívar stundar líka hestamennsku og hér er hann á fáki sínum.

Ívar sýnir „six-pakkinn“ en hann fer í ræktina sex sinnum í viku og er tvo klukktíma í senn.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf.

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Betri svefn með Melissa Dream plús-melatóníni

Melissa Dream + melatónín er glæný blanda sem hefur það að markmiði að hjálpa þér að ná djúpri slökun og værum nætursvefni áhyggjulaus.

Melissa Dream með viðbættu melatónini gefur betri svefn.

Svefn er ein af grunnreglunum fjórum en nægur svefn er lykillinn að góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Svefngæði eru forsenda þess að við náum að sinna daglegum verkefnum og að okkur líði vel í daglegu amstri. Góður svefn gefur líkamanum jafnframt tækifæri til að hvílast og endurnærast sem styrkir ónæmiskerfi okkar og stuðlar að góðri heilsu að viðbættu hollu og fjölbreyttu mataræði ásamt reglulegri hreyfingu.

Svefnleysi hefur áhrif á heilsuna

Langvarandi svefnleysi getur haft margvíslegar afleiðingar á heilsu okkar og líðan, hormónaframleiðsla fer meðal annars úr jafnvægi sem og hormón sem stýra hungri og seddu. Við förum því að sækja meira í sykur og einföld kolvetni. Að auki fer ónæmiskerfið að bælast með verri svefngæðum en í kjölfarið erum við líklegri til að fá flensur og ýmsa kvilla. Ásamt því getur svefnleysi einnig haft víðtæk áhrif á andlegu hliðina sem getur komið niður á líðan í daglegu amstri og haft áhrif á verkefni okkar. Gríðarlega mikilvægt er því að huga að góðum nætursvefni og vert er að huga að því hvernig hægt sé að bæta svefninn.

Hvað getum við gert til að stuðla að góðum svefngæðum?

Ýmislegt er hægt að gera til að vinna bug á svefnleysi og öðlast betri svefn. Eitt það allra mikilvægasta er að hafa góða reglu á svefntímanum og rútínu í kringum svefn.

Gott er að taka því rólega í tvo tíma fyrir svefn, lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlátt. Að auki er mikilvægt að takmarka alla sykurneyslu, ekki neyta koffíns eftir klukkan 14 á daginn og stunda reglulega hreyfingu.

Náttúruleg bætiefni reynast að auki mörgum gríðarlega vel og er ekki úr vegi að skoða einstök bætiefni frá New Nordic sem geta haft jákvæð áhrif á svefn og daglegt amstur, sem fást í tveimur mismunandi tegundum, annars vegar Melissa Dream sem inniheldur blöndu jurta sem hafa góð áhrif á svefninn og hins vegar Melissa Dream með viðbættu melatóníni.

Melissa Dream er náttúrulegt bætiefni sem hefur það að markmiði að auka svefngæði til muna með kamillu, grænu tei, L-theanine, B-vítamínum (B1, B2, B6 og B12) og magnesíumi.

Sofðu betur með Melissa Dream

Melissa Dream er náttúrulegt bætiefni sem hefur það að markmiði að auka svefngæði til muna en þetta vísindalega samsetta bætiefni er hannað til að stuðla að góðum nætursvefni þannig að við vöknum endurnærð án þess að finna fyrir sljóvgandi áhrifum daginn eftir. Melissa Dream inniheldur sérvalin innihaldsefni og er blandan sérstaklega hönnuð til að veita huganum hvíld og ró yfir nóttina. Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaraðir, L-theanine amínósýru sem og fjölda vítamína, svo sem B6-vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi og B12-vítamín sem stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins sem og eðlilegri sálfræðilegri starfsemi ásamt B1-, B2-, og B3-vítamínum auk magnesíums.

Melissa Dream + Melatónín er glæný blanda sem hefur það að markmiði að hjálpa þér að ná djúpri slökun og værum nætursvefni, áhyggjulaus.

» Sama góða formúlan en nú fáanleg með viðbættu melatóníni.

Melissa Dream með melatóníni

Melissa Dream er nú komin í sömu góðu formúlunni en nú með viðbættu melatóníni. Melatónín er hormón sem framleitt er í heilanum en það er oft á tíðum kallað svefnhormón. Melatónín á þátt í að stilla hina eðlislægu klukku í kerfinu okkar sem gerir það að verkum að okkur syfjar þegar dimma fer og við erum vakandi þegar bjart er á daginn. Margir hverjir eiga erfitt með svefn af ýmsum ástæðum en ýmislegt getur valdið því að melatóníbúskapur líkamans fari úr skorðum en því getur Melissa Dream + melatónín sem inniheldur 1 mg af melatóníni verið afar góður kostur og komið sér vel. Fátt er mikilvægara heilsu okkar en svefn en þó skal ávallt hafa í huga að taka ekki stóra skammta af melatóníni sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna. ■

Sítrónu melissa hefur einstaklega róandi áhrif á bæði hug og hjarta, sem getur stuðlað að betri svefni.

Kamilla er jurt sem hefur róandi áhrif og góð áhrif á meltingu, auk annarra heilsueflandi eiginleika.

Fæst í öllum helstu apótekum og heilsuhillum stórmarkaða.

BetterYou™
Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð

Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Viðkvæmir liðir heyra nú sögunni til

Sigríður hefur fundið mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Liði frá Protis. Morgunbrakið í ökklunum og viðkvæmir liðir heyra nú sögunni til og hún getur að eigin sögn „djöflast eins og henni sýnist“.

„Ég byrjaði að taka inn kollagen því ég var komin á aldur og langaði til að prófa það. Ég er að verða sextug og var farin að finna fyrir liðunum og svo er ég með undirliggjandi rauða úlfa, sem er sjálfsofnæmissjúkdómur,“ segir Sigríður Svava Þorsteinsdóttir sem starfar sem lífeindafræðingur á Landspítalanum. „Ég hef stundað íþróttir af kappi alla mína ævi og haldið mér í góðu formi. Ég hreyfi mig daglega og þar sem ég er í vaktavinnu og starf mitt er líkamlega erfitt þá er það mikilvægt fyrir mig að vera í formi,“ segir hún.



Sigríður Svava Þorsteinsdóttir vinnur á Landspítalanum í líkamlega erfiðu starfi og segir gríðarlega mikilvægt fyrir sig að vera í formi. Protis Liðir segir hún að smyrji vélina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafði engu að tapa

„Stirðleikinn kemur með aldrinum og þegar ég stóð upp úr rúminu á morgnana brakaði heil ósköp í helstu þyngdarpunktum neðst í ökklunum. Ég fann líka fyrir töluverðum sársauka við brakið. Nú er ég ekki þung og held mér í nokkuð góðu formi. Ástæðan fyrir brakinu og liðaverkjunum er því aðallega slit sem gerist þegar maður hefur verið mikið í hreyfingu. Ég stundaði langhlaup í mörg ár en geri það ekki lengur.

Í dag er ég meira í þolþjálfun á þrektækjum í ræktinni. Mig vantaði eitthvað til að styðja betur við líkamann og kollagen er nú eitthvað sem þú færð ekkert allt of mikið af úr fæðunni. Ég hef lesið mér til um kollagen og sem lífeindafræðingur þá hef ég smá þekkingu á þessu og veit að það getur haft góð áhrif. Ég hafði því í raun engu að tapa.“

Hylkin henta henni

Sigríður hefur nú tekið Protis Liði í ár en formúlan er mjög rík af kollageni. „Ég fann mikinn mun á mér eftir um tvo til þrjá mánuði af inntöku. Fyrst byrjaði ég á því að taka inn kollagen frá öðru fyrirtæki sem kom í duftformi. En mér líkaði ekki lyktin af því, svo mér datt í hug að prófa Liði frá Protis.

Ég hafði séð þetta í búðum og það heillaði mig að bætiefnið væri íslensk framleiðsla og að það kæmi úr sjónum við strendur Íslands. Mér finnst gaman að prófa ýmsar húðvörur og fleira sem er framleitt hér á Íslandi, og svo skemmir ekki fyrir að þetta eru flottar umbúðir.

Ég tek fjórar töflur á dag af Protis Liðum og tek það með mér hvert sem ég fer. Þar sem það kemur í hylkjaformi er engin lykt af því sem truflar mig. Í dag finn ég ekki lengur fyrir neinum liðaverkjum í líkamanum og brakið er horfið, sem sýnir að Protis Liðir virka. Ég vil geta hreyft mig og djöflast eins og mér sýnist og þetta smyr vélina. Ég finn líka að hárið er heilbrigðara og ég er farin að safna hári núna á eldri árum, en það er þekkt að kollagen hafi góð áhrif á húð, hár og neglur.“

Er ekki vítamínfrík

„Ég þekki sjálfa mig og veit að ég endist ekki í því að taka inn fæðubótarefni sem mér líkar ekki og hefur ekki áhrif. Ég hef til dæmis reynt að taka inn lýsi en gefst alltaf upp á því vegna þess að mér líkar ekki hvernig bragðið af því kemur sífellt upp aftur yfir daginn. Ég er ánægð með Protis Liði enda virkar það fyrir mig. Ég er ekki mikið vítamínfrík og ef Protis Liðir virkuðu ekki fyrir mig þá væri ég einfaldlega ekki að taka það.“

Undraefni fyrir liði, brjósk og bein

Protis Liðir er kollagenrík blanda sem kalla má undraefni fyrir liði, brjósk og bein. Það sem gerir vöruna einstaka er innihaldsefnið sæbjúgnaextrakt sem er unnið úr skráp villtra sæbjúgna sem eru veidd í hafinu við Ísland. Formúlan er sérþróuð sem stuðningur við þá sem vilja bæta heilsu liða, brjósks og beina.

Vítamín bæta virknina

Protis Liðir er með viðbættu C-vítamíni sem hvetur eðlilega myndun kollagens í brjóski, D-vítamíni sem er mikilvægt fyrir heilbrigði beina þar sem það stuðlar að frásogi kalks úr meltingarvegi, og mangani sem er nauðsynlegt við myndun á brjóski og liðvökva. Túrmerik er svo ákaflega ríkt af jurtanæringarefninu curcumin.

Þessi einstaka vara er í uppáhaldi hjá mörgum viðskiptavinum en hún er byggð á íslensku hugviti og er afrakstur áralangra rannsókna og þróunarvinnu á efnum sem kallast IceProtein®. ■

Protis Liðir fæst í flestum matvöruverslunum, apótekum og Heilsuhúsinu. Þess má geta að nú eru bætiefnin frá Protis komin í nýjar og glæsilegar umbúðir.

Afdrifarík helgarferð til Bologna

Hugmyndin að pastagerðinni La Fresca í Kaupmannahöfn kviknaði í helgarferð Fannars Hannessonar og Francescu Tenze til Bologna á Ítalíu meðan þau voru í námi. Þau sögðu bæði upp krefjandi störfum sínum og létu drauminn rætast.

starri@frettabladid.is

Undir lok síðasta árs opnuðu Fannar Hannesson og kærastan hans, Francesca Tenze, pastagerðina La Fresca í Vanløsehverfinu í Kaupmannahöfn. Þar framleiða þau og selja ferskt pasta sem fólk tekur með heim og eldar á stuttum tíma, eins og algengt er á Ítalíu.

Fannar og Francesca bjóða meðal annars upp á ravioli með mismunandi fyllingum, ólíkar tegundir af tagliatelle og þrjár gerðir af gnocchi. „Við framleiðum einnig heimalagaðar sósur eins og hinar klassísku bolognese- og arrabiatasósur auk þess sem við flytjum mismunandi sósur frá Ítalíu. Viðtökurnar hafa svo sannarlega farið fram úr væntingum okkar og Íslendingar eru duglegir að styðja við sitt fólk, sem er frábært,“ segir Fannar.

Bakgrunnur Fannars og Francescu liggur alls ekki í veitingageiranum sem gerir sögu þeirra enn skemmtilegri. „Við erum bæði útskrifuð með master í International Marketing & Management frá Copenhagen Business School (CBS),“ segir Fannar sem er 29 ára en hann flutti til Kaupmannahafnar fyrir tíu árum síðan ásamt foreldrum og systkinum. „Ég kláraði BSc. í viðskiptafræði frá CBS og hélt svo áfram í meistaranámið og þar hitti ég Francescu á fyrsta skóladegi.“

Francesca er 26 ára og flutti til Kaupmannahafnar frá Mílanó á Ítalíu fyrir fimm árum til þess að hefja meistaranám sitt við CBS.

Byrjaði með einu námskeiði

Eftir útskrift þeirra árið 2020 hófu þau bæði störf hjá alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum, Fannar hjá Novo Nordisk og Francesca hjá Coloplast. Hugmyndin að La Fresca kviknaði hins vegar í helgarferð sem parið fór í til Bologna á Ítalíu á seinustu önninni í meistaranámi þeirra. „Þar ákváðum við að skrá okkur á námskeið þar sem við lærðum að búa til ferskt pasta, bara svona upp á gamanið. Bologna er þekkt sem höfuðborg lasagna og þar eru pastagerðir líkar okkar úti um allt sem búa til ótrúlega gott ferskt pasta á hverjum degi.“

Það var í kjölfar þessarar helgarferðar sem þau fóru að velta fyrir sér hvort grundvöllur væri fyrir slíkum stað í Kaupmannahöfn. „Á meðan við skrifuðum meistararitgerðirnar okkar byrjuðum við því hægt og rólega að pæla meira í hugmyndinni og safna að okkur meiri upplýsingum. Að lokum vorum við komin með 40 blaðsíðna rekstraráætlun og fengum síðan fjármögnun upp á átta milljónir íslenskra króna frá sjóði hér í Danmörku til þess að gera La Fresca að veruleika. Hálfu ári seinna skrifuðum við undir leigusamning á Jernbane Allé 35 í Vanløse, sögðum upp störfum okkar og fórum á fullt með La Fresca.“



Francesca Tenze og Fannar Hannesson opnuðu pastagerðina La Fresca undir lok síðasta árs í Kaupmannahöfn. Viðtökur hafa verið góðar. MYNDIR/AÐSENDAR

Mikil vinna en skemmtileg

Það eru mikil viðbrigði að stökkva úr fyrri störfum hjá alþjóðlegum fyrirtækjum í að reka eigin pastagerð en þrátt fyrir mikla vinnu hefur allt ferlið verið mjög skemmtilegt að sögn Fannars. „Það er í rauninni auðvelt að skrá fyrirtæki hér í Kaupmannahöfn og um leið er góður aðgangur að viðskiptahröðlum sem veita góða leiðsögn og innsýn í það sem er gott að hafa í huga þegar maður íhugar að fara í rekstur. Það er mjög hjálplegt þegar maður hefur ekki hugmynd um hvar á að byrja.“

Eins og er reka þau einu pastagerðina í borginni sem selur eingöngu ferskt pasta til að taka með heim þannig að engin bein samkeppni er enn til staðar. „Hins vegar er veitingabransinn í Kaupmannahöfn mjög virkur og samkeppnin getur verið mjög hörð innan hans.“

La Fresca býður meðal annars upp á úrval af ravioli, tagliatelle og gnocchi.

Þessa dagana gera þau því lítið annað en að sinna rekstrinum. „En þegar við höfum tíma finnst okkur gaman að uppgötva nýja matarstaði í borginni og verja tíma með vinum og fjölskyldu. Það er almennt ljúft að lifa og starfa í Kaupmannahöfn. Hér eru auðveldar samgöngur, gott jafnvægi milli vinnu og daglegs lífs að mestu leyti og við hlökkum nú þegar til sumarsins sem er dásamlegt í Danmörku.“ ■

Hægt er að fylgjast með á Facebook (lafrescadk), Instagram (lafrescadk) og á lafresca.dk.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



ERTU ÖFLUGUR TEYMISSTJÓRI MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á SAMSKIPTUM OG ÞJÓNUSTU?

Skrifstofa Alþingis leitar að umbótasinnuðum teymisstjóra til að sinna krefjandi og fjölbreyttum verkefnum í lifandi umhverfi. Um er að ræða nýja stöðu í stoðteymi sem sinnir almennri ritaraþjónustu fyrir nefndir og fleiri einingar auk annarra verkefna.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Dagleg stjórn stoðteymis og forgangsröðun verkefna
- Skipulagning og ábyrgð á verkefnum stoðteymis
- Almenn ritaraþjónusta þ.m.t. boðun funda og gesta
- Miðlæg móttaka og skráning erinda og gagna
- Gerð samantekta, greiningarvinna og úrvinnsla upplýsinga
- Þátttaka í skipulagningu og undirbúningi nefndastarfa
- Þátttaka í umbótastarfi á skrifstofu Alþingi

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og umbótastarfi
- Mjög góð hæfni í greiningu og framsetningu gagna, þar á meðal tölfræðilegra gagna
- Faglegur metnaður, jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvufærni og þekking á skjalastjórn
- Reynsla af teymisvinnu er kostur

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Umsóknarfrestur er til og með 15.02.2023 og sótt erum á starfatorg.is
Nánari upplýsingar: Hildur Eva Sigurðardóttir, sviðsstjóri nefnda- og greiningarsviðs | hildureva@althingi.is | 563-0500

FAGMENNSKA | VIRÐING | FRAMSÆKNI

FORSTÖÐUMAÐUR VINNSLUÁÆTLANA

Nú þarf að leggja á ráðin!

Ert þú rétti einstaklingurinn til að veita forstöðu teymi sem stýrir vinnslu raforku og afhendingu hennar á sem hagkvæmastan hátt? Teymið vinnur einnig að kerfisrannsóknum vegna nýrra orkusölusamninga og áætlunum um rekstur vinnslukerfisins.

Verkefnasvið:
– Áætlanagerð vegna raforkuvinnslu og afhendingar
– Virk áhættustýring vegna reksturs vinnslukerfisins
– Útreikningar og útgáfa á horfum um nýtingu vinnslukerfisins
– Mat á orkugetu vinnslukerfis Landsvirkjunar til lengri tíma
– Mat á afhendingargetu vegna nýrra orkusölusamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:
– Verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
– Þekking á íslenska raforkukerfinu
– Leiðtogahæfileikar, samskiptafærni og jákvætt viðmót
– Stjórnunarreynsla er æskileg
– Frumkvæði og skipulagshæfni

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

Landsvirkjun

Fjölbreytt sumarstörf hjá Skattinum

Skatturinn leitar að áhugasömu, jákvæðu og drífandi fólki til sumarstarfa á starfsstöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík, á Akureyri og á Austurlandi á tímabilinu frá 1. júní – 31. ágúst 2023.
Um fjölbreytt störf er að ræða á hinum margþættu sviðum Skattsins.

Kynntu þér störfin sem eru í boði á:
***skatturinn.is/um-rsk/laus-storf/* eða á *starfatorg.is*.**

Gildi Skattsins eru fagmennska – framsækni – samvinna.

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
S. 590-3300
www.skjalasafn.is

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Sérfræðingur við þjóðlendurannsóknir

Laust er til umsóknar starf 1-2 sérfræðinga við þjóðlendurannsóknir í fageininguna fræðsla og rannsóknir hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Starfið er tímabundið til tveggja ára, með möguleika á framlengingu.

Helstu verkefni og ábyrgð
Starfið felst einkum í vinnu við gagnaöflun, skjalarannsóknir, uppskriftir á skjölum með eldri skrift, efnisskráningu í gagnagrunna, úrvinnslu heimilda, afgreiðslu fyrirspurna og öðrum verkefnum sem tengjast jarðamálum.

Gagnaöflunin er háð starfi óbyggðanefndar, sjálfstæðrar úrskurðanefndar á stjórnsýslustigi sem starfar á grundvelli III. kafla þjóðlendulaga.

Hlutverk óbyggðanefndar er að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda, mörk hluta þjóðlendna sem nýttar eru sem afréttir og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Unnið er með teymi starfsfólks í verkefnum. Viðkomandi tekur eftir atvikum þátt í öðrum verkefnum Þjóðskjalasafns.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Gerð er krafa um BA próf í sagnfræði eða skyldum greinum, menntun í skjalfræði er æskileg.
- Þekking og reynsla af skjalasöfnum og rannsóknarvinnu er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla í lestri og uppskrift skjala fyrri alda er æskileg.
- Þekking og reynsla af frágangi og skráningu skjalasafna er æskileg.
- Góð kunnátta í algengum notendaforritum er brýn.
- Góð kunnátta í íslensku er nauðsynleg.
- Kunnátta í ensku er áskilin og færni í einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Hæfni og reynsla af að vinna í hópi og undir álagi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og framúrskarandi samskiptahæfni er áskilin.
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði.

Frekari upplýsingar um starfið
Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu Þjóðskjalasafns og við hvetjum einstaklinga óháð kyni til að sækja um stafið.
Umsóknin gildir í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Þjóðskjalasafn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.
Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Starfshlutfall er 100%. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.
Sótt er um starfið á starfatorg.is

Nánari upplýsingar veita Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar, thuridur.arnadottir@skjalasafn.is og Ólafur Arnar Sveinsson fagstjóri olafur.a.sveinsson@skjalasafn.is – s. 590 3300.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RITHÖFUNDASAMBAND ÍSLANDS
auglýsir starf verkefnastjóra

Rithöfundasamband Íslands auglýsir eftir verkefnastjóra í hlutastarf.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Umsjón og stýring á verkefninu Skáld í skólum
- Umsjón með heimasíðu, samfélagsmiðlum, fjölpóstum og fleira
- Skipulag og vinna við margvísleg verkefni á vegum RSÍ, svo sem ýmis umsýsla og samskipti í þágu samtakanna.
- Almenn skrifstofustörf.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Innsýn, þekking og áhugi á starfsumhverfi og réttindamálum höfunda og bókmenntum almennt
- Mjög góð íslenskukunnátta auk færni og góðrar kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli
- Mjög góð færni og þekking á ritvinnslu, töflureikni og vefumsýslukerfum
- Þekking reynsla og hæfi í textaskrifum og miðlun upplýsinga
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni, frumkvæði og metnaður
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og framúrskarandi samskiptahæfni er áskilin

Frekari upplýsingar um starfið
Starfshlutfall er 70 – 80%. Verkefnastjóri heyrir undir framkvæmdastjóra.

Starfsferilskrá og kynningarbréf (1 bls) þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, skal senda á netfangið rsi@rsi.is merkt verkefnastjóri.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf á vormánuðum.

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2023

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri rsi@rsi.is

---



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Laus störf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Viltu taka þátt í að breyta mannvirkjagerð til framtíðar?

HMS leggur áherslu á að efla rannsóknarumhverfi og nýsköpun byggingariðnaðarins, stafrænar lausnir í eftirliti og vistvæna mannvirkjagerð.

Svið mannvirkja og sjálfbærni er nýtt, öflugt svið innan HMS sem vill stuðla að auknum gæðum og sjálfbærni innan mannvirkjageirans með rekjanleika og fræðslu. Við vinnum í spennandi starfsumhverfi til að hafa jákvæð áhrif á mannvirkjageirann og samfélagið okkar.

Við ætlum að:

Efla fræðslu og þekkingarnet innan iðnaðarins

Við leitum að skapandi einstaklingi sem er m.a. með menntun eða starfsreynslu sem nýtist í starfi, svo sem á sviði félagssálfræði, menntavísinda eða breytingastjórnunar.
Meðal verkefna er öflugt samtal og samstarf við menntastofnanir, fagfélög, fagaðila og aðra hagaðila m.a. um fræðsluþörf innan mannvirkjageirans og hvernig hægt sé að mæta henni með fjölbreyttum og markvissum hætti.

Ná yfirsýn yfir byggingargalla og stuðla að rannsóknum til að draga úr þeim

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er m.a. með háskólamenntun á sviði mannvirkjagerðar og reynslu við mannvirkjahönnun eða -framkvæmdir.
Meðal verkefna er að móta lausnir til að safna upplýsingum um helstu byggingargalla og koma á fót forvarnarstarfi í þeim efnum. Einnig að efla og stýra útgáfu Rb-blaða.

Styðja við bætta notkun og meðferð byggingarvara

Við leitum að kröftugum einstaklingi sem er m.a. með háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynslu við mannvirkjahönnun eða -framkvæmdir.
Meðal verkefna er markaðseftirlit með byggingarvörum, fræðsla, fjölbreytt samskipti við hagaðila, aðkoma að endurskoðun regluverks og erlent samstarf.

Vinna að einföldun regluverks

Við leitum bæði að lögfræðingi og sérfræðingi sem er m.a. með háskólamenntun á sviði mannvirkjagerðar.
Meðal verkefna þeirra er fjölbreytt og lifandi vinna við þróun regluverks og gerð leiðbeininga á sviði mannvirkjagerðar í samstarfi við ólíka hagaðila.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar 2023

Sjá nánari upplýsingar um störfin og kröfur um þekkingu og hæfni á **hagvangur.is** eða **starfatorg.is**

Sótt er um á hagvangur.is

Nánari upplýsingar veitir **Þóra Margrét Þorgeirsdóttir,** *framkvæmdastjóri mannvirkja og sjálfbærni,* thora.thorgeirsdottir@hms.is

ERTU FJÖLHÆFUR SÉRFRÆÐINGUR MEÐ ÁHUGA Á SAMSKIPTUM OG STÖRFUM ÞINGSINS?

Skrifstofa Alþingis leitar að öflugum sérfræðingi til að sinna krefjandi og fjölbreyttum verkefnum í lifandi umhverfi. Um er að ræða stöðu í stoðteymi sem sinnir almennri ritaraþjónustu fyrir nefndir og fleiri einingar auk annarra verkefna. Til greina kemur að ráða í tímabundna stöðu vegna afleysingar.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Almenn ritaraþjónusta þ.m.t. boðun funda og gesta
- Miðlæg móttaka og skráning erinda og gagna
- Þátttaka í skipulagningu og undirbúningi nefndastarfa
- Gerð samantekta, greiningarvinna og úrvinnsla upplýsinga
- Önnur verkefni sem stoðteyminu eru falin

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Faglegur metnaður, jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvufærni og þekking á skjalastjórn
- Reynsla af teymisvinnu er kostur

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2023 og sótt er um starfið á starfatorg.is
Nánari upplýsingar: Hildur Eva Sigurðardóttir, sviðsstjóri nefnda- og greiningarsviðs | hildureva@althingi.is | 563-0500

FAGMENNSKA | VIRÐING | FRAMSÆKNI

Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa

Starfsmaður óskast

Íþróttafélagið Grótta óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþróttamannvirki Gróttu

Grótta er staðsett á Seltjarnarnesi og innan vébanda þess eru þrjár deildir; fimleikadeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild. Íþróttamannvirki Gróttu samanstanda af tveimur íþróttasölum, gervigrasvelli, fimleikasal auk búnings- og fundarherbergja, skrifstofuaðstöðu, styrktaraðstöðu og veislusals.

Meginmarkmið Íþróttafélagsins Gróttu er að þjónusta alla félagsmenn á sem bestan hátt. Áhersla er lögð á árangursríkt samstarf við þá fjölmörgu sem nýta sér þjónustu Gróttu dag hvern.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Starfsmaður aðstoðar nemendur grunn- og leikskóla og iðkendur Íþróttafélagsins Gróttu í leik og starfi.
- Dagleg þrif á íþróttamannvirkinu, t.d. íþróttasölum, göngum, anddyri, veislusal og búningsklefum.

Hæfniskröfur
- Áhugi á að vinna með börnum
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp

Vinnutími er breytilegur eða eftir samkomulagi, óskað er er eftir starfsólki í fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Garðarsson í síma 561-1133 og tölvupósti kari@grotta.is. Nánari upplýsingar um Íþróttafélagið Gróttu er að finna á www.grotta.is.

Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2023. Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal senda á netfangið kari@grotta.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi **1. apríl nk.**

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Sérfræðingur í greiningardeild ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum sérfræðingi til starfa í teymi greiningardeildar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur góða þekkingu á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum, reynslu af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna og hefur brennandi áhuga á að starfa í síkviku umhverfi. Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023.**

Hlutverk greiningardeildar er að samhæfa og samræma öflun og greiningu upplýsinga og stuðla að nýtingu þeirra við ákvörðunartöku innan löggæslustofnanna. Greiningardeild fer með stjórn rannsókna mála er lúta að landráðum og brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Greiningardeild framkvæmir áhættumat vegna skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka, þá tekur deildin jafnframt þátt í margvíslegu innlendu og erlendu samstarfi varðandi öryggismálefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Gerð áhættumats fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og önnur tilfallandi verkefni á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.
- Rannsóknir mála er kunna að varða við X. og XI. kafla almennra hegningarlaga.
- Aðgerðir til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og annarra skyldrar háttsemi.
- Önnur tilfallandi verkefni greiningardeildar.

Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt viðmót, hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi.
- Frumkvæði, lausnamiðuð nálgun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Aðlögunarhæfni, seigla og geta til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfni og ögguð vinnubrögð.

Hæfnikröfur

Menntun, þekking og reynsla
- Meistarapróf í fjármálaverkfræði, hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði eða frá öðrum stjórnvöldum sem og góð þekking á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
- Tölfræðiþekking, reynsla af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna.
- Reynsla af gerð áhættumats af einhverju tagi, og/eða menntun, þjálfun eða annars konar þekking á því sviði.
- Þekking og skilningur á margvíslegum eiginleikum mismunandi kerfa og ferla.
- Gott vald á íslensku, framúrskarandi enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Frekari upplýsingar um starfið

Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans.

Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

Laus störf á tæknisviði Skattsins

Tæknimál og innri þjónusta Skattsins

Starf sérfræðings á tæknisviði sem sinnir innri tækniþjónustu og tölvuumhverfi Skattsins er laust til umsóknar. Skatturinn rekur öflugt tæknisvið þar sem fjölbreyttum verkefnum er sinnt til að tryggja hnökralaus stafræn samskipti milli viðskiptamanna og Skattsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Rekstur og viðhald á vél- og hugbúnaði
- Notendaaðstoð
- Þátttaka í þróun tækniumhverfis
- Umsjón og rekstur tölvukerfa Skattsins, þ.m.t. eftirlits-, aðgangs-og öryggismál
- Þátttaka í vaktakerfi vélbúnaðardeildar

Menntun og reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði eða kerfisfræði
- Reynsla af kerfisstjórn, netrekstri og notendaaðstoð er æskileg
- Þekking á Microsoftlausnum þ.á m. 365
- Reynsla af samskiptakerfum (s.s. símkerfi og fjarfundabúnaði)
- Þekking á miðlægum búnaði er æskileg

Hæfni

- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli
- Rík þjónustulund, jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður og framsækni
- Geta til að vinna undir álagi
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Þór Svansson, sviðsstjóri, í síma 442-1000 eða á póstfangið *jens.th.svansson@skatturinn.is*

Rekstur og viðhald tollakerfa

Starf sérfræðings á tæknisviði sem sinnir rekstri, viðhaldi og þróun tollakerfa Skattsins er laust til umsóknar. Skatturinn rekur öflugt tæknisvið þar sem fjölbreyttum verkefnum er sinnt til að tryggja hnökralaus stafræn samskipti milli viðskiptamanna og Skattsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Notendaþjónusta
- Verkefnastýring upplýsingatækniverkefna á sviði tollamála
- Þátttaka í viðhaldi, þróun og breytingum á tollakerfum

Menntun og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði (lágmarksmenntun er bakkalár gráða)
- Þekking á rekstri hugbúnaðarkerfa, gerð þeirra og góð kunnátta á algengasta skrifstofuhugbúnaði

Hæfni

- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli
- Rík þjónustulund, jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður og framsækni
- Reynsla og færni af teymisvinnu
- Geta til að vinna undir álagi
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni Ólafsson, deildarstjóri, í síma 442-1000 eða á póstfangið *gudni.olafsson@skatturinn.is*

———

Sótt er um störfin á ***skatturinn.is*** eða ***starfatorg.is***. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir, þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Gildi Skattsins eru fagmennska – framsækni – samvinna.

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Ertu framsýnn hugmyndasmiður?
Orkídea leitar að verkefnastjóra

Við leitum að öflugum einstaklingi, sem er til í gott hugarflug og með auga fyrir nýjum hugmyndum og lausnum, í starf verkefnastjóra í uppbyggingu Grænna iðngarða á Suðurlandi, í anda hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og nýsköpunar.

Grænn iðngarður er samstarfsnet fyrirtækja á ákveðnu atvinnusvæði þar sem skipst er á orku og hráefnum þar sem úrgangur og straumar eins fyrirtækis getur nýst sem auðlind annars. Innviðir græns iðngarð eru skipulagðir með samvinnu í huga er varðar þjónustu og viðskipti fyrirtækjanna innan garðsins. Uppbygging græns iðngarðs styður við sjálfbærni með innleiðingu félagslegra, efnahagslegra og umhverfisvænna sjónarmiða í skipulagi, stýringu og framkvæmd.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þátttaka í teymisvinnu um hönnun og mótun Grænna iðngarða á Suðurlandi
- Öflun og mótun nýrra viðskiptatækifæra fyrir Græna iðngarða með hringrásarhugsun að leiðarljósi
- Greining á nauðsynlegum innviðum og kostnaði
- Samskipti og samvinna við nýja og núverandi rekstraraðila sem og sveitarstjórnir og byggðaþróunarfulltrúa viðkomandi svæða
- Önnur verkefni sem tengjast innleiðingu hringrásarhagkerfis á Suðurlandi

Hæfniskröfur:

- Nám sem nýtist í starfi
- Farsæl og haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á nýsköpun, orku og umhverfismálum
- Frumkvæði og drifkraftur í einstaklings- og teymisvinnu
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Færni í að koma frá sér efni í ræðu og riti
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Tækniþekking sem nýtist í starfi er kostur
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk.
Starfsstöð er á Suðurlandi. Öll kyn eru hvött til að sækja um. Umsókn, sem sendist á **orkidea@orkidea.is,** skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi um hæfni umsækjanda til að gegna starfinu.

www.orkidea.is

Orkídea



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og ára-löng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfs-ferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

HH RÁÐGJÖF

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is
Sími: 561 5900
hhr@hhr.is

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

Sviðsstjóri fagsviðs

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að öflugum og framsýnum hjúkrunarfræðingi sem brennur fyrir málefnum hjúkrunar, til að leiða starf fagsviðs félagsins. Tilgangur fagsviðs er að efla fagmennsku og styðja við þekkingarþróun í hjúkrun, með fræðslu og símenntun, ráðstefnuhaldi, erlendu samstarfi, ráðgjöf og rannsóknum á sviði hjúkrunar- og heilbrigðismála. Sviðsstjóri fagsviðs vinnur í nánu samstarfi við formann og annað starfsfólk.

Félagið er fag- og stéttarfélag stærstu heilbrigðisstéttar á Íslandi með um 5.000 félagsmenn. Á skrifstofu félagsins starfa 10 manns á fagsviði, kjara- og réttindasviði og við aðra þjónustu við félagsmenn. Við bjóðum upp á fjölbreyttan og líflegan vinnustað í stöðugri framþróun.

Helstu verkefni

- Þátttaka í stefnumótun félagsins varðandi hjúkrunar- og heilbrigðismál
- Gerð ályktana og umsagna
- Skipulagning faglegra ráðstefna, viðburða og námskeiða
- Vinna að eflingu símenntunar, sérþekkingar og nýsköpunar
- Þátttaka í starfi nefnda á vegum félagsins sem fjalla um fagleg málefni
- Þátttaka í erlendu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðimenntun áskilin, ásamt meistaraprófi
- Víðtæk reynsla og þekking af málefnum hjúkrunar skilyrði
- Leiðtoga-, samstarfs- og samskiptafærni
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Reynsla af textaskrifum og miðlun upplýsinga
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2023. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn er skilað með tölvupósti á netfangið umsokn@hjukrun.is

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í síma 540-6400 eða gudbjorg@hjukrun.is
Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á vefnum **www.hjukrun.is**

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Móttökuritari

Umboðsmaður skuldara auglýsir lausa til umsóknar stöðu móttökuritara hjá embættinu.

Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf í lifandi umhverfi þar sem reynir á góða samskiptahæfni, ríka þjónustulund og fagmennsku.
Starfshlutfall eftir samkomulagi.
Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Símsvörun, móttaka og úrvinnsla fyrirspurna
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur og röðun skjala í skjalasafn
- Ýmis önnur verkefni sem til falla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun
- Starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking og reynsla af skjalavistun er kostur
- Almenn og góð tölvukunnátta er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni
- Geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eygló Kristjánsdóttir, fjármálastjóri,
eygló.kristjansdottir@ums.is.

Umsókn skal skilað á Starfatorg.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags
Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreind er ástæða umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.
Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðum um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Fólk óháð kyni, þjóðernisuppruna og fötlun er hvatt til að sækja um.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Í dag starfa 14 starfsmenn hjá stofnuninni, sem heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðherra. Meginmarkmiðið stofnunarinnar er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara starfar eftir lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010.

Umboðsmaður skuldara

Starfsmaður óskast

Íþróttafélagið Grótta óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþróttamannvirki Gróttu

Grótta er staðsett á Seltjarnarnesi og innan vébanda þess eru þrjár deildir; fimleikadeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild. Íþróttamannvirki Gróttu samanstanda af tveimur íþróttasölum, gervigrasvelli, fimleikasal auk búnings- og fundarherbergja, skrifstofuaðstöðu, styrktaraðstöðu og veislusals.

Meginmarkmið Íþróttafélagsins Gróttu er að þjónusta alla félagsmenn á sem bestan hátt. Áhersla er lögð á árangursríkt samstarf við þá fjölmörgu sem nýta sér þjónustu Gróttu dag hvern.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Starfsmaður aðstoðar nemendur grunn- og leikskóla og iðkendur Íþróttafélagsins Gróttu í leik og starfi.
- Dagleg þrif á íþróttamannvirkinu, t.d. íþróttasölum, göngum, anddyri, veislusal og búningsklefum.

Hæfniskröfur
- Áhugi á að vinna með börnum
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp

Vinnutími er breytilegur eða eftir samkomulagi, óskað er er eftir starfsólki í fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Garðarsson í síma 561-1133 og tölvupósti kari@grotta.is. Nánari upplýsingar um Íþróttafélagið Gróttu er að finna á www.grotta.is.

Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2023. Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal senda á netfangið kari@grotta.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi **1. apríl nk.**

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Leiðtogi hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi

Reykhólahreppur auglýsir eftir verkefnastjóra hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi.
Leitað er að leiðtoga með brennandi áhuga á mótun og uppbyggingu sjálfbærs hringrásar-samfélags sem hefur getu til að halda utan um mismunandi verkþætti og hafa yfirsýn sem hjálpar við ákvarðanatöku og miðla réttum og skýrum skilaboðum til hagsmunaaðila.
Um er að ræða tveggja ára verkefni.

Helstu verkefni:
- Vinna með sveitarstjórn og hagaðilum að mótun hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi
- Gerð og mótun auðlindafélags Reykhóla
- Þátttaka í greiningarvinnu
- Fjárfestakynningar
- Samskipti við hagaðila
- Upplýsingamiðlun, kynningar og fræðsla fyrir íbúa um hringrásarsamfélag
- Umsóknir í sjóði

Menntun og hæfni:
- Mikil samskiptahæfni skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á upplýsingamiðlun nauðsynleg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu kostur
- Hæfni til að móta nýjar leiðir og leita að stöðugum umbótum kostur

Um Reykhólahrepp:
Í sveitarfélaginu Reykhólahreppi búa rúmlega 240 manns, þar af um 120 manns á Reykhólum sem er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu. Á Reykhólum er að finna mesta jarðhita Vestfjarða-kjálkans og framtíðarsýn Reykhólahrepps er að nýting jarðhita á Reykhólum verði samfélag-inu til framdráttar, efli starfsemi starfandi fyrirtækja á Reykhólum og laði að ný fyrirtæki.

Með uppbyggingu hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi er leitast við að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið í skipulagningu, stýringu og framkvæmd með það fyrir augum að auka aðdráttarafl svæðisins til fjárfestinga og nýsköpunar.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2023. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við stéttarfélög háskólafólks.
Áhugasamir sendi kynningarbréf, meðmælabréf og ferilskrá á netfangið johanna@reykholar.is Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Ösp Einarsdóttir í síma 698-2559 eða á meðfylgjandi netfangi.

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

RÍKISKAUP

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGNIR TIL SÖLU:

URÐARVEGUR 47, ÍSAFIRÐI

Eignin verður sýnd þriðjud. 14. feb, milli kl. 16:00 – 17:00

Stórt einbýlishús á tveimur hæðum auk bílskúrs og geymslu fyrir neðan bílskúr, alls 297,3 fm. Stærð eignar býður upp á að hægt sé að hafa séríbúðir á hvorri hæð.
Góð eign á skemmtilegum stað á Ísafirði, með góðu útsýni yfir bæinn. Sólpallur sunnan við húsið. Eign með mikla möguleika.

Verð: kr. 82.900.000,-

Frekari upplýsingar um eignirnar má finna á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is

URÐARVEGUR 68, ÍSAFIRÐI

Eignin verður sýnd þriðjud. 14. feb, milli kl. 16:00 – 17:00.

Góð eign á skemmtilegum stað á Ísafirði, með ágætis útsýni yfir bæinn af annarri hæð. Í eigninni eru yfirbyggðar flísalagðar svalir, auk sólpalls og er garður bæði til suðurs og vesturs. Steypt bílastæði fyrir 3 bíla að framanverðu.

Verð: kr. 68.900.000,-

Frekari upplýsingar um eignirnar má finna á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

EFLA

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI - VIÐBYGGING ÁFANGI 3

Verkið felst í byggingu viðbyggingar við Grunnskólann í Hveragerði. Viðbyggingin verður staðsett vestur af núverandi skóla við Skólamörk 6, 810 Hveragerði. Byggingin er staðsteypt á tveimur hæðum ásamt lagnakjallara, um 1120m² brúttó stærð gólfflatar.

Verkið felst í jarðvinnu, uppsteypu byggingarinnar og fullnaðarfrágangi að utan og innan ásamt lóðafrágangi.

Verkkaupi mun á verktíma leggja áherslu á vandaða umgengni um framkvæmdasvæðið

Verklok eru **15.08.2024**

Nokkrar magntölur eru eftirfarandi:

Losun á klöpp	760 m³
Uppgrafið efni	2160 m³
Fyllingar	1600 m³
Mótasmíði	3140 m²
Steinsteypa	510 m³
Bendistál	55800 kg
Utanhúss klæðning	130 m²
Þakfrágangur	
Viðsnúið þak	155 m²
Uppstólað þak	180 m²
Timburþak yfir sal	340 m²
Dúklögð gólf	680 m²
Frárennslislagnir	760 m
Gólfhitalagnir	4120 m
Snjóbræðslulagnir	1050 m
Vatnsúðakerfi	970 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum **15.02.2023**.
Senda skal beiðni um útboðsgögn á netfangið **thordur.kristjansson@efla.is** og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.
Tilboðum skal skila til bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 14:00, miðvikudaginn 15.03.2023 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Bæjarstjórinn í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

Deiliskipulag Eldfells - Tillaga á vinnslustigi

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti þann 30. janúar að kynna á vinnslustigi, skv. skipulagslögum 123/2010, drög að deiliskipulagi Eldfells vegna minnisvarða í tilefni af 50 ára gosafmæli.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir minnisvarða sem verður settur upp á óbyggðu svæði sunnan við við Eldfellsveg. Einnig er gert nýjum gönguleiðum um Kirkjubæjarhraun og á Eldfell.

Meginmarkmið uppsetningarinnar í heild er að skapa sjónarhorn og sýn á stórbrotna náttúruna, þar sem lögð verður áhersla á samspil gönguleiða og náttúrumynda. Skilgreind eru svæði fyrir aðkomu gangandi og keyrandi gesta, bílastæði og aðkomu að verkinu. Einnig er lögð til breyting á vegslóðum á svæðinu og takmarkanir á umferð ökutækja.

Skipulagsgögnin eru til sýnis í Ráðhúsi Vestmannaeyja að Kirkjuvegi 50, 10-17. febrúar 2023 og á skipulagsvefsjá á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar. **Opið hús verður hjá skipulagsfulltrúa dagana 16. - 17. febrúar 2023 milli klukkan 10 og 12.** Einnig er hægt að bóka viðræðutíma, dagny@vestmannaeyjar.is.

Umsagnir og ábendingar berist skriflega til og með **17. febrúar 2023** á netfangið dagny@vestmannaeyjar.is eða að Ráðhúsinu að Kirkjuvegi 50.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR



TIL SÖLU

MARÍUGATA 1

210 GARÐABÆ

2ja til 4ra herbergja íbúðir. //66,5fm – 130,3fm.// Verð frá 59.900.000kr

Frábær staðsetning innst í hverfinu nálægt náttúruperlunni Heiðmörk.
Falleg álklæðning og hönnun sem ber af. Mikið útsýni.
Gólfsíðir gluggar sem skapa mjög bjart og fallegt rými.

- Aðalhönnuður er Úti og inni arkitektar
- Skilast fullbúnar að innan, með öllum gólfefnum
- Í eldhús eru þýskar innréttingar, Nobilia frá GKS
- Raftæki í eldhúsi eru frá AEG. Innbyggður kæliskápur með frysti og uppþvottavél
- Hvítir fataskápar frá Parka
- Innbyggð LED-ljós og kubbaljós
- Bílastæðahús fyrir stærri eignir
- Engin þrep í penthouse gengið beint út á svalir

SKANNAÐU FYRIR VIDEO

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR

Guðrún Antonsdóttir
Löggiltur fasteignasali
S:6212020
gudrun@fastlind.is

www.fastlind.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

ÍTRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Einbýli á útsýnisstað í Laugardalnum

Höfum fengið í einkasölu virkilega glæsilegt og mikið endurnýjað 330 fermetra einbýlishús með aukaíbúð á glæsilegum útsýnisstað í Laugardalnum.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu: gtj@fastmark.is

Einbýli á sunnanverðu Arnarnesi, Garðabæ

Höfum fengið í einkasölu virkilega glæsilegt og mjög mikið endurnýjað 375 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á sunnanverðu Arnarnesi.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu: gtj@fastmark.is

Einbýli á Flötunum í Garðabæ

Höfum fengið í einkasölu mjög mikið endurnýjað 200 fermetra einbýlishús á einni hæð á Flötunum í Garðabæ.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu: gtj@fastmark.is

Sævangur 28- Hafnarfirði. Möguleiki á aukaíbúð.

Mjög vel staðsett 247,8 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukaíbúð á neðri hæð. Stórar stofur með arni. Allt að 7 svefnherbergi. 926,7 ferm. lóð með hellulagðri innkeyrslu og nýlegri verönd til suðurs. Einnig stór verönd til austurs, vesturs og norðurs með skjólveggjum. **Verð 139,5 millj.**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum íbúðarhúsnæðis á söluskrá
Áratugareynsla í sölu fasteigna • Sanngjörn söluþóknun
Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig

https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

ÚTSÖLULOK

Í DAG

ÚTSÖLUBOMBUR! 50% AFSLÁTTUR

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 11-18

Kalpana leggings

okkar allra vinsælustu frá upphafi!

Verð nú: 6.495,-

~~Verð áður: 12.990,-~~

sherpa

OSPREY

Osprey Arcane Small Day

Nú: 8.495,-

~~Áður: 16.990,-~~

Osprey tölvutaska 15”

Nú: 3.495,-

~~Áður: 6.990,-~~

OSPREY

30-50% AFSLÁTTUR

PeakPerformance

icebreaker

Move to natural

30-50% AFSLÁTTUR

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is

Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

LYST í lostafulla lystigarðinum á Akureyri

Lystigarðurinn á Akureyri á sér falinn leyndardóm sem ekki allir eru búnir að finna. Veitingastaðurinn LYST var opnaður í apríl á síðasta ári og er rómaður fyrir ljúffengar veitingar, framúrskarandi þjónustu og hlýlegt umhverfi.

sjofn@frettabladid.is

Reynir opnaði veitingastaðinn LYST í apríl á síðasta ári og hafa viðtökurnar verið frábærar, langt fram úr björtustu vonum. Margt er fram undan á LYST næstu vikurnar og það má með sanni segja að búið sé að glæða Lystigarðinn á Akureyri lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Reynir Gretarsson matreiðslumaður rekur LYST en hann er frá Akureyri. Reynir hefur ávallt haft mikinn áhuga á matar- og súkkulaðigerð og með árunum jókst áhugi hans á því að fara út í eigin rekstur. „Áður en ég fór í þetta verkefni var ég framleiðslustjóri hjá Omnom í fimm ár. Þar á undan hafði ég unnið á veitingastað í Malmö í tvö ár. Ég bý með kærustunni minni Berglindi Harðardóttur hér á Akureyri.

Ég hef alltaf haft áhuga á matargerð og var fljótur að ákveða að þetta væri eitthvað sem ég vildi vinna við. Eftir að hafa unnið í Svíþjóð, þar sem ég gerði mikið konfekt, fékk ég áhuga á súkkulaði sem leiddi mig yfir í að vinna með Kjartani Gíslasyni og Óskari Þórðarsyni hjá Omnom. Þessi ár jókst áhugi minn á eigin rekstri og pældi ég mikið í hvernig konseptveitingastaðir eru með og hvernig þeir funkera," segir Reynir.

Allar kaffibaunirnar kláruðust

Aðspurður segir Reynir að LYST hafi orðið til þegar Akureyrarbær auglýsti eftir tilboðum í rekstur í fallegasta húsi bæjarins, í glæsilegasta garði landsins, Lystigarðinum. „Berglind bjó þá á Akureyri og var ekki annað hægt en að keyra á þetta verkefni, búa til konsept og finna gott fólk til að vinna með. Ég var heppinn að hafa kynnst fullt af frábæru fólki og fyrirtækjum eftir að hafa unnið hjá Omnom og hef nýtt mér þau tengsl mikið. Ég hef einnig fundið fyrir miklum stuðningi hjá Akureyrarbæ og bæjarbúum sem vilja auðvitað hafa LYST opið allt árið en það hafði ekki verið gert í mörg ár af fyrri rekstraraðilum."

Viðtökurnar við opnun á staðnum fóru strax fram úr væntingum. „Við opnuðum LYST í apríl 2022, og vissum ekkert við hverju var að búast. Akureyringar tóku okkur strax svakalega vel, við erum þeim ævinlega þakklát fyrir skilning á fyrstu vikunum, til dæmis um páskana mættu mun fleiri en við höfðum gert ráð fyrir og allar kaffibaunirnar kláruðust. Við sem betur fer lærðum af þessu og hefur það ekki komið fyrir aftur."

Vinsælasti rétturinn á LYST er þetta girnilega avókadósalat á súrdeigsbrauði.

Frá orðinu lostagarður

Reynir segir að það hafi ekki verið erfitt að finna nafn á staðinn. „Nafnið LYST kemur frá staðsetningunni. Einhver sagði mér að það væri skrifað með ypsílon vegna þess að þetta kæmi frá orðinu lostagarður. En okkur fannst sniðugt að kalla staðinn LYST með tengingu í orðið matarlyst líka. Margir átta sig reyndar ekki á því að staðurinn heitir ekki Kaffi Lyst, heldur LYST, en við vildum sleppa orðinu kaffi þar sem okkur langaði að gera meira en bara kaffihús. Staðurinn er kaffihús á daginn, en tónleika- og viðburðastaður á kvöldin. Við leggjum mikið upp úr góðu náttúruvíni og íslenskum bjór."

LYST býður alla virka daga upp á ferskan fisk og grænmeti í hádeginu. „Við fáum inn ferskan fisk á hverjum degi og kemur það reglulega fyrir að hann klárist, en við viljum frekar klára fiskinn í hádeginu heldur en að enda á að vera að elda þriggja daga gamlan fisk. Fiskurinn hjá okkur er eins ferskur og mögulegt er. Með því að bóka fyrir fram er hægt að tryggja sér fisk í hádeginu. Hægt er að panta fisk og grænmeti á kvöldin líka. Með þessu fyrirkomulagi erum við að reyna að minnka matarsóun eins og mögulegt er og halda öllu hráefni fersku," segir Reynir.

Húsið sem hýsir LYST er einstaklega fallegt. „Að okkar mati er LYST í fallegasta húsi bæjarins. Logi Einarsson teiknaði húsið en gluggarnir eru listaverk út af fyrir sig. Verkefnið okkar á LYST var fyrst og fremst að koma lífi í húsið allt árið um kring. Síðustu ár hefur verið frekar rólegt í garðinum á veturna og fannst okkur það vera illa farið með svona frábæra staðsetningu. Margir höfðu áhyggjur af snjómokstri en það hefur alltaf verið á misskilningi byggt, Guðrún, forstöðumaður Lystigarðsins, og hennar starfsfólk er nefnilega alltaf mætt fyrst að moka stígana og er Lystigarðurinn líklega best mokaði svæðið á Akureyri," segir Reynir.



Húsið sem hýsir LYST er reisulegt og fallegt, staðsett í einum fallegasta garði landsins. Logi Einarsson teiknaði húsið og gluggarnir eru listaverk út af fyrir sig. Rýmið er listrænt og fallegt.

Pop-up dinner konudagshelgina

Ætlunin er að vera reglulega með viðburði á LYST. „Við byrjuðum fljótlega eftir opnun að vera með viðburði, sá fyrsti var líklegast sumarhátíð LYST. Við stefnum á að stækka hátíðina enn frekar og halda sumar- og bjórhátíð. Svo reynum við að vera með alls kyns viðburði til að halda lífi í húsinu, á næstunni verður til að mynda pop-up dinner með Kára Þorsteinssyni frá Nielsen á Egilsstöðum og Kjartani frá Omnom, við ætlum að vera með fimm rétta veislu og vínpörun um konudagshelgina. Síðar í febrúar verður svo kabarettsýning þar sem Margrét Erla Maack og Gógó Starr mæta ásamt fleirum. Um páskana er stefnan sett á að hafa nokkra tónleika," segir Reynir og segir að best sé að fylgja LYST á samfélagsmiðlunum til að fylgjast með viðburðum.

Við fengum Reyni til ljóstra því upp hvaða réttur njóti mestrar hylli meðal iðskiptavina. „Einn vinsælasti rétturinn okkar hefur verið avókadósalat á súrdeigsbrauði frá Brauð & Co, en við vinnum mikið með þeim," segir Reynir sem er afar spenntur fyrir framhaldinu.

Avókadósalat

- 500 g avókadó
- 125 g sýrður rjómi 36% (mjög mikilvægt að hafa 36%)
- 60 g vorlaukur
- 55 g skalottlaukur
- 1 stk. rauður chilli
- 25 g limesafi
- 4 g salt

Byrjið á því að skera avókadó í bita og tossið í limesafa. Fínsaxið vorlaukinn, skallottlaukinn og chilli. Blandið saman og berið fram á fallegum disk þar sem salatið fangar augað. ■

Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra. Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic Undirkjóll
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic Undirkjóll
með breiðum hlýra
Fæst í svörtu og hvítu. Særðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic - Stockholm,
síð skyrta. Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu. Stærðir 36-54
Verð kr. 12.980

Sandgaard Basic Síður hlýrabolur
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 36-54
Verð kr. 4.980

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

Sandgaard Basic - New York
stuttur aðhalds hlýrabolur
Fæst í Svörtu og húðlituðu
Stærðir 38-56. **Verð kr. 4.980**

Sandgaard Basic Hneppt golla
Fæst í í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic - Helsinki
síð golla, fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 13.980

Sandgaard Basic hálfsíðar leggings
Fæst í Army grænu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic stretchbuxur
Fæst í Svörtu og navybláu
Stærðir 38-54
Verð kr. 7.980

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP® SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris HABELLA Jana®

Sandgaard Basic - New York
aðhaldsleggings. Fást í svörtu og gráu
Stærðir 38-56
Verð kr. 6.980

Sandgaard Basic - Pleðurbuxur
Fást í svörtu og gráu
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic
Útvíðar buxur Fæst í svörtu
Stærðir 38-54
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic Stuttermabolur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54. **Verð kr. 3.980**

Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Bílstjóri óskast á sendibíl, meirapróf ekki nauðsynlegt, íslenskukunnátta, hreint sakavottorð. Uppl.s: 8999288

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

gott cbd.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

VIFTAN SKYNJAR SKÍTALYKT

TILBOÐ:
32.401 KR.
VAR 38.119 KR.

VIFTUBÚÐIN
WWW.VIFTUR.IS

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Finnur þú PLAY á flugi í Fréttablaðinu?

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY. Við drögum út síðasta vinningshafa leiksins á mánudaginn.

Skannaðu mig

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.

2) Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á **www.frettabladid.is/lifid/playleikur**

PLAY

FRÉTTABLAÐIÐ

*Því oftar sem þú skráir þig, því líklegra er að þú vinnir.
Fréttablaðið kemur út 5 daga vikunnar, frá þriðjudegi til laugardags.

Litrík ævi Whitney Houston

Söngkonan Whitney Houston lést á þessum degi árið 2012 aðeins 48 ára gömul. Í ár hefði hún orðið sextug hefði hún lifað. Whitney vann til fjölda Grammy-verðlauna og selst hafa yfir 200 milljónir platna.

Whitney Houston fæddist í Newark í New Jersey þann 9. ágúst árið 1963. Hún lést á þessum degi árið 2012 en í ár hefði hún orðið 60 ára hefði hún lifað.

Whitney var ung að árum þegar fólk var farið að gruna að hún yrði söngkona. Hún átti ekki langt að sækja hæfileikana en söngkonan Dionne Warwick var frænka hennar og móðir hennar stjórnaði kórnum í New Hope-baptistakikjunni og var þekkt í gospelheiminum, söng meðal annars með Arethu Franklin.

Whitney byrjaði ung að syngja í kórnum hjá móður sinni og sagðist fljótt hafa áttað sig á því að rödd hennar væri guðsgjöf. Á unglingsárunum kom Whitney oft fram ásamt móður sinni og var þá farið að dreyma um frama sem söngkonu. Hana langaði í plötusamning. Um svipað leyti uppgötvaði ljósmyndari Whitney og hún varð eftirsótt fyrirsæta, var meðal annars á forsíðu tímaritsins Seventeen sem þá var afar vinsælt.

Sló strax í gegn

Þegar Whitney Houston var nítján ára kom hún fram á stórum næturklúbbi og það sama kvöld var Clive Davis í salnum. Davis var stofnandi plötuútgáfunnar Arista Records og gerði samning við Whitney á staðnum. Hann hóf strax að breyta ímynd hennar úr gospelstelpunni í poppstjörnu.

Árið 1983 kom Whitney fram í sjónvarpi í fyrsta sinn, þegar hún söng lagið Home úr söngleiknum The Wiz í The Merv Griffin Show sem sýndur var um öll Bandaríkin. Þau Davis vörðu svo næstu tveimur árum í að vinna að fyrstu plötu Whitney. Þau lögðu mikla vinnu í að finna tónlist sem bæri vitni um afbragðs sönghæfileika hennar.

Fyrsta platan kom svo út árið 1985 og bar nafn söngkonunnar, Whitney Houston. Um leið og platan kom út sló Whitney í gegn og var orðin poppstjarna. Sama ár komu svo út smáskífurnar Saving All My Love for You og How Will I Know, þær nutu mikilla vinsælda og komu plötunni á topplista þar sem hún var í fjórtán vikur.

Árið 1986 vann Whitey svo Grammy-verðlaun fyrir Saving All my Love for You og það var frænka hennar Dionne Warwick sem afhenti henni verðlaunin. En móðir Warwick og amma Whitney voru systur.

Eftir mikla velgengni fyrstu plötu Whitney Houston var ákveðið að gefa út aðra plötu strax árið 1987 en þá kom út platan Whitney. Sú plata seldist líkt og sú fyrri eins og heitar lummur og hlaut Whitney Grammy-verðlaun fyrir lagið I Wanna Dance with Somebody (Who Loves Me). Í kjölfarið jukust vinsældir hennar enn meir og Whitney fór í túr um heiminn.

Whitney og Bobby

Fyrstu fjórar breiðskífur Whitney seldust í 86 milljónum eintaka um allan heim. Árið 1992 lék hún svo í kvikmyndinni The Bodyguard ásamt Óskarsverðlaunaleikaranum Kevin Costner og seldist plata Whitney með tónlist úr myndinni í 33 milljónum eintaka. Aldrei hafði frægðarsól hennar skinið eins skært en það sama ár giftist Whitney söngvaranum Bobby Brown en þá höfðu þau verið trúlofuð í þrjú ár.

Í fyrstu var hjónabandi ástríkt og kærleiksríkt en það átti eftir að verða stormasamt. Bæði Whitney og Bobby neyttu vímuefna óhóflega og snemma fóru á kreik sögur um að hjónabandinu væri lokið. Þá birtu slúðurblöð reglulega fréttir af fíkniefnamálum og óæskilegri hegðun hjónanna.

Bobby Brown og Whitney Houston eignuðust dótturina Bobbi Kristina Brown árið 1993, hún lést aðeins 22 ára gömul árið 2015. Whitney og Bobby voru í mikilli neyslu vímuefna og sagði Bobby í viðtali eftir andlát Whitney að þau hefðu margoft lokað sig inni í einni álmu heimilis síns og neytt vímuefna dögum saman á meðan barnfóstrur sáu um dóttur þeirra.

Whitney og Bobby Brown skildu árið 2007 en nokkrum árum fyrr var Brown handtekinn fyrir að beita eiginkonu sína ofbeldi. Stormasamt hjónabandið, ofbeldið sem Whitney varð fyrir og neyslan hafði mikil áhrif á líf hennar og ferilinn. Á tímabili þurfti hún trekk í trekk að fresta tónleikum og heilsu hennar hrakaði ört.

Hún reyndi margoft að hætta að nota vímuefni en aldrei gekk það vel. Besta vinkona Whitney, Robyn Crawford, segir í nýrri bók að Whitney hafi aðeins verið 14 ára gömul þegar hún prófaði kókaín í fyrsta sinn. Oft hafi hana langað að hætta en aldrei hafi hún verið tilbúin og aldrei hafi það tekist.

Kókaín var meðal þess sem fannst í blóði Whitney Houston eftir andlát hennar. Whitney drukknaði í baðkeri á Beverly Hills-hótelinu kvöldið fyrir Grammy-verðlaunahátíðina á þessum degi árið 2012. Þremur árum seinna fannst dóttir hennar nær dauða en lífi einnig í baðkeri og lést hún nokkrum dögum síðar.

Whitney og Robyn

Robyn Crawford og Whitney Houston voru vinkonur frá því þær voru ungar og allt til ársins 2000 vann Robyn fyrir Whitney. Eftir andlát hennar sagði Robyn frá því að þær hefðu verið meira en vinkonur, að Whitney Houston hefði verið föst inni í skápnum.

Whitney var alin upp á afar trúuðu heimili og var mikið í kirkjunni. Sumarið þegar Whitney var 19 ára vann hún í æskulýðsstarfi ásamt Robyn og það sumar áttu þær í ástarævintýri. Síðar fluttu þær inn saman og nutu lífsins og fékk svo móðir Whitney, Cissy Houston, fregnir af sambandinu og tók því ekki vel.

Þegar Whitney fékk fyrsta plötusamninginn stuttu síðar vissi hún að hún yrði að binda enda á sambandið, samfélagið væri ekki tilbúið fyrir poppstjörnu sem væri svört lesbía. Whitney er frá því sögð hafa falið samband sitt við Robyn og það hver hún raunverulega væri. Hún tók þó alla tíð afstöðu með hinsegin samfélaginu og kom meðal annars fram í gleðigöngunni í New York árið 1999.

Líf Whitney Houston var stórt og litríkt. Hún hafði áhrif á fólk um allan heim og var lengi vel sú listakona sem hafði hlotið flest verðlaun fyrir tónlist og hafa plötur hennar nú selst í yfir 200 milljónum eintaka. Hún lést aðeins 48 ára gömul en í ár hefði hún fagnað 60 ára afmæli sínu þann 9. ágúst hefði hún lifað. ■

Whitney Houston var uppgötvuð á næturklúbbi aðeins 19 ára gömul.

Hér sést Whitney Houston syngja á tónleikum í Mílanó á Ítalíu árið 1993. Plötur Houston hafa selst í meira en 200 milljónum eintaka og hún vann til fjölda verðlauna fyrir tónlist sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Fjöldi fólks kom saman og minntist Whitney í Los Angeles þann 13. febrúar, tveimur dögum eftir að hún lést.

Hér er Whitney í upptökuveri á hátindi frægðar sinnar á 10. áratugnum.

Whitney með móður sinni Cissy Houston í maí árið 1985.

Whitney Houston, Bobby Brown og dóttir þeirra Bobbi Kristina Brown.

Kolluna upp fyrir alla sem eru að missa vonina!

„Kraftur þýðir skemmtun. Það er svo jákvæð orka þarna og skemmtilegt fólk“

Ekki missa vonina!

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á **lifidernuna.is**

KRAFTUR

Kyn þátttakenda skiptir ekki öllu máli

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall
@frettabladid.is

Nóam Óli varð í fyrra fyrsta trans manneskjan til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegu íþróttamóti. Hann segist helst fá hrós frekar en fordóma og segir umræðu um þátttökurétt trans fólks oft þröngsýna.

Nóam Óli Stefánsson er á átjánda ári, nemandi í myndlist, gítarleikari og bogfimiiðkandi. Hann braut blað í íslenskri íþróttasögu á síðasta ári þegar hann varð fyrsti trans einstaklingurinn til að keppa fyrir Íslands hönd.

„Ég er trans táningur, er í listnámi í framhaldsskóla, gítarleikari í hljómsveitinni Ókindarhjarta sem var að gefa út sína fyrstu plötu og hef stundað bogfimi frá tólf ára aldri."

Vissi það snemma

Nóam var á unglingsaldri þegar hann kom út úr skápnum og óttaðist í fyrstu að með því þyrfti hann að hætta að keppa í bogfimi.

„Ég er fjórtán ára þegar ég kem út úr skápnum og hélt í fyrstu að ég þyrfti að hætta í bogfimi en ákvað að halda áfram. Á þeim tímapunkti hélt ég að það væri ekki hægt að vera trans í íþróttum, en eins og með margt annað var það hægt. Ég var löngu viss um þetta skref, en fjórtán ára er maður að verða að manneskju og mér fannst þetta rétti tímapunkturinn til að koma út úr skápnum," segir Nóam sem fékk strax stuðninginn sem hann þurfti.

„Í fyrstu kom ég út úr skápnum við fjölskyldu og nánustu vini en ég þurfti að láta íþróttafélagið vita. Þegar ég breytti nafninu á Facebook fór fólk aðeins að spyrjast fyrir og ég bað starfsfólkið hérna í Bogfimisetrinu að láta fólk vita. "

Hann var ekki í íþróttum á yngri árum en foreldrar Nóams skoruðu á hann að prófa bogfimi.

„Foreldrar mínir voru að hjálpa mér að finna íþrótt og þau mundu eftir því að mér líkaði við bogfimi þegar ég var í skátasumarbúðum. Ég sá auglýsinguna, prófaði þetta og fann mig strax í þessu."

Reyndist ekkert stórmál

Nóam segir að það hafi ekki verið auðvelt að finna fyrirmyndir þegar hann skoðaði möguleikann á að keppa sem trans strákur í bogfimi.

„Bogfimi er lítið samfélag og trans samfélagið er lítið. Þessi tvö mengi tengjast ekki svo þegar ég var að googla trans fólk í bogfimi kom ekkert upp og í öðrum íþróttagreinum var umræðan yfirleitt neikvæð. Trans strákarnir sem ég kynntist sem voru á svipuðum aldri voru ekki í íþróttum, svo það var enginn nálægt að ganga í gegnum það sama og ég. Í fyrstu vildi ég ekki vera fyrstur, og þetta flækjustig inni í hausnum á mér stækkaði, en eins og þegar ég kom út úr skápnum þá var mikill léttir að taka þessa ákvörðun. Það reyndist lítið mál að breyta nafninu í keppnum og þá áttaði ég mig á því að þetta yrði ekkert stórmál fyrir aðra," segir Nóam sem keppir í trissuboga.

„Trissubogi er ólíkur hefðbundinni bogfimi, það eru trissur sem stýra þyngdinni. Það hentar mér mjög vel sem lágvöxnum trans strák að keppa við stærri sís stráka (sís er forskeyti sem er notað um fólk sem upplifir sig á þann hátt að það tilheyri því kyni sem því var úthlutað við fæðingu. Sís karl er karl sem var úthlutað kyninu „drengur" við fæðingu, innskot blaðamanns). Ég hef ekki verið á hormónum nægilega lengi til að fá þennan vöðvamassa og trissubogi hentar betur fyrir lágvaxna. Það er ekki víst að ég verði mikið hærri en 1,60 svo að það hentar mér vel," segir Nóam.

Trissubogi hentar Nóam betur þar sem hann er hannaður til að stýra þyngdinni betur og hentar því betur lágvöxnu fólki eins og Nóam sem er um 1,6 metrar á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég er fjórtán ára þegar ég kem út úr skápnum og hélt í fyrstu að ég þyrfti að hætta í bogfimi en ákvað að halda áfram.

En hvað þarf til að verða góður í bogfimi?

„Það þarf mikla æfingu og einbeitingu. Þetta snýst um að geta gert eitthvað alveg eins trekk í trekk."

Í ársbyrjun 2022 keppti Nóam í fyrsta sinn fyrir Íslands hönd þegar hann var hluti af U21 árs liði Íslands á Evrópumótinu.

„Við vorum nokkuð viss um að ég yrði fyrsti trans einstaklingurinn til að keppa fyrir Íslands hönd og við ræddum við bæði ÍSÍ og Samtökin '78. Hvorugt vissi til þess að það hefði trans manneskja keppt fyrir Íslands hönd svo að við erum að stóla á að ég sé fyrstur, þó að það sé ekki hægt að útiloka annað," segir bogfimikappinn sem íhugaði hvort hann vildi láta andstæðingana vita.

„Við tókum samtalið um hvort við ættum að láta aðra keppendur vita að ég væri trans. Þarna er ég ekki byrjaður á hormónum, lítill og kannski erfitt að ljúga að ég sé sís strákur. En mér fannst mikilvægt, ef einhver unglingur er í sömu sporum og ég einn daginn, að hann geti kynnt sér söguna mína. Það er ofboðslega mikilvægt að geta lesið jákvæðar sögur, því umfjöllunin sem trans fólk fær í íþróttum er misgóð," segir Nóam og segir sína sögu vera dæmi um að leyfa krakka að keppa í íþrótt sem hann er með ástríðu fyrir.

„Stuðningurinn var ótrúlega dýrmætur. Ég þurfti að tileinka mér það hugarfar að það væru aðrir hlutir sem skiptu máli en kyn þátttakenda."

Auk þess að æfa bogfimi er Nóam í námi og gítarleikari í hljómsveitinni Ókindarhjarta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bleika hárið vakti meiri athygli

Aðspurður segist Nóam ekki hafa upplifað fordóma af hálfu þátttakenda á mótinu, enda hafi flestir verið einbeittir á keppnina.

„Ég held að einhverjir hafi áttað sig á því, en það voru allir bara að einbeita sér að keppninni. Það vakti meira athygli að ég væri 1,55 metrar á hæð og með bleikan mullett og miklu minni en allir aðrir í íslenska liðinu. Dómararnir kölluðu mig litlu dúlluna í íslenska liðinu. Fólki finnst merkilegra að heyra af þessu í fjölmiðlum en þátttakendunum," segir hann og heldur áfram:

„Fólki finnst þetta merkilegt, að vera trans í íþróttum og keppa við stráka þó að ég minni sömu aðila á að stelpuliðið sé frábært. Það koma oft spurningar um hvort það sé ekki rosalegt að keppa við stráka en þegar allt kemur til alls eru þetta bara íþróttir. Bogfimi er íþrótt þar sem maður spyr sig af hverju það sé kynjaskipt keppni. Er munurinn mikill?"

Nóam segist vera tilbúinn að svara spurningum ef einstaklingar komi til hans með spurningar.

„Ég er opinn með það að vera trans og hef tekið þátt í pallborðsumræðum um upplifun mína. Það eru margar spurningar og það erfitt að yfirfæra þetta á sumar íþróttir. Ég get bent fólki á það hvernig ég fór að þessu, hvernig ég kom út innan íþróttarinnar og hvernig ég tekst á við fordóma. Bogfimi er mjög umburðarlynd íþrótt."

Pólitísk umræða

Talið berst að umræðu um þátttöku trans fólks í íþróttum. Á síðasta ári tilkynnti Alþjóðasundsambandið um reglur sem fóru langt með að banna þátttöku trans kvenna á afreksstigi. Alþjóðafrjálsíþróttasambandið er með sitt regluverk til skoðunar.

„Mér finnst þetta oft vera þröngsýn umræða. Það er ákveðin ímynd um hvernig trans fólk er, en fólk áttar sig ekki á fjölbreytileikanum. Líffræðin er flóknari en við viljum meina og það er hættulegt að setja reglur um líkama fólks þegar kemur að íþróttagreinum," segir Nóam og bætir við:

„Afreksfólk fæðist oft með einhverja náttúrulega hæfileika og eiginleika og æfir ofan í það. Það er misskilningur að trans konur séu ríkjandi í íþróttum en þegar það gerist er það blásið upp af því að þetta er einföld og ódýr blaðamennska á kostnað minnihlutahópa. Eru þessar hugmyndir byggðar á staðreyndum, eða út frá skoðun einstaklinga sem vilja ekki að trans fólk taki þátt?"

Hann segir sérstakt að vita til þess að deilt sé um tilvist manns sem einstaklings.

„Það er verið að búa til viðmið fyrir trans fólk af fólki sem þekkir ekki þessar tilfinningar. Þetta getur verið yfirþyrmandi, því mann langar ekki að vita að tilvist manns geti orðið að slíku deilumáli. Það gleymist að þú ert að rífast um tilvist manneskju sem sést ekki í einhverjum tölum á blaði." ■

RIF
RESTAURANT

Verið velkomin á RIF, í hjarta Hafnarfjarðar!



Coca-Cola Íslandi

/rifrestaurant

RIF.IS

FJÖRÐUR
VERSLUNARMIÐSTÖÐ

Mestu lygarar sögunnar

Bandaríski þingmaðurinn George Santos hefur gert garðinn frægan undanfarið vegna fjölbreyttra lyga sinna.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Undanfarnar vikur hefur bandaríski þingmaðurinn George Santos verið ansi áberandi í fjölmiðlum vegna fjölda fjölbreyttra lyga. Greint hefur verið frá því að ferilskrá hans innihaldi ósannindi og þá hefur hann verið gripinn glóðvolgur við að skrökva að almenningi.

jonthor@frettabladid.is

Santos hefur til dæmis haldið því fram að móðir hans hafi látið lífið í árásinni á tvíburaturnana, hann hafi rekið dýraskýli, að amma hans hafi lifað af helförina og hann segist sjálfur hafa sloppið undan morðtilræði. Ekki hefur tekist að færa sönnur á þessar fullyrðingar.

Í tilefni af þessu ótrúlega máli tók Fréttablaðið saman lista yfir nokkra alræmdustu lygara sögunnar. ■

Robert Ripley

Bandarískur þúsundþjalasmiðurinn LeRoy Robert Ripley gaf lengi vel út tímaritið Ripley's Believe It or Not! sem innihélt fjölda sturlaðra „staðreynda", sem áttu það þó til að vera ekki sannleikanum samkvæmar.

Margt sem finna mátti í blaðinu var satt, en annað ósatt. Til að mynda var mikið fjallað um ótrúleg fyrirbrigði í dýraríkinu. Maður með horn á höfði, barn með eitt auga (eins og kýklópar í grískri goðafræði), kona með tungu eins og gaffal, fiskar sem klifra upp tré og kjúklingar með fjóra fætur eru á meðal þeirra vera sem fjallað var um í tímaritinu.

Ripley fékk viðurnefnið „mesti lygari heims", en þegar hann var spurður út í það svaraði hann: „Það skiptir engu máli hvað ég segi. Þið trúið mér hvort eð er ekki."

Charles Dawson

Árið 1912 kynntu breski steingervingaáhugamaðurinn Charles Dawson og samstarfsmaður hans, jarðfræðingurinn Arthur Smith Woodward, mikla vísindauppgötvun.

Þeir höfðu fundið höfuðkúpu sem þeir töldu vera af týnda hlekknum á milli mannsins og apa í malarnámu við þorpið Piltdown.

Piltdown-maðurinn reyndist þó vera settur saman af Dawson, meðal annars úr höfuðkúpu manneskju og tönnum úr órangútan. Það kom þó ekki í ljós fyrr en árið 1953, rúmum fjórum áratugum eftir að félagarnir kynntu uppgötvunina.

Steven Spielberg átti eftir að leikstýra kvikmynd um æfi Abagnale og fékk sjálfan Leonardo DiCaprio til að fara með hlutverkið
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Frank Abagnale

Hinn bandaríski Frank Abagnale er hvað þekktastur fyrir að hafa verið leikinn af Hollywood-stjörnunni Leonardo DiCaprio í kvikmynd Steven Spielberg, Catch Me If You Can, en myndin fjallar einmitt um líf þessa uppátækjasama lygara og svindlara.

Eftirminnilegustu lygar Abagnale varða líklega það hvernig hann kom sér í ákveðin störf ungur að aldri. Á sjöunda áratug síðustu aldar varð hann flugmaður einungis sextán ára gamall og fékk háa stöðu á bráðadeild átján ára. Í hvorugu tilfelli hafði hann nokkur réttindi til að sinna starfinu.

Eftir að upp komst um fjölda svika Abagnale þurfti hann einungis að dúsa í fangelsi í fimm ár. En þá fékk hann starf hjá bandarísku alríkislögreglunni sem ráðgjafi við rannsóknir sem vörðuðu svik.

Wilhelm Voigt

Árið 1906 útvegaði hinn þýski Wilhelm Voigt sér búning prússnesks herforingja. Jafnvel þó að búningurinn passaði Voigt illa tókst honum að láta hann koma sér að góðum notum.

Hann heimsótti herskála í Berlín og sannfærði tíu hermenn um að fylgja sér. Þeir fóru saman í bæinn Köpenick og tóku ráðhúsið yfir. Hann sagði hermönnunum að standa vörð um húsið og stöðvaði allar skilaboðasendingar til Berlínar.

Síðan lét hann handtaka féhirði bæjarins og sjálfan bæjarstjórann. Og hafði sjálfur á brott með sér fjögur þúsund mörk. Hann skildi eftir nótu, titlaða á fangelsisstjóra sem Voigt hafði kynnst er hann sat inni.

Að lokum kom hann sér á brott, með því að skipta yfir í venjuleg föt. Hann var handtekinn vegna málsins tíu dögum síðar. Voigt hlaut viðurnefnið Kafteinninn af Köpenick.

Anna Anderson

Árið 1918 var rússneska keisarafjölskyldan myrt af bolsévíkum. Í kjölfarið fór orðrómur á kreik þess efnis að Anastasía, yngsta dóttir Nikulásar II. keisara, væri á lífi. Meðal annars vegna þess að líkamsleifar hennar höfðu ekki fundist.

Líkamsleifar keisarayngjunnar Anastasíu fundust ekki fyrr en nokkrum árum eftir fall Sovétríkjanna.

Margir reyndu að notfæra sér það og sögðust vera rússneska prinsessan og þeirra á meðal var Anna Anderson. Anna, sem þótti ansi lík Anastasíu, reyndi að sanna að hún væri prinsessan, en tapaði dómsmáli þess efnis árið 1938.

Fólk sem þekkti til rússnesku keisarafjölskyldunnar átti erfitt með að trúa henni, en aðrir voru fullvissir um að Anna væri Anastasía.

Anna lést á níunda áratug síðustu aldar 87 ára gömul. Raunverulegar líkamsleifar Anastasíu fundust ekki fyrr en eftir fall Sóvíetríkjanna, nánar tiltekið árið 2007. Í kjölfarið var erfðarannsókn gerð sem leiddi í ljós að hún hefði í raun verið pólsk verkakona að nafni Franziska Schanzkowska, en ekki Anastasía.

Miklu meira en bara ódýrt

Snjósköfur
frá kr 2.985,-

Bílskóflur
verð frá
kr 2.495,-

Álskófla Fiskars
frá kr 2.895,-

Bílrúðuskafa
m/klústi
kr. 1.995,-
(frá 995)

Bílrúðusköfur
frá kr 295,-

Strekkibönd

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast&Stál

Strákústar
frá kr 995,-

Klakasköfur

Hálkubroddar
kr 895,-

Yfirbreiðslur
margar stærðir

Hitamælar
í miklu úrvali

Dráttartóg
frá kr 2.495,-

Starkaplar
frá kr 1.995,-

VIAIR 12V
Loftdælur

Rúðuvökvi

Hálkusalt

Höfuðljós
kr 995,-

Vasaljós
í miklu úrvali

Neyðarkeðjur
Plast

Íseyðir
kr 995,-

Hleðslutæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

MERKISATBURÐIR

1794 Fundir öldungadeildar Bandaríkjaþings opnaðir fyrir almenningi.

1814 Noregur lýsir yfir sjálfstæði og slítur samstarfi við Danmörku.

1823 110 drengir farast í troðningi í hátíðarhöldum á Möltu.

1938 Breska ríkissjónvarpið BBC sýnir þátt byggðan á R.U.R., vísindaskáldsögu Karel Capek. Hugtakið vélmenni (e. robot) kemur fyrir í þáttunum í fyrsta sinn.

1943 Dwight D. Eisenhower tekur við sem æðsti stjórnandi herja bandamanna í Evrópu.

1961 Réttarhöld yfir Adolf Eichmann hefjast í Jerúsalem.

1970 John Lennon greiðir 1.344 punda sekt fyrir hóp fólks sem mótmælir því að suður-afríska ruðningsliðið fái að leika í Skotlandi.

1973 Kvikmyndin Brekkukotsannáll er frumsýnd í Ríkissjónvarpinu.

1975 Margaret Thatcher er kjörin formaður Breska íhaldsflokksins.

1977 20,2 kílóa þungur humar veiðist við Nova Scotia.

1980 Metafli loðnu veiðist á einum sólarhring á Íslandi: 23.180 lestir.

2008 Turninn, Smáratorgi í Kópavogi er opnaður.

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfarastofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna
Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna


Guðmundur Magnússon var fæddur á Rifi, nyrsta bæ landsins, og ólst hann upp við mikla fátækt. MYND/AÐSEND

Þrautseigja og sköpunarþrá

Guðmundur Magnússon, betur þekktur sem Jón Trausti, braust út sem einn helsti rithöfundur Íslendinga á fyrri hluta síðustu aldar, þrátt fyrir að hafa búið við mikla örbirgð.

arnartomas@frettabladid.is

Á morgun verða liðin 150 ár frá fæðingu rithöfundarins Guðmundar Magnússonar, eða Jóns Trausta eins og hann er betur þekktur. Jón Trausti var áhrifamikill rithöfundur á fyrri hluta síðustu aldar og tókst vel að fanga íslenskan raunveruleika í skrifum sínum. Í tilefni af tímamótunum efna Háskóli Íslands, Rithöfundasambandið og Árnastofnun til málþings um ævi og störf rithöfundarins í Iðnó á morgun klukkan 13.

Guðmundur var fæddur á Rifi á Melrakkasléttu þann 12. febrúar 1873 og ólst upp við erfiðar aðstæður. Hann missti föður sinn ungur að árum og var sendur í fóstur á Skinnalóni þar sem hann dvaldi nokkur ár áður en hann flutti aftur til móður sinnar tíu ára gamall.

„Það var mikil þrautseigja í þessum manni og mikil sköpunarþrá," segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar. „Hann kemur út úr mikilli fátækt, fæddur á nyrsta bæ landsins, en af einhverju óskiljanlega miklu hugrekki brýst hann út úr þessum aðstæðum sínum."

Guðmundur komst austur á Seyðisfjörð þar sem hann nam prent sem var leið ungra fátækra manna á þessum tíma til að komast nær bókmenningunni.

„Hann naut engrar menntunar og var algjörlega sjálfmenntaður," útskýrir Guðrún. „Maður finnur í gegnum líf hans að hann var að sífellt að leita að leið til að finna þessari þrá sinni farveg."

Harðir dómar

Guðmundur gaf út sína fyrstu ljóðabók 1898 sem nefndist „Heima og erlendis." Bókin fékk blendnar viðtökur en skáldið unga var ekki af baki dottið. Fimm árum síðar gaf Guðmundur út ljóðabókina „Íslandsvísur", reyndar sem handrit, en viðtökur hennar áttu eftir að hafa mikil áhrif á hann.

Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Bókin fékk ósanngjarna dóma að hans mati og það er eins og hann hafi ákveðið að gefast upp á þessu," útskýrir Guðrún. „Hann tengdi þetta við að hann hafi ekki verið menntaður maður og ekki notið sömu þjálfunar og mörg önnur skáld."

Í kjölfarið ákvað Guðmundur að taka upp höfundarnafnið Jón Trausti.

„Líklega til að koma sjálfum sér í hlé, hann vildi láta verkin tala," segir Guðrún.

Afkastamikið undrabarn

Það var svo árið 1906 sem út var gefin skáldsagan Halla eftir ókunna höfundinn Jón Trausta. Bókin hlaut afar góðar viðtökur og kom það mörgum á óvart þegar það kom í ljós að höfundurinn væri Guðmundur Magnússon.

Í kjölfarið hlaut Guðmundur viðurkenningu sem rithöfundur en skáldsögur voru heldur óalgengar á Íslandi á þessum tíma. Guðmundur skrifaði alls níu skáldsögur en þar má einna helst nefna Heiðarbýlið og Önnu frá Stóruborg.

> Ég held það sé alveg kominn tími til að skoða Jón Trausta og aðra rithöfunda frá þessum tíma með nýjum hætti.
>
> Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar

„Hann sló í gegn með Höllu og þá var hann kominn af stað," segir Guðrún. „Hann var gríðarlega afkastamikill sem furðum sætir því hann var í dagvinnu sem prentari og þurfti alltaf að vinna fyrir sér. Halldór Laxness las hann sem ungur maður og lýsti Guðmundi sem undrabarni í íslenskum bókmenntum."

Rithöfundur í nýju ljósi

Þá hafði Guðmundur mikinn áhuga á ferðalögum og náttúru Íslands.

„Hann var fjallgöngumaður og skrifaði ferðalýsingar. Hann var mikill náttúruunnandi og greinandi, líklega undir áhrifum frá Þorvaldi Thoroddsen sem var mikill velgjörðarmaður hans," segir Guðrún. „Þeir sem hafa lesið Heiðarbýlið vita að þar má finna fallega lýsingu af óbyggðunum í inngangi bókarinnar."

Guðmundur var einmitt nýkominn heim úr ferðalagi til Kötlu sem var að gjósa þegar hann lést árið 1918, aðeins 45 ára gamall.

„Með þessu málþingi viljum við endurskoða hann og höfundarverkið því að það er svo algengt með eldri skáld og rithöfunda að fólk festist í sömu klisjunum og segi alltaf það sama um þá," segir Guðrún. „Ég held það sé alveg kominn tími til að skoða Jón Trausta og aðra rithöfunda frá þessum tíma með nýjum hætti."

Málþingið hefst klukkan 13 í Iðnó á morgun. ■

Öryggismál tekin föstum tökum

arnartomas@frettabladid.is

Rafverktakinn Rafeyri á Akureyri hlaut í vikunni Forvarnarverðlaun VÍS sem ætluð eru því fyrirtæki sem þykir skara fram úr í öryggismálum og er öðrum fyrirtækjum góð fyrirmynd.

„Við vinnum með stórfyrirtækjum í landinu sem eru með reglur og við fórum að fara eftir þessu. Starfsmenn átta sig auðvitað á því að þetta er þeim fyrir bestu," segir Kristinn Hreinsson, framkvæmdastjóri hjá Rafeyri. „Við höfum reynt að búa til samfélag þar sem hver og einn hugsar um sjálfan sig en líka um samstarfsmann sinn með það að leiðarljósi að allir séu öryggir og öll ætlum við að koma heil heim."

Þannig segir Kristinn að öryggismálin séu ekki seld fólki af ofstopa eða ofríki heldur séu þau innleidd á skynsamlegum nótum. Á mánaðarlegum starfsmannafundum og stjórnarfundum er alltaf byrjað á öryggismálum með þeim útgangspunkti að þar sé enginn afsláttur gefinn.

„Tilhlýðandi klæðnaður skal notast og önnur öryggistól skal nota þar sem við á. Við höfum ekki verið að skera við nögl að skaffa fólki góðar vörur," segir Kristinn.

Þá hefur fyrirtækið þróað app sem heldur utan um ástand á verkfærum og tólum fyrirtækisins.

„Hvort sem það er fallvarnarbelti, stór borvél eða hvað annað sem þarf að nota þá er QR-kóði á hverju verkfæri sem viðkomandi starfsmaður skannar og skráir sig þannig fyrir verkfærinu," útskýrir Kristinn. „Sé vöntun á tilteknu verkfæri þá er hægt að sjá hvort einhver hafi gleymt að skila og þá er auðvelt að hafa samband."

Stjórnendur hjá Rafeyri taka við verðlaunum í Hörpu. MYND/VÍS

> Starfsmenn átta sig auðvitað á því að þetta er þeim fyrir bestu.
>
> Kristinn Hreinsson, framkvæmdastjóri hjá Rafeyri

Er þá hægt að melda með appinu ef eitthvað er bilað eða slitið?

„Já, en við höfum líka þá reglu að það fer ekkert verkfæri sem er bilað upp í hillu," svarar Kristinn. „Við höfum líka á skrá hversu gamlir hlutirnir eru orðnir. Ég hef oft sagt það sem lokaatriði á starfsmannafundum að allir eigi að vinna vel og koma heilir heim. Ég hef gaman að því að koma í vinnuna en ef það er eitthvað sem ég hræðist þá er það að mæta á heimili fólks og bera þangað vátíðindi." ■

ÞETTA GERÐIST | 11. FEBRÚAR 1973

Kvikmyndin Brekkukotsannáll frumsýnd

Kvikmyndin Brekkukotsannáll var frumsýnd í sjónvarpinu þann 11. febrúar 1973. Hún var fjármögnuð af RÚV, Sambandi norrænna ríkissjónvarpsstöðva og Þýska sjónvarpinu og var leikstýrt af Þjóðverjanum Rolf Hädrich. Framleiðslan var heldur vegleg og var ekkert til sparað í búningum og leikmyndum.

Myndin byggir á samnefndri bók eftir Halldór Laxness, sem bregður þar einmitt fyrir í mýflugumynd. Í myndinni voru margir af stórleikurum

Íslands á borð við Jón Laxdal, Þorstein Ö. Stephensen, Regínu Þórðardóttur og Brynjólf Jóhannesson. Þá for Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, með stórt hlutverk aðeins sautján ára gömul.

Brekkukotsannáll var lengi vel ósýningahæf þar sem engin filma var með öllu óskemmd en frumeintaki myndarinnar var óvart fargað. Myndin var enduruppgerð 2015 þar sem leitað var til Norðurlanda og Þýskalands eftir völdum köflum og tókst til að púsla henni saman í sýningarhæft eintak. ■

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Svanhildur Sigurðardóttir

lést á heimili sínu í Canach, Lúxemborg, 31. desember.
Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju þriðjudaginn 14. febrúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja MS-félagið.

Markús Ívar Magnússon
Guðrún Eva Markúsdóttir **Aleš Guštin**
Sigurður Bjarni Markússon **Catherine Ziegler**
Magnús Ívar Markússon
og barnabörn

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna andláts og útfarar móður okkar og tengdamóður,

Hallbjargar Gunnarsdóttur
Bebbu

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Bylgjuhrauns, Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð.

Gunnar Guðnason **Steinunn Ólafsdóttir**
Guðjón Guðnason **Guðrún Tryggvadóttir**
Grétar Guðnason **Hafdís Ólafsdóttir**
Guðni Guðnason **Jenný Guðmundsdóttir**
María Jóna Guðnadóttir **Hallgrímur S. Þorvaldsson**
og fjölskyldur

---

†

Elsku mamma, tengdamamma, systir, amma og langamma okkar,

Sif Aðils

lést á Landakotsspítala, föstudaginn 27. janúar.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Kærar þakkir færum við öllum sem komu að umönnun hennar.

Þór Sigurjónsson **Guðrún Gunnarsdóttir**
Inga Aðils
Hrund Þórsdóttir **Óskar Páll Elfarsson**
Freyr Þórsson **Eva Hlín Hermannsdóttir**
Ísak, Bjarki, Sunna, Sölvi og Arnar

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólrún Guðmundsdóttir
Galtalind 12, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 2. febrúar.
Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju mánudaginn 13. febrúar klukkan 13.00.
Innilegar þakkir til starfsfólks Líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýhug.

Guðfinnur Magnússon
Guðmundur Heiðar Guðfinnsson **Enikő Bali**
Guðrún Jóna Guðfinnsdóttir **Helgi R. Magnússon**
Magnús Grétar Guðfinnsson **Júlía Hrönn Möller**
Harpa Björg Guðfinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Þökkum samúð og vinarhug við andlát og útför kærrar systur, mágkonu og frænku,

Erlu Guðbjargar Jónsdóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks Mörkinni fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð.

Fyrir hönd fjölskyldunnar og annarra aðstandenda,
Ómar G. Jónsson
Sigurður Jónsson **Hrefna Jónsdóttir**
Svanfríður Jónsdóttir **Borgþór Magnússon**
Ómar Ú. Eyþórsson

---

†

Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

Kolfinna Gunnarsdóttir

lést á Landspítalanum föstudaginn 3. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.

Gunnar Már Ásgeirsson **Sigrún Snorradóttir**
Friðjón Ásgeirsson **Birna Hrönn Bjarnadóttir**
Kolfinna Mjöll Ásgeirsdóttir **Bjarki Þór Eliasen**
og barnabörn

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Birgir Bjarnason
framkvæmdastjóri,
Holtagerði 76, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 7. febrúar síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Lindakirkju miðvikudaginn 22. febrúar klukkan 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið. Innilegar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýhug.

Guðbjörg Sigmundsdóttir
Íris Björg Birgisdóttir **Gunnþór Steinar Jónsson**
Gísli Heiðar Bjarnason **Anna Elín Kjartansdóttir**
Ágústa Birgisdóttir **Guðni Þórarinsson**
Elías Halldór Bjarnason **Helga Arnalds**
barnabörn

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óli Kristjánsson
húsasmíðameistari,
Strandvegi 17, Garðabæ,

lést á Líknardeild Landspítalans föstudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 16. febrúar klukkan 13.

Soffía A. Haraldsdóttir
Haraldur Þór Ólason **Þórunn Úlfarsdóttir**
Kristján A. Ólason **Þuríður Sigurðardóttir**
Kristín V. Óladóttir
Stella Óladóttir **Páll Halldórsson**
Ingibjörg Óladóttir **Garðar Ingþórsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elsku eiginmanns míns, föður okkar og tengdaföður,

Gunnars Inga Ragnarssonar
verkfræðings,
áður til heimilis að Þverá, Laufásvegi 36,

sem andaðist þann 24. janúar 2023.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Parkinsonsamtakanna, Hlíðabæjar og hjúkrunarheimilis Hrafnistu við Sléttuveg, sem léttu honum lífið í löngum veikindum.

Valdís Bjarnadóttir
Orri Gunnarsson
Tinna Gunnarsdóttir **Michel van Tol**
Nanna Gunnarsdóttir **Owen Hindley**

KROSSGÁTAN



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtast fornar bókmenntir (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „11. febrúar “.

SUDOKU

	1			2		5		3
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9					3	4	1	
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8		2
		8		5		1		

7	3			5	9			
			1		3			
		5	6					7
		2			6		1	
1		9		2			7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8					5	
		1	9		4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRODE ØVERLI

LAUSNARORÐ SÍÐUSTU VIKU

SLEGGJUHÁFUR

H	E	I	M	S	K	E	R	F	I	S		Ú		I		H		B	
E		Đ		T		L		Í		L	Í	T	I	L	S	V	E	R	Đ
I	N	N	B	U	N	D	I	N		A		F		L		Í		U	
M		V		N		F		E	G	G	J	A	H	V	Í	T	U	N	A
S	K	Æ	R	G	U	L	U	R		V		R		I		U		N	
K		Đ		U		J		Í	R	E	N	N	S	L	I	Đ		I	
A	R	I	N	S	T	Ó	N	A		R		A		J		U		N	
U		N		Á		T			S	K	Ú	R	G	A	R	M	A	N	A
T	Í	G	U	R	K	A	T	T	A		T		A		Ó		G		Đ
	S		N		L		O		M	E	I	N	G	A	L	L	A	Đ	S
S	L	A	G	V	I	Đ	R	U	M		T		N		A		M		T
	E		A		F		G		Á	L	A	F	O	S	S		Á		O
A	N	D	H	E	I	T	I		L		F		R		T	A	L	A	Đ
	S		I		N		N	Ó	A	F	L	Ó	Đ	S		F		Đ	
S	K	Ö	R	F	U	N	U	M		Á		S		K	Ü	S	K	A	R
	U		Đ			Ý		A	F	T	A	K	I	R		P		L	
I	N	N	I	F	E	L	U	R		Í		O		Á	L	Y	K	T	I
	N			Ó		I		G	O	Đ	O	R	Đ	S		R		Ó	
L	A	N	D	R	Ó	Đ	U	R		A		N		E	G	N	I	N	G
	R			N		A		A	U	R	K	A	S	T		U		A	

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Fara hærra með rofna dagskrá um faldaða flik (9)
9 Mikið er uppnám þeirra sem hæst góla (4)
11 Bátskæna hins fornfræga sálgreinis endaði í eigu olíufyrirtækis (9)
12 Peningastúss er ekki það sem þetta hérað snýst um (9)
13 Angi hins ringlaða konungs (4)
14 Hvert kvikindi stökk frá storð í sjó við við þennan ágæta vog (9)
15 Minn harmur? Skeið sem menn hafa sannarlega unnið (9)
16 Veg ógeðfelld (5)
17 Óttast jaka ansi þunna en hvorki topp né pinna (7)
18 Hvernig meðhöndlar þú a) sax og b) útilegubreddu? (9)
19 Þessi planta gefur fugli líf (6)
23 Einhvern veginn fann malarinn þessa fornu og skáldlegu gullhringa (8)
27 Kunnum vel við okkur hjá blómunum þótt róttæk séum (8)
30 Hún er alltaf nærgætin við Tinna sinn (5)
31 Þetta gátumál er aumur og villandi útúrsnúningur (9)
32 Leita að stöfum með fínum röndum (6)
34 Setja dauðan mann yfir flota draugafleyja (7)
35 Æði út í alls kyns vitleysu fyrir börnin mín ungu (7)
36 Háreist heiti á grunnmynd (8)
37 Hér renna þau saman, Seðlabankinn og hin iðandi undiralda (7)
39 Blettur fyrir bleikt bein úr sjó (7)
42 Þegjandalegar, svona án almennilegs baráttumáls (9)
44 Sting? Þið metið hann bara og látið slúðrið ekki trufla (7)
47 Skefur hýjung ef skjólflík leyfir (7)
49 Greinir lögmál um sjálfa sig og enga aðra (9)
50 Heyrði öfugmælasögu af hinu harða grammi (6)
51 Því skyldi ég dvelja við köstin og illindin öll? (7)
52 Burt með allt sem lagast og það mun enda á sléttu (9)
53 Meira ansans vesenið, þetta klúður burðardýrsins (6)
54 Og ritað er: Þú dróst þetta rugl upp úr þeim (7)

LÓÐRÉTT

1 Og þú mótmæltir ekki þessum stórkostlegu kveinstöfum í yfirmönnunum? (15)
2 Langi leitar að viðeigandi bakkelsi (11)
3 Hin skrautlega skrúfa lasleika er blómleg (7)
4 Af limum og ljúflingum og afmörkuðum en verðbólguhvetjandi sjálfum (10)
5 Í miklu hasti reka þeir fólk áfram áður en blindöskubylur skellur á (8)
6 Hnusa af skinni og veðri vondu (8)
7 Upplýsi eigin rass um glæpsamlega stjórnarhætti (8)
8 Vel unnin önd eflir andardrátt (8)
9 Fussumsvei, lauslát og reykið hvenær sem hlé gefst! (7)
10 Opna munninn og fæ mér í hann (7)
20 Hann flúði undan glæpum sem við höfum til skoðunar (9)
21 Sá kenndi sat að sumbli, sullandi í bjór (7)
22 Dynur sleða ómar um ílátin (7)
24 NN er ill og bróðir hennar sísuðandi og leiðinlegur (7)
25 Því stilltari, þeim mun óáreiðanlegri, er það málið? (7)
26 Segja galdra vekja tryllt geðslag og grimmt (9)
28 Ófrjáls leit á læri sem lausn og gráðan tryggði framhald þess (12)
29 Samtal vekur áhyggjur af því hvað skal segja og hvernig (7)
33 Teygja nefin sig nokkuð lengra en gróðaselirnir leyfa? (10)
38 Hér er þó lífleg teikning á langri ræmu (8)
40 Þú segir smásudda hafa kostað svolitla töf – það kalla ég öfugar ýkjur! (7)
41 Söngvar um flón eða reglur um tákn? (7)
43 Ég vil bara minna á rétt áa okkar (6)
45 Flinkar fraukur leita nets (6)
46 Þessi skjáta mun varla greiða mér án mikilla eftirgangsmuna (6)
48 Brennið og það sem ei er satt (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN



Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Violeta, eftir Isabel Allende** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Elín Árnadóttir, Reykjavík.**

Eyfi

60 ára

GLÆSILEGIR AFMÆLISTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI LAUGARDAGINN 1. APRÍL KL. 21.00

Eyjólfur Kristjánsson heldur uppá 60 ára afmæli sitt með glæsilegum tónleikum þar sem öll Eyfalögin og fleiri til verða flutt af stórhljómsveit, bakröddum og gestasöngvurum undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

„Dagar“, „Álfheiður Björk“, „Nína“, „Ég lifi í draumi“, „Danska Lagið“, „Gott“, „Skref fyrir skref“, „Ástarævintýri (á Vetrarbraut)“, „Eins og vonin, Eins og lífið“ o. m. fl.

HLJÓMSVEIT:
TROMMUR: JÓHANN HJÖRLEIFSSON
BASSI: FRIÐRIK STURLUSON
HLJÓMBORÐ: ÞÓRIR ÚLFARSSON
HLJÓMBORÐ: HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON
HLJÓMBORÐ: EINAR ÖRN JÓNSSON
GÍTARAR: JÓN ELVAR HAFSTEINSSON
GÍTARAR: PÉTUR VALGARÐ PÉTURSSON
SAXÓFÓNN, ÞVERFLAUTA OG SLAGVERK: SIGURÐUR FLOSASON
KASSAGÍTAR OG SÖNGUR: EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

BAKRADDIR:
EVA ÁSRÚN ALBERTSDÓTTIR
ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR
INGI G. JÓHANNSSON

Öllum tónleikagestum verður boðið uppá afmælissnittur frá H-Veitingum fyrir tónleika og í hléi.

GESTASÖNGVARAR:
VALDIMAR GUÐMUNDSSON
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
BJÖRN JÖRUNDUR
STEFÁN HILMARSSON

HRINGBRAUT

MIÐASALA ER HAFIN Á TIX.IS

tix.is

LAUGARDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. (e)
19.00 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu. (e)
19.30 Nýsköpun Þáttur um nýsköpun í umsjón Páls Kr. Pálssonar. (e)
20.00 Bærinn minn Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland. (e)
20.30 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. (e)
21.00 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu. (e)

RÚV SJÓNVARP

07.05 KrakkaRÚV
09.14 Stundin okkar
09.41 Dagur íslenska táknmálsins
09.45 Lögin í Söngvakeppninni - brot
09.50 HM í alpagreinum
11.45 Gettu betur
12.50 Kastljós
13.05 Núvitund í náttúrunni
13.15 Vika 6
13.20 HM í skíðaskotfimi
14.40 Vikan með Gísla Marteini
15.30 Kiljan
16.10 Landinn
16.40 Fólkið mitt og fleiri dýr
17.30 Óperuminning
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie Fótboltabaráttan heldur áfram og keppast Jamie og félagar um að gera liðið sitt sem sterkast. En með nýjum aðstoðarþjálfara og nýjum liðsmönnum koma ný átök.
18.29 Maturinn minn
18.40 Matargat
18.45 Landakort
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 #12 stig Upphitun fyrir Söngvakeppnina 2023. Við kynnumst flytjendum laganna tíu sem keppa um að fara fyrir hönd Íslendinga í Eurovision sem verður í Liverpool á Englandi í maí.
20.55 Kanarí
21.15 Aloha
23.00 Veiðimennirnir
00.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

10.30 Dr. Phil
12.52 The Block
13.15 Love Island
14.30 Leicester - Tottenham BEINT
17.41 Survivor
18.25 George Clarke's Old House, New Home Arkitektinn George Clarke er mættur aftur og hjálpar fólki að breyta gömlum húsum í glæsileg heimili.
19.10 The Block
20.10 Status Update Kyle Moore er skilnaðarbarn og á erfitt með að finna sig í nýjum heimabæ sínum. Hann finnur nýtt smáforrit, sem hefur þann eiginleika að allar stöðuuppfærslur hans verða að veruleika.
22.00 Dronningen
00.05 Into the Wild
02.30 Crawl
03.55 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Söguhúsið
08.05 Ungar
08.05 Sögur af svöngum björnum
08.15 Vanda og geimveran
08.25 Vanda og geimveran
08.35 Pipp og Pósý
08.40 Neinei
08.50 Strumparnir
09.00 Heiða
09.20 Taina og verndarar Amazon
09.35 Latibær
09.45 Ella Bella Bingó
09.50 Leikfélag Esóps
10.00 Tappi mús
10.10 Siggi
10.20 Rikki Súmm
10.30 Angelo ræður
10.40 Mia og ég
11.05 K3
11.15 Denver síðasta risaeðlan
11.25 Angry Birds Stella
11.35 Hunter Street
11.55 Bob's Burgers
12.15 Bold and the Beautiful
14.05 Þeir tveir
14.55 Masterchef USA
15.40 Tónlistarmennirnir okkar
16.05 Körrent
16.30 Idol
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Krakkakviss Spurningaþættir þar sem Berglind Alda og Mikael Emil taka á móti 10-12 ára krökkum og spyrja þau spjörunum úr um allt milli himins og jarðar.
19.25 Brettin upp
20.50 The Switch
22.30 Honest Thief
00.10 American Psycho
01.50 Masterchef USA
02.30 Þeir tveir

SUNNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. (e)
19.30 Útkall Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)
20.30 Mannamál
21.00 Hugvekjur á sunnudegi Hugvekjur presta og gesta Fríkirkjunnar í Reykjavík.

RÚV SJÓNVARP

07.16 Kúlugúbbarnir
07.39 Ellas
07.50 Friðþjófur forvitni
08.13 Rán og Sævar
08.24 Móa
08.35 Hæ Sámur
08.42 Eðlukrúttin
08.53 Strumparnir
09.04 Bréfabær
09.15 Hvolpasveitin
09.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi
09.48 Rán - Rún
09.53 Millý spyr
10.00 Verksmiðjan
10.30 Tölvuhakk - frítt spil?
11.00 Silfrið
12.10 Lögin í Söngvakeppninni - brot
12.15 HM í skíðaskotfimi
13.15 Menningarvikan
13.45 Á móti straumnum - Nanna er viðundur
14.05 Núvitund í náttúrunni
14.20 HM í skíðaskotfimi
15.20 #12 stig
16.30 Handritin - Veskú
17.25 Bækur og staðir
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.27 Frímó
18.41 Íþróttir
18.47 KrakkaRÚV - Tónlist
18.50 Sætt og gott
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Stormur
21.05 Veðmálahneykslið
21.55 Fagra veröld
23.45 Silfrið
00.45 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

10.45 Dr. Phil
11.25 Dr. Phil
12.05 The Bachelor
13.25 The Block
14.20 Love Island
15.05 Top Chef
16.00 Survivor
16.45 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
17.40 Jarðarförin mín
18.10 Læknirinn í eldhúsinu
18.40 Nýlendan Við fylgjumst með Íslendingum leita á framandi slóðir til að endurheimta tengsl við sjálfan sig og náttúruna. Fjölskylda Öglu og Haffa leitar í hægara líf á La Palma, á meðan heilarinn Júlía hópar saman Íslendingum í Mexíkó.
19.10 The Block
20.10 Solsidan
20.35 Killing It
21.00 Law and Order. Organized Crime Spennandi sakamálasería um rannsóknarlögreglumanninn Elliot Stabler sem snýr aftur til New York og fer fyrir sérsveit lögreglunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
21.50 Love Island
22.35 The Handmaid's Tale
23.35 Impeachment
00.20 NCIS
01.05 NCIS. New Orleans
01.50 The Rookie
02.35 Snowfall
03.20 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Barnaefni
11.50 Simpson-fjölskyldan
12.10 Ice Cold Catch
12.55 The Cryptoqueen
14.30 Krakkakviss
16.20 Heimsókn
16.45 The Good Doctor
17.40 60 Minutes**18.25** Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Tónlistarmennirnir okkar
19.25 Grand Designs
20.15 A Friend of the Family Hrottaleg, sönn, saga Broberg fjölskyldunnar um það hvernig hrifandi „fjölskylduvinur" með þráhyggju tókst að ræna dótturinni, Jan, þónokkrum sinnum yfir árabil.
21.05 The Undeclared War
22.10 Vampire Academy
22.55 Insecure
23.25 Masters of Sex
00.20 Coroner
01.00 Coroner
01.45 Coroner
02.25 Brave New World

MÁNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Nýsköpun Þáttur um nýsköpun í umsjón Páls Kr. Pálssonar.
20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.

Leikið er um Ofurskálina í Arizona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vökunótt bíður margra í helgarlok

benediktarnar@frettabladid.is

Á sunnudaginn mun einn stærsti íþróttaviðburður ár hvert fara fram í Arizona, þegar Kansas City Chiefs og Philadelphia Eagles etja kappi um hina eftirsóttu Ofurskál. Leikurinn verður sýndur á Stöð 2 Sport og hefst dagskráin klukkan 22.00.

Þótt ameríska fótbolti sé lang stærstur hinum megin við Atlantshafið, hefur íþróttin rutt sér til rúms hér á landi síðustu ár og eru vinsældirnar miklar.

Leikurinn um Ofurskálina er meira að segja orðinn það vinsæll hér á landi að margir taka á sig erfiða og þreytta mánudaga til þess að horfa á þennan vinsæla viðburð í góðra vina hópi langt fram á nótt.

Þótt erfitt sé að segja hver vinnur, þá verður þetta heljarinnar skemmtun. ■

Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það
GLUGGA GERÐIN
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

VIÐ TÆKIÐ

Stórkostlegir sombíuþættir

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Þrátt fyrir margar tilraunir hefur gengið nokkuð brösuglega að aðlaga tölvuleiki að hvíta tjaldinu og hægt að finna mörg dæmi um arfaslakt efni sem framleitt var eftir tölvuleikjum. Nú virðist Hollywood loksins hafa tekist hið ómögulega og framleitt nánast fullkomið sjónvarpsefni upp úr tölvuleikjum.

Þættirnir The Last of Us úr smiðju HBO eru byggðir á samnefndri tölvuleikjaseríu eftir framleiðandann Naughty Dog. Í þáttunum leika Game of Thrones stjörnurnar Pedro Pascal og Bella Ramsey smyglarann Joel og stúlkuna Ellie sem leggja í hættuför yfir Bandaríkin sem eru rústir einar eftir að sombíufaraldur tók yfir heiminn tuttugu árum áður.

Þáttunum tekst að sameina það besta úr tölvuleikjunum; nístandi heimsendahrylling, við vitsmunalegt drama og frásagnarlist af hæsta gæðaflokki. Hápunktur þáttanna er söguheimurinn sem þrátt fyrir að vera nöturlegur er svo vel skapaður og auðugur að manni líður næstum eins og maður sé sjálfur staddur í sombíufaraldri.

Aðalleikararnir tveir ljá tragískum persónum sínum sjarma og vigt svo unun er að fylgjast með þeim. Þá eiga framleiðendur þáttanna hrós skilið fyrir að skapa eina fallegustu samkynhneigðu ástarsögu síðari ára í þriðja þætti seríunnar.

The Last of Us er aðgengilegt á Sjónvarpi Símans. ■

> Þáttunum tekst að sameina það besta úr tölvuleikjunum; nístandi heimsendahrylling, við vitsmunalegt drama.

Lexus er aftur komið í toppsæti áreiðanleikakönnunar J.D. Power. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Lexus tekur aftur fyrsta sætið í könnun J.D. Power

J.D. Power er stofnun í Bandaríkjunum sem mælir gæði bílamerkja og hversu oft þau þurfa á viðgerðum að halda. Stofnunin gaf í vikunni út tölfræði síðasta árs og þar var það Lexus-merkið sem tók aftur toppsætið.

njall@frettabladid.is

Kia-merkið er með fæst vandamál í flokki fjölda-framleiddra bíla.

Hverju merki eru gefin stig fyrir vandamál á hvert hundrað farartækja. Vandamálin geta verið ýmiss konar, allt frá vandamálum með margmiðlunarskjá upp í bilanir á vélbúnaði. Vandamál með margmiðlunarskjái var reyndar algengasta vandamálið og voru það vandamál tengd Apple CarPlay og Android Auto, raddstýringu, blátannarbúnaði og úreltum landakortum sem voru algengust.

Eins og áður sagði var Lexus í fyrsta sæti yfir heildina með 133 vandamál á hverja 100 bíla. Framleiðendum er skipt í lúxusflokk og framleiðendur fjöldaframleiddra bíla, en í lúxusflokki komu Genesis, Cadillac og BMW næstir. Í flokki fjöldaframleiddra bíla stóð Kia-merkið sig best með 152 stig, Buick í öðru sæti með 159, en á eftir komu Chevrolet, Mitsubishi og Toyota. Þau merki sem hækkuðu mest frá síðustu könnun voru Ram, Volvo og Nissan. Tesla fékk að taka þátt í fyrsta skipti þrátt fyrir að hafa ekki leyft J.D. Power að fá aðgang að neytendamálum í öllum fylkjum Bandaríkjanna. Fékk Tesla alls 242 stig og var frekar neðarlega á lista og talsvert fyrir neðan meðallag framleiðenda, sem er 186 stig. ■

Tegund	Stig
Lexus	133
Genesis	144
Kia	152
Buick	159
Chevrolet	162
Mitsubishi	167
Toyota	168
Hyundai	170
Mini	170
Nissan	170
Dodge	172
Cadillac	173
Mazda	174
GMC	175
BMW	184
Meðaltal	186

Tegund	Stig
Ram	189
Jeep	196
Honda	205
Infiniti	205
Porsche	208
Acura	211
Subaru	214
Volvo	215
Volkswagen	216
Chrysler	226
Jaguar	229
Mercedes-Benz	240
Tesla	242
Ford	249
Audi	252
Lincoln	259
Land Rover	273

Ný njósnamynd af Polestar 4

njall@frettabladid.is

Geely sækir nú í sig veðrið sem aldrei fyrr og von er á fjölda nýrra bíla frá fyrirtækinu. Undirvagnar frá Geely munu verða undir mörgum nýjum bílum frá Volvo, Smart, Zeekr og svo Polestar.

Ef marka má nýjustu njósnamyndir af Polestar 4 rafbílnum má telja líklegt að bíllinn verðir frumsýndur á þessu ári. Eins og nafnið bendir til er þetta fjórði bíll Polestar-merkisins en á markaði eru Polestar 2 og Polestar 3 sem var frumsýndur nýlega. Polestar 4 verður jepplingur í millistærðarflokki sem mun keppa við bíla eins og Tesla Model Y og Mercedes-Benz EQC.

Polestar 4 er fyrsti bíll merkisins til að koma á PMA-undirvagninum, sem er svipaður undirvagn og SEA-undirvagninn frá Geely. Það þýðir að um 800 volta rafkerfi verður að ræða og rafmótora sem geta skilað allt að 637 hestöflum. Myndirnar sýna vel útlit bílsins og eins og sjá má sækir hann mikið af útliti sínu til Polestar 2 og 3. Bíllinn er lægri en Polestar 3 og eins og forstjóri Polestar, Thomas Ingenlath, orðaði það: „faðmar“ hann meira götuna. Þaklínan er með meira kúpulagi en innanrýmið verður ekki langt frá því sem það er í Polestar 3. Loftflæði mun skipta meira máli í Polestar 4 til að auka drægi bílsins. Þess vegna er bíllinn með innfelld hurðarhandföng til að mynda. Ingenlath hefur einnig látið hafa eftir sér að bíllinn myndi byrja í kringum 7 milljónir króna í verði svo að hann verður aðeins dýrari en Polestar 2. ■

Þrátt fyrir mikinn felulit má sjá að framendinn er líkur öðrum Polestar-bílum með litlu grilli neðarlega á bílnum. MYND/AUTOCAR

Hvort að Nissan Max-Out tilraunabíllinn nái í einhverju formi í framleiðslu er engan veginn víst enn þá. MYND/NISSAN

Nissan Max-Out framtíðarsportbíllinn

njall@frettabladid.is

Nissan hefur frumsýnt útlit nýs sportbíls sem kallast Max-Out og mun það nafn vera tilkomið vegna þess að bíllinn á að fullnýta kolefnislausan akstur til hins ýtrasta. Nissan hefur þó ekkert gefið upp um hvað drífur bílinn áfram en líklegast mun það vera fastkjarnarafhlaða.

Hingað til hafa aðeins verið birtar tölvumyndir af bílnum en hér er hann kominn í föstu formi sem tveggja sæta opinn sportbíll. Athygli vekur ljósabúnaður í hjólabúnaði og stórt loftinntakið að framan. Að aftan er stór ljósarönd með Nissan merkingu. Í innréttingu er breiður upplýsingaskjár yfir allt mælaborðið sem getur gert allt frá því að spila tölvuleiki upp í að skrá brautartíma. Bíllinn er með láréttu stýri og engir pedalar eru sjáanlegir, og því má jafnvel búast við að bíllinn hafi einhverja sjálfsaksturseiginleika. ■

Nissan Max-Out framtíðarsportbíllinn er með láréttu stýri og engum pedulum en ekki hefur verið gefið upp af hálfu Nissan hvað drífur bílinn áfram.

Kia Rio smábíllinn verður ekki lengur seldur í Evrópu eftir 2023.

Kia Rio af Evrópukortinu

njall@frettabladid.is

Kia Rio mun fara af Evrópumarkaði áður en árið er úti og án þess að það komi bíll í staðinn fyrir hann. Er Kia Stonic ætlað að fylla upp í þann kaupendahóp sem hann skilur eftir sig.

Kia Rio hefur verið framleiddur í Sohari í Suður-Kóreu og er á sinni fjórðu kynslóð. Alls hafa 148.000 Kia Rio verið afhentir kaupendum sínum frá 2001 þegar hann kom á markað. Sala á bílnum hefur minnkað mikið á undanförnum þremur árum og aðeins seldust 32.506 Kia Rio árið 2022 sem er 9% fækkun frá 2021. Sá bíll sem keppir helst við Kia Rio er Opel Corsa sem seldist í 164.119 eintökum í fyrra. Kia Rio er þannig einn af mörgum smábílum sem hafa fallið fyrir hendi smærri jepplinga frá sama framleiðanda. ■

Í fyrra seldust aðeins 32.506 Kia Rio bílar sem er fækkun um 9% frá 2021.

Sviðslistakonurnar Pálína Jónsdóttir og Ewa Marcinek segja Reykjavík Ensemble vera fyrsta og eina sjálfstætt starfandi heimsleikhúsið á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stofnuðu alþjóðlegan leikhóp yfir kaffibolla

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Ewa Marcinek og Pálína Jónsdóttir byggja verkið Djöfulsins snillingur á sameiginlegri reynslu af því að fara í gegnum umsóknarkerfi sem útlendingur í nýju landi, og skáldskap.

Reykjavík Ensemble er alþjóðlegur leikhópur sem var stofnaður 2019 yfir kaffibolla í Iðnó af Pálínu Jónsdóttur og Ewu Marcinek. Reykjavíkurborg útnefndi Reykjavík Ensemble Listhóp Reykjavíkur árið 2020 og nýlega gerði borgin þriggja ára samstarfssamning við þau.

Pálína: „Þetta er fyrsti langtímasamningurinn sem við fáum til þess að standa undir starfsemi Heimsleikhússins sem er með leikhópinn Reykjavík Ensemble International Theatre Company. Þetta er leikhús sem býr til pláss fyrir allar þjóðir og tungur sem fela í sér mikla hæfileika og á leiksviðinu."

Þær Pálína og Ewa lýsa Reykjavík Ensemble sem fyrsta og eina sjálfstætt starfandi heimsleikhúsinu á Íslandi en helsta markmið þeirra er að búa til virkan atvinnuvettvang innan sviðslista fyrir fjölþjóðlega og íslenska listamenn.

Ewa: „Við byrjuðum með ekkert á milli handanna fyrir rúmum þremur árum. Fyrsti stóri áfanginn kom 2020 þegar við vorum útnefnd Listhópur Reykjavíkurborgar árið 2020 og það hjálpaði okkur mikið eftir að hafa aðeins verið starfandi í nokkra mánuði. Að fá þennan samstarfssamning núna er mikil viðurkenning sem stuðlar að sjálfbærni og stöðugleika okkar."

Eitthvað alveg nýtt

Reykjavík Ensemble hefur hingað til sett upp þrjú sviðsverk frá stofnun 2019, þar á meðal Opening Ceremony og Ísland pólerað, byggt á bók Ewu.

Pálína: „Þetta var eitthvað alveg nýtt sem við komum með inn í íslensku sviðslistasenuna, það er að segja að opna gáttina fyrir erlent sviðslistafólk til faglegrar þátttöku, án þess að tala óaðfinnanlega íslensku. Ísland hefur breyst mjög mikið og nú er hér sest að fjölbreytt sviðslistafólk og listafólk almennt og það var bara klárlega skortur á sýnileika og kynningu á þessu hæfileikafólki og tækifærum fyrir það til að vera í samstarfi við íslenskt sviðslistafólk og koma fyrir sjónir áhorfenda."

> **Þetta var eitthvað alveg nýtt sem við komum með inn í íslensku sviðslistasenuna, það er að segja að opna gáttina fyrir erlent sviðslistafólk.**
>
> Pálína Jónsdóttir

Spurðar um hvað felist í þriggja ára samningnum við Reykjavíkurborg segir Ewa um vera að ræða fjárhagsstyrk til þriggja ára sem styðji að hluta til starfsemi Reykjavík Ensemble.

Ewa: „Að gera leikhús er kostnaðarsamt og við reiðum okkur á styrki til að gera verkefni okkar að veruleika og borga listamönnunum. Okkur tókst að fjármagna þetta fjórða sviðsverk okkar með styrk frá Sviðslistasjóði og listamannalaunum. Það hefur aftur á móti reynst erfitt að fjármagna verkefni okkar einvörðungu á Íslandi og á heildina litið er meirihluti þess fjármagns, sem gerir okkur kleift að viðhalda starfseminni, fenginn úr erlendum sjóðum. Þessi stuðningur frá Reykjavíkurborg er því afar kærkominn."

Stöndum á tímamótum

Ewa Marcinek er pólsk að uppruna en hefur búið á Íslandi í tæpan áratug. Hún er einnig rithöfundur og gaf í fyrra út ljóðabókina Ísland pólerað sem samnefnd leiksýning byggði á og fjallar um upplifun ungrar pólskrar konu af því að flytja til Íslands.

Finnst þér íslenski listheimurinn vera að opnast meira fyrir ólíkum menningarstraumum?

Ewa: „Mér finnst hafa orðið mikil breyting og við stöndum á ákveðnum tímamótum þar sem svo margt er að gerast. Við vitum hvað er að gerast í bókmenntaheiminum en í fyrra voru nokkrar bækur gefnar út eftir rithöfunda af erlendum uppruna.

Við Pálína vorum með eitt fyrsta framtakið til að ná til erlends sviðslistafólks en síðan hafa orðið til fleiri sviðslistahópar á borð við Pólís og R.E.C. Arts og það eru mun fleiri núna sem eru að styðja við jaðarsetta minnihlutahópa sem er frábært."

Manneskja með hæfileika

Nýjasta leikverk Reykjavík Ensemble, Djöfulsins snillingur, verður frumsýnt í Tjarnarbíói í lok mars. Verkið fjallar um Urielu, unga listakonu sem flytur til Íslands og sækist eftir að fara í áheyrnarprufu hjá Þjóðsirkusnum. Í stað þess að komast inn í listaelítuna lendir hún í erfiðri baráttu við kerfið.

Pálína: „Orðatiltækið „djöfulsins snillingur" er bæði húmor og hrós og stundum líka notað í háði, nokkuð sem við segjum stundum hvert við annað þegar eitthvað er sniðuglega leyst, sem vísar í að hafa hæfileika. Manneskja með hæfileika getur líka virst svolítið hættuleg, sérstaklega ef við þekkjum hana ekki, því hún getur afhjúpað okkur og samfélag okkar á nýjan, óvæntan og stundum óþægilegan hátt. Það er einmitt eitt meginhlutverk listarinnar."

Pálína bætir því við að söguþráðurinn byggi á sameiginlegri upplifun meðlima Reykjavík Ensemble af því að fara í gegnum umsóknarkerfi sem útlendingur í nýju landi.

„Ég hef verið innflytjandi í Bandaríkjunum og þau sem vinna með mér hér hafa reynslu af samskiptum sínum við Útlendingastofnun – stofnun sem er í kastljósinu um þessar mundir. Við erum að spyrða saman bæði það að vera útlendingur en líka í ofanálag það að vera listamaður. Það er svona tvöföld áskorun, tvöfalt drama," segir hún.

Kafkaísk svört kómedía

Ewa, er þetta eitthvað sem þú hefur upplifað sjálf hér á Íslandi?

Ewa: „Klárlega. Þetta hefur verið langt ferðalag og margt ótrúlegt sem gerðist á leiðinni. Eins og þegar ég hitti Pálínu í kaffi árið 2019 og sama daginn stofnuðum við leikfélag. Ég hef verið mjög heppin og það sem við erum líka að reyna að gera með þessu leikfélagi er að búa til vettvang til að gefa öðrum tækifæri og líka að sviðsetja okkar sögur svo aðrir innflytjendur geti komið á sýningar og fyllst innblæstri."

Verkinu Djöfulsins snillingur er lýst sem svartri kómedíu og sækir verkið innblástur til Gleðileiksins guðdómlega eftir Dante og Gestaboðs Babettu eftir Karen Blixen.



Djöfulsins snillingur verður frumsýnt í Tjarnarbíói í lok mars.
MYND/AÐSEND

Pálína: „Við sameinuðumst í gegnum þá hugmynd að skrifa kafkaíska svarta kómedíu út frá sjónarhorni manneskju sem mætir fáránlegum aðstæðum. Söguhetjan kemur hingað með þá köllun að starfa sem listamaður og er með nokkuð skýra mynd af því hvað hún vill leggja af mörkum í þessu landi en upplifir það að flækjast í geðþóttafullu, vélrænu sjálfsafgreiðslukerfi valdsins sem metur hvort hún er þess verðug að hljóta landvistar- og atvinnuleyfi."

Fimm þjóðerni

Stór alþjóðlegur hópur listamanna tekur þátt í verkinu. Pálína leikstýrir en þær Ewa skrifuðu handritið saman. Þá semur hinn þekkti ástralsk-íslenski tónlistarmaður Ben Frost tónlist og hljóðverk.

Pálína: „Aðalleikkonan okkar heitir Jördis Richter og kemur frá Þýskalandi, svo erum við með einn leikara frá Írlandi sem heitir Paul Gibson, írsk-enska leikkonu sem heitir Heidi Bowes, íslenskan leikara sem heitir Snorri Engilbertsson og spánskan leikara sem heitir Jordic Mist. Leikritið fer fram á nokkrum tungumálum, er fyrst og fremst borið upp á enskri tungu en líka íslenskri og þýskri." ■

Óður til móður og líkama hennar

DANS

Hringrás
Íslenski dansflokkurinn
Höfundur og dansari: Þyrí Huld Árnadóttir
Tónskáld: Urður Hákonardóttir
Búninga- og leikmyndahönnun: Júlíanna Lára Steingrímsdóttir
Myndbandsinnsetning: Saga Sigurðardóttir

Sesselja G. Magnúsdóttir

Í Hringrás fá áhorfendur að sjá hrífandi myndbandsinnsetningu af líkama Þyríar Huldar á meðgöngu á meðan hún dansar sjálf á sviðinu. MYND/SAGA SIG

Í dansverkinu Hringrás sem frumsýnt var á Litla sviði Borgarleikhússins 3. febrúar 2023 skoðar Þyrí Huld Árnadóttir hvað gerist við líkama kvenna við meðgöngu og fæðingu. Í verkinu fá áhorfendur að sjá hrífandi myndbandsinnsetningu af líkama hennar á meðgöngunni og með börnunum sínum eftir fæðingu en hún dansar sjálf á sviðinu, aftur komin í sitt fyrra form sem dansari. Hugmyndina að verkinu má rekja allt að tvö ár aftur í tímann þegar Þyrí, þá komin nálægt 30 vikur á leið með sitt annað barn, gerði stutt myndbandsverk ásamt Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara þar sem líkami hennar og hreyfingar voru í fyrirrúmi. Þær héldu síðan áfram að safna myndefni alveg þar til hún var komin á steypirinn og eftir fæðinguna, þá líka með henni og börnunum tveimur.

Eigin líkami, eigin hreyfingar

Verkið Hringrás er óður til kvenlíkamans og hvernig hann aðlagast og bregst við því að bera barn en ekki síður þá áskorun sem konur standa frammi fyrir þegar líkami þeirra breytist í það að vera hýsill fyrir annan einstakling en ekki þær sjálfar. Þyrí sem hefur einstakt vald á líkama sínum sem skilar sér í áhugaverðum og persónulegum dansstíl leyfir styrkleikum sínum sem dansara að njóta sín og hæfir hreyfiforði hennar sérlega vel viðfangsefni verksins.

Það var á millistríðsárunum að nýr stíll í dansi tók að þróast bæði í Bandaríkjunum og Þýskalandi,

> Verkið Hringrás er óður til kvenlíkamans og hvernig hann aðlagast og bregst við því að bera barn.

dansstíll sem seinna var kallaður módern dans. Hann lagði áherslu á að hver dansari yrði að vinna með „eigin líkama og eigin hreyfingar“ í danssköpun sinni og sækja þær hreyfingar hið innra. Tjáningin var grundvallaratriði og markmið sýninga var að hreyfa við áhorfendum. Þessi þá nýja nálgun var sett fram sem gagnrýni á ballettinn sem byggði á „skilgreindum líkamsímyndum og skilgreindum sporum“ og hafði að markmiði að heilla áhorfandann með ofurtækni og mikilfenglegri umgjörð. Nú skyldi dansinn takast á við málefni líðandi stundar og sammannleg viðfangsefni í stað þess að setja ævintýri til afþreyingu á svið. Ævintýraprinsessur og dísir voru ekki lengur túlkaðar á sviðinu heldur raunverulegar konur og viðfangsefni þeirra. En áfram voru það þó aðeins ungir vel þjálfaðir dansarar sem dönsuðu á sviðinu.

Falleg og djörf ákvörðun

Það er ekki langt síðan ófrískar konur huldu ástand sitt. Útþaninn kviður og þrútin brjóst þóttu ekki aðlaðandi hvað þá á sviði. Ákvörðun Þyríar að setja kvenlíkamann í sinni viðkvæmustu mynd á svið er falleg og djörf. Þungaður líkami hennar birtist reyndar í mynd en ekki í raunheimum en sú staðreynd að þungun er ástand sem hefur sinn tíma og ekki er hægt að stöðva gerir annað erfitt viðureignar. Umgjörð verksins, búningur úr fínlegu efni í húðlit og myndbandsinnsetningin með nánast nakinn líkamann, form hans og mýkt hæfði efninu líka vel. Það er ekki síður fallegt hvernig hún hyllir móðurina sem eins og Fönix rís aftur upp eftir barnsburð og verður jafnvel enn sterkari en áður.

Það er enn viðkvæmt fyrir marga að gefa sviðið þeim sem ekki passa inn í hefðbundna ímynd dansarans þó að innan dansheimsins hér á landi hafi á undanförnum árum verið unnið að því að skilgreina og þróa upp á nýtt hverjir hafa rödd og líkama til að tjá sig í hreyfingu á sviði danslistarinnar. Verkið Hringrás er áhugavert innlegg í þessa umræðu sem er aðeins rétt að byrja.

Fall er fararheill

Frumsýning verksins gekk þó ekki vandræðalaust fyrir sig því í tvígang varð að stöðva sýninguna vegna þess að tæknin virkaði ekki, eitthvað sem á ekki að gerast í stóru atvinnuleikhúsi. Í fyrra skiptið hafði Þyrí dansað nokkra stund áður en hún stoppaði og tekið var um 10 mínútna hlé vegna þess að tónlistin lét á sér standa. Hreyfingarnar virkuðu algjörlega einar og sér þó að heildarupplifunin yrði enn sterkari þegar tónlist Urðar Hákonardóttir var einnig til staðar og flæddi ljúflega með. Seinna skiptið sem varð aðeins augnabliks hlé gáfu áhorfendur sitt í að skapa stemmingu í salnum með Þyrí en þar kom ekki síður vel í ljós hvað hún er sterkur flytjandi að geta dottið inn og út úr dansinum án sýnilegra vandkvæða. ■

NIÐURSTAÐA: Hringrás er heillandi verk um undur kvenlíkamans og það magnaða ferli að verða móðir. Allt yfirbragð verksins er látlaust en á sama tíma sterkt.

Valdið og þráin

LEIKHÚS

Venus í feldi
eftir David Ives
Tjarnarbíó í samvinnu við Edda Production
Leikarar: Sara Dögg Ásgeirsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson
Þýðing: Stefán Már Magnússon
Leikstjórn: Edda Björg Eyjólfsdóttir
Leikmynd: Brynja Björnsdóttir
Búningar: María Ólafsdóttir
Tónlist og hljóðmynd: Halldór Eldjárn
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson og Jóhann Friðrik Ágústsson
Aðstoð við danshreyfingar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Dramatúrg og aðstoð við leikstjórn: Hafliði Arngrímsson

Sigríður Jónsdóttir

Sveinn Ólafur og Sara Dögg halda áhorfendum á tánum en ná ekki saman þannig að smellur í. MYND/AÐSEND

> Venus í feldi var frumsýnt í Tjarnarbíó í janúarlok og verður að teljast hvalreki fyrir íslenskt leikhús.

Við erum stödd í leikhúsi. Prufur standa yfir en ganga ekki vel. Tómas, leikskáld og leikstjóri, er á leiðinni heim í rigningunni. Allt í einu birtist leikkona eins og elding inni í leikhúsinu. Hún heitir Vanda, alveg eins og aðalpersónan í nýja leikritinu, aðlögun á skáldsögunni Venus í feldi eftir Leopold von Sacher-Masoch en hugtakið masókismi dregur nafn sitt frá honum.

Hvalreki fyrir leikhúsið

Venus í feldi var frumsýnt í Tjarnarbíó í janúarlok og verður að teljast hvalreki fyrir íslenskt leikhús. Leikrit David Ives hafa örsjaldan ratað á leiksvið landsins, sem er synd því verk hans eru iðulega forvitnileg, fyndin og skarplega ígrunduð. Þar má sérstaklega benda á All in the Timing, safn örleikrita sem komu honum á kortið. Draga má þó í efa skynsemi hans að selja kvikmyndaréttinn af Venus í feldi til leikstjórans Romans Polanski. Í verkinu leikur hann sér að leikhúsforminu, frásagnarhefðum og regluverki samfélagsins. Raunveruleiki og fantasía blandast saman, persónur skipta stöðugt um ham og áhorfendur vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

Karl og kona. Leikstjóri og leikkona. Tómas og Vanda. Severin og Vanda. Sveinn Ólafur og Sara Dögg. Þrátt fyrir að persónur verksins séu einungis tvær eru mögulegar samsetningar nánast óteljandi. Mikið mæðir á leikurunum tveimur sem þurfa að feta mjög flókinn stíg á milli heima og tilfinninga. Framvindan er reglulega brotin upp af karakterunum, sem togast á um völd og samfélagslega stöðu. Sveinn Ólafur og Sara Dögg halda áhorfendum á tánum, lifandi í túlkun sinni en ná ekki saman þannig að smellur í.

Köld upplifun

Listræna teymið vinnur lipurt saman til að styðja við textann og þá er kannski markverðust sú ákvörðun að staðsetja áhorfendur á sviðinu sjálfu þannig að horft er út í sal. Áhorfendur eru dregnir inn í leikrænu fantasíuna en alltaf meðvituð um að vera í leikhúsi. Leikstjórinn Edda Björg Eyjólfsdóttir hefur ágætis tök á textanum og skilar verkinu vel upp á leiksvið en kryddið vantar, x-ið í Madame X og yfirnáttúrulegu tengslin. Mögulega má skrifa þessa fjarlægð að einhverju leyti á Ives, hann er ætíð ofurmeðvitaður um form og bókmenntafræðilegt innihald frekar en að skrifa um persónur af holdi og blóði.

Sýningatími er knappur og eru áhorfendur hvattir til að kaupa miða. Það er ekki á hverjum degi sem að sjálfstæða senan býður upp á fersk erlend leikrit, eitthvað sem fleiri mættu huga að. Hver hefur að lokum valdið? Sá sem kýs refsingu eða sá sem refsar? Hvernig stjórna áföll fortíðarinnar ákvörðunum framtíðar? Venus í feldi fjallar um allt þetta og meira. En þrátt fyrir eldheit efnistök er Venus í feldi fremur köld upplifun, handverkið er of sýnilegt á kostnað persónulegrar tengingar. ■

NIÐURSTAÐA: Laglega framkvæmd og spennandi sýning sem skortir ástríðu.

Öll uppáhalds lögin þín eru eftir Burt Bacharach

„Burt Bacharach er búinn að semja öll uppáhalds lögin þín og þú hefur ekki hugmynd um það," segir Páll Óskar sem að öllum ólöstuðum hlýtur að mega teljast ákafasti og einlægasti aðdáandi meistara popp-melódíu 20. aldarinnar sem lést í vikunni.

odduraevar@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

> Ég setti nálina aftur og aftur og aftur á þetta sama lag. Ég fríkaði út, ég var orðinn húkkt. Þetta fólk var búið að ná mér.

Burt Bacharach var löngu orðinn goðsögn í lifanda lífi og lögin hans munu tryggja að svo verði áfram um aldir alda. Amen. Enda var maðurinn algert færiband sem dældi út melódískum smellum af fádæma öryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bandaríska tónskáldið Burt Bacharach var 94 ára þegar hann lést á miðvikudaginn en engin hætta er á öðru en að minning hans muni lifa um ókomna tíð í þeirri löngu halarófu sígildra laga sem hann skilur eftir sig en 73 þeirra náðu inn á á topp 40 í Bandaríkjunum og 52 í Bretlandi.

„Þeir sem þekkja til og hafa stúderað þetta vita alveg að við getum talað um stóru B-in þrjú; Bítlana, Beach Boys og Burt Bacharach," segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson sem er sjálfsagt ákafasti aðdáandi Bacharachs á landi hér og þótt víðar væri leitað.

„Þetta fólk samdi, bjó til, gaf út og markaðssetti popptónlist eins og við hreinlega þekkjum hana í dag. Þetta var fólkið sem bjó til „blueprintið" að poppi og bara kenndi okkur hinum hvernig á að gera þetta."

Heilaga þríeykið

Bacharach vann sex sinnum til Grammy-verðlauna og hampaði auk þess þremur Óskurum fyrir besta kvikmyndalagið en ferill hans tók flugið fyrir alvöru 1957 þegar leiðir hans og textaskáldsins Hal Davids lágu saman í New York. Þegar söngkonan Dionne Warwick kom síðan til sögunnar og gaf tónsmíðum þeirra vængi fór þríeykið beinlínis með himinskautum.

„Þetta er uppáhalds lagahöfundurinn minn í lífinu. Það kemur enginn annar lagahöfundur í staðinn fyrir hann og það er enginn textahöfundur að fara að koma í staðinn fyrir Hal David, félaga hans. Hal er líka farinn þannig að núna er Dionne Warwick ein eftir af þessu heilaga þríeyki sem vann svona gríðarlega mikla vinnu, sérstaklega á árunum 1960 til 1970."

Walk on By

Flest þau sem komin eru til einhvers vits og ára eiga líklega sitt uppáhalds Bacharach-lag og þótt af nógu sé að taka vefst sú spurning ekki fyrir Palla.

„Já. Walk on By stendur upp úr, einfaldlega vegna þess að þegar ég heyrði Dionne Warwick fyrst syngja þetta af vínylplötu gerist eitthvað innra með mér," segir Palli og hverfur á vit ljúfrar minningar.

„Árið var 1989 og var klukkan fjögur að morgni á bjartri nóttu í júní þegar ég lá á stofugólfinu heima hjá mér, nýbúinn að kaupa Dionne Warwick Greatest Hits. Ég vissi ekkert hvað ég var að kaupa. Ég var bara forvitinn.

Walk on By var lag númer fjögur og þarna gerist eitthvað innra með mér. Ég setti nálina aftur og aftur og aftur á þetta sama lag. Ég fríkaði út, ég var orðinn húkkt. Þetta fólk var búið að ná mér og ég er búinn að vera í liði með því síðan."

Palli bætir við að taka þurfi skýrt fram að Dionne Warwick, sem er frænka Whitney Houston, sé hirðsöngkona Burt og Hals. „Í rauninni eru lögin oftar en ekki samin beint ofan í hana, eða þá að það er Dionne sem tekur upp bestu útgáfuna af hverju lagi fyrir sig."

Óhræddar frænkur

Palli minnir síðan á að það hafi tekið Bacharach mörg ár að hefja sig til flugs og það sé ekki á allra vitorði að hann var búinn að ströggla í áratug áður en hann fann Warwick.

„Ég er búinn að stúdera þennan katalóg hjá honum og hvað var í gangi þarna þessi tíu ár á undan. Þar kennir ýmissa grasa og hann gafst ekki upp. Hann er á hverjum einasta degi við píanóið að semja og reyna að koma lögunum út."

Palli segir alls konar söngvara hafa sungið alls konar lög eftir hann á þessum árum. Jafnvel lög sem pössuðu þeim ekki beinlínis. „En svo mætir Dionne Warwick svona rosalega músíkölsk og það var eins og hún gæfi lögunum líf," segir Palli og bendir á að Dionne hafi, rétt eins og Whitney frænka hennar síðar, gefið lögum líf með góðu valdi á söngrödd sinni.

„Þótt lagasmíðarnar væru flóknar þá var Dionne aldrei hrædd við þessi lög. Alveg eins og Whitney. Hún var aldrei hrædd við lögin, það voru lögin sem voru hrædd við hana.

Báðar sungu þær lögin aldrei eins og gátu alltaf fundið einhverja nýja fleti á þessu þannig að það varð alltaf nýtt og nýtt listaverk til í hvert sinn sem lagið var flutt. Og þetta elskaði Burt."

Dionne Warwick og Burt Bacharach alveg upp á sitt besta í gúddí fílíng í hljóðveri í London í nóvember 1964. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LagahöfundurINN

Palli telur í þessu sambandi einnig rétt að minna á að Bacharach hafi verið ofvirkur og haldinn fullkomnunaráráttu. „Hann svaf bara í fjóra tíma á dag.

En það er líka ástæðan fyrir því að hann kemur þetta mörgum lögum inn á topp 100 listann á þessu brjálaða tíu ára tímabili sem klárast sirka 1972. Ég held að Burt Bacharach sé lagahöfundurINN, sem átti metið í „chart entries", hvernig svo sem maður segir það á íslensku."

Palli segist telja sænska lagahöfundinn Max Martin vera búinn að slá metið en hann hafi byrjað að saxa á Bacharach þegar hann byrjaði að vinna með Britney Spears. „ Og Backstreet Boys og öllu þessu. Núna er Max Martin búinn að semja lög fyrir gjörsamlega alla í heiminum, en Burt var eins og Max Martin og allir söngvarar biðu í biðröð eftir lögunum hans og rifust um að fá að syngja þau."

Tékkið á Dionne Warwick

Palli hvetur áhugasöm til þess að fara á Spotify og sökkva sér ofan í tónsmíðar Bacharachs og passa að slá nafn Dionne Warwick rétt í leitargluggann. „Tékkið á Dionne Warwick, tékkið á Dusty Springfield, tékkið á Carpenters, tékkið á Elvis Costello og tékkið svo líka á honum sjálfum.

Hann tók nefnilega upp oftar en ekki „instrumental" útgáfur af öllum sínum lögum sjálfur, í eigin nafni, í eigin mætti og það er svo eins og við manninn mælt að hans útsetningar, hans upptökur og hans „pródúksjón" voru alltaf bestar og flottastar.

Margir hafa reynt en það toppar enginn þennan töffara. Þetta er svo brjálæðislega mikið og fólk kveikir ekki á því. Þetta er samtímamaður Bítlanna og Bítlarnir litu upp til hans.

Þú getur í rauninni sagt að Burt Bacharach sé búinn að semja öll uppáhalds lögin þín og þú hefur ekki hugmynd um það," segir Palli og bætir við, áður en hann brestur í söng, að fólk átti sig ekki á þessu fyrr en hann byrji að syngja fyrir það: „The moment I wake up. Before I put on my makeup ... dadadadada." ■

Burt og Hal með Óskarana fyrir Raindrops Keep Falling on my Head. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> The moment I wake up. Before I put on my makeup ... dadada-dada.

Páll Óskar er einn dyggasti aðdáandi Burts Bacharachs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

CINTAMANI

OUTLET SPRENGJA

40-70% afsláttur

+ 20% auka!

með kóðanum outlet

Hvenær:
Byrjar 9.feb

Hvar:
Austurhrauni 3

Opið:
Frá 10 til 18 virka daga
10 til 16 laugardaga &
12-16 sunnudaga

FRÉTTIR VIKUNNAR

Innheimtuofsi, óvissa og óveður

Sanna Magdalena Mörtudóttir

„Líkt og þruma úr heiðskíru lofti birtist ofsi smálánafyrirtækis sem ákveður að tæma bankareikning einstæðrar móður og svipta hana þar með afkomuöryggi. Óveður og óstöðugleiki einkenndu fréttir vikunnar," segir Sanna Magdalena, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins.

„Ekki aðeins í náttúrunni sjálfri, heldur einnig í lífi verka- og láglaunafólks sem leitast við að bægja ófriðarstorminum frá sér. Storminum sem kippir reglulega fótunum undan þeim sem er gert að lifa af launum sem duga ekki út mánuðinn.

Óstöðugleikinn sem láglaunastefnan veldur er augljós en ekki allir sem hlusta á neyðarópin. Þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir um að ófært sé að komast í gegnum lífið á krónum sem aldrei duga til að lifa sómasamlegu lífi alla 30 daga – stundum 31 – mánaðarins er ábyrgðinni skellt á herðar láglaunafólks.

> Ofsi smálánafyrirtækis sem ákveður að tæma bankareikning einstæðrar móður birtist.

Því er gert að leita að peningi sem er ekki til staðar við fjármögnun á dýrri matarkörfu á meðan að eigendur matvælakeðjanna fara hlæjandi í bankann að leysa út hagnaðinn. Fyrir suma er eins og lífið sé auðveld ganga á upphituðum stíg, á meðan aðrir þurfa að klífa snjóskafla á 360 metra fresti og eiga í engin skjól að venda að þrautagöngunni lokinni." ■

Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins.

4·3·3.is

433.is
MÁNUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna.

HRINGBRAUT

Sálfræðinemi syngur um meðvirkni í laginu Sober

Þegar sálfræðineminn María Agnesardóttir fór að spá í framtíðina að námi loknu fríkaði hún aðeins út og ákvað að nú væri rétti tíminn til að hefja langþráðan tónlistarferil sem hún og gerði með laginu Sober sem er komið á Spotify.

toti@frettabladid.is

„Þetta er bara fyrsta lagið mitt og meira á leiðinni," segir María Agnesardóttir, forseti Anima, félags grunnnema í sálfræði, um lagið sitt Sober sem er komið út á Spotify undir listamannsnafninu MAIAA.

„Lagið er bara um einhvern nákominn manni sem á við einhvers konar fíknivanda að stríða," segir María um lagið og textann og ljóðmælandann sem í meðvirkni sinni verður fyrir endalausum vonbrigðum með fíkilinn.

„Maður trúir einstaklingnum en svo fellur hann alltaf aftur og getur aldrei staðið við loforðin um að halda sér edrú."

María segist hafa verið sísyngjandi allt sitt líf og hermt er að hún hafi byrjað að syngja áður en hún byrjaði að tala. „En mér hefur alltaf fundist leiðinlegt að læra söng og tónlist og mig hefur aldrei langað að breyta áhugamálinu í einhverja vinnu," segir hún og hlær.

„Þegar ég var í söngtímum voru oft einhverjir sem vildu breyta eiginleikum raddar minnar og ég hafði bara engan áhuga á því," segir Mæja eins og hún er kölluð.

MAIAA syngur

„Ég er alltaf kölluð Mæja en æ-ið er svolítið erfitt þar sem mig langar að reyna fyrir mér í tónlistinni víðar en bara á Íslandi," segir hún um MAIAA sem varð ofan á eftir að hún áttaði sig á að enginn hörgull er á Majum, með joði, í tónlistarbransanum.

„Þannig að ég ákvað bara að heita MAIAA og þar sem ég er Agnesardóttir passar alveg að hafa a-in tvö," segir Mæja en hugur hennar hafði lengi staðið til þess að hasla sér völl í tónlistinni og þar sem hún er að klára BS-gráðu í sálfræði ákvað hún að marka sér framtíðarstefnu, láta slag standa og gefa MAIAA lausan tauminn.

Fríkaði aðeins út

„Ég var byrjuð að hugsa út í framtíðina og hvað ég ætlaði að gera og var aðeins að fríka út yfir þessu þangað til ég áttaði mig á að ef ég ætlaði mér einhvern tímann að gera tónlist þá yrði ég að gera það núna. Annars myndi ég aldrei gera það."

María segir að svo heppilega hafi viljað til að eftir nokkra leit að pródúser hafi hún fundið Baldvin Hlynsson sem hafi litist vel á frumraunina Sober og þau séu byrjuð að vinna og semja saman.

„Það er eitt annað lag tilbúið, fyrir utan Sober, og við erum bara að semja á fullu og þegar ég er komin með fleiri lög ákveð ég hvort ég gefi út annan „síngúl" eða hvort ég eigi bara strax að henda mér út í EP-plötu."

Í góðu jafnvægi

María segir sér hafa gengið vel að sameina námið og tónlistina þótt henni finnist óneitanlega ekkert skemmtilegra en að vera í hljóðveri. „Leiðinlegi hlutinn er að markaðssetja og reyna að koma sér á framfæri en það skilar mér því að ég get farið í stúdíóið. Þetta er allavegana ódýrara en sálfræðitími," bætir hún við og veit vitaskuld hvað hún syngur.

„Síðan er ég líka forseti nemendafélagsins í sálfræði þannig að það er nóg að gera í félagslífinu en ég myndi segja að þetta sé alveg gott jafnvægi í þessu hjá mér." ■

> Ég áttaði mig á að ef ég ætlaði mér einhvern tímann að gera tónlist þá yrði ég að gera það núna.
>
> María Agnesardóttir

MYND/ADSEND

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 11.–12. febrúar

Stutt lambalæri

1.599 kr/kg

~~2.499 kr/kg~~

Perur

349 kr/kg

~~499 kr/kg~~

Baunasúpa með saltkjöti, 1l

1.327 kr/pk

~~1.659 kr/pk~~

Hafrabrauð 687 g

410 kr/stk

~~819 kr/stk~~

Lítil grísarif í BBQ-sósu

2.429 kr/kg

~~3.239 kr/kg~~

Apptilboð - afsláttur í formi inneignar



Nauta ribeye-steik

Kalkúnaleggir, lausfrystir

Ferskur grísabógur

Safnaðu inneign og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa-appinu

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

BLÁR BOSCH KLÁR Í SLAGINN

Landsins mesta úrval af Bláum Bosch fæst í verslunum BYKO

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

DREYMIR ÞIG UM CLT SUMARHÚS?

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af CLT húsum hönnuð og teiknuð af Andersen & Sigurdsson arkitektum. Efnið í CLT-einingunum er umhverfisvænt og bindur kolefni sem skiptir miklu máli núna þegar við erum sífellt að leita að umhverfisvænni kostum í allri byggingagerð. Finnum út úr þessu saman.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Bosch verkfærasett sem inniheldur tvær kröftugar borvélar, hersluvél og höggborvél úr 18V línu Bosch. Tvær 4.0Ah rafhlöður , L-boxx taska og hleðslutæki fylgja með.

NÚNA -30%
73.497
~~104.995~~

748741554

-20%
AF VÖLDUM WOODMOOD KLÆÐNINGUM

Bosch sett með fimm öflugum 18V verkfærum, borvél, hjólsög, stingsög, slípirokkur og sverðsög. Ásamt fylgir með í settinu þrjú batterí (4.0Ah), taska og hleðslustöð.

NÚNA -30%
160.997
~~229.995~~

STUNDUM ER BETRA AÐ LEIGJA

Vinnulyftur í miklu úrvali fyrir öll verk fást í útleigu hjá BYKO LEIGU

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Sparaðu tíma og gerðu einfaldari innkaup á netto.is
netto

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar

Málþóf

Ég hef aldrei borið mikla virðingu fyrir Alþingi Íslendinga enda fylgst lengi með störfum þess. Einu sinni var ég reyndar í framboði til þings en náði ekki langt sem betur fer.

Brennu Njáls saga er kennslubók í lögum og lagaflækjum. Í stærstu deilumálum sögunnar söfnuðu andstæðar fylkingar liði lögmanna sem barðist með lagakrókum. Fræg eru viðskipti þingmanna í eftirmálum brunans að Bergþórshvoli.

Þórhallur Ásgrímsson hrl. (nemandi Njáls) fylgdist grannt með útúrsnúningum og óheiðarleika lögspekinganna í því máli. Hann var ekki fótafær sakir ígerðar og veikinda. Þegar lögmannabullið náði hámarki spratt hann upp og stakk á ígerðinni og varð alheill. Hann hraðaði sér á þingstaðinn og batt enda á þvæluna með röggsemi og ákveðni.

Síðustu viku hefur ríkt upplausnarástand á Alþingi við Austurvöll. Nokkrir þingmenn, uppfullir af eigin mikilvægi, hafa haldið uppi málþófi með endalausu ræðuhaldi. Hver mannvitsbrekkan á fætur annarri hefur haldið yfir 100 (!!) ræður. Aðrir þingmenn hafa sýnt þessu fjasi lítinn áhuga og ekki mætt á þingfundi. Þetta fólk er þó á ágætum launum frá almenningi í þessu leikhúsi fáránleikans. Á sama tíma og samfélagið ólgar af verkföllum og málaferlum og vaxtahækkunum rífast raunveruleikafirrtir þingmenn við sjálfa sig.

Enginn Þórhallur Ásgrímsson er í sjónmáli til að stöðva þessa endaleysu. Egill afi minn hefði kastað silfri yfir þingheim til að sjá þennan hégómlega hóp fara að slást. Hefðu kosningarnar 1987 farið öðru vísi hefði ég kannski orðið þessi maður sem bjargaði þinginu úr tröllahöndum. Maður á mínum aldri má láta sig dreyma. ■

Sparaðu tímann og gerðu einfaldari innkaup á netto.is
netto

Markaðstorg til sunnudags
Komdu og upplifðu sannkallaða markaðsstemningu á sjálfsafgreiðslulagernum þar sem þú getur gert frábær kaup á fjölbreyttu úrvali af smávörum og húsgögnum!
© Inter IKEA Systems B.V. 2023
Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is
IKEA